FRÉTTABLAÐIÐ

241. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 16. OKTÓBER 2019



Skoppa og Skrítla snúa aftur á leiksviðið á sunnudag þegar sýning þeirra, Skoppa og Skrítla – brot af því besta, verður frumsýnd á Eldborgarsviðinu í Hörpu. Æfingar hafa staðið yfir síðan í ágúst og var generalprufa í gær þar sem kátínan var við völd. Nokkur fjöldi barna er í sýningunni og þurftu þau frí úr skóla til að sinna leikhúsinu. Með helstu hlutverk fara Linda Ásgeirsdóttir, Hrefna Hallgrímsdóttir, Viktor Már Bjarnason og Vigdís Gunnarsdóttir. Þórhallur Sigurðsson er leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

## Leggja PCC ekki til aukið fé

**VIÐSKIPTI** Íslenskir lífeyrissjóðir hyggjast ekki leggja kísilverinu PCC til nýtt fjármagn í bili en áætlanir hafa gert ráð fyrir að kísilverið þurfi mögulega að fá innspýtingu að fjárhæð um 5 milljarðar svo tryggja megi rekstrargrundvöll þess.

Boðað hefur verið til fundar hjá hluthöfum samlagshlutafélagsins Bakkastakks, sem er í eigu lífeyrissjóða og Íslandsbanka og fer með 13,5 prósenta hlut í PCC, í næstu viku. Samkvæmt heimildum Markaðarins vilja sjóðirnir að verksmiðjan nái fyrst stöðugum og fullum afköstum samfellt í nokkra mánuði, auk þess að sjá hvort viðsnúningur verði í kísilverði á næstunni, áður en þeir skuldbinda sig til að leggja fyrirtækinu til aukið fjármagn. **– hae /** **sjá Markaðinn**

# Samfylkingin stóreykur fylgið

**Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur í nýrri skoðanakönnun Zenter rannsókna fyrir Fréttablaðið og Samfylkingin fylgir nú þar fast á eftir sem næst fylgismesti flokkurinn eftir fimm prósentustiga stökk.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta er náttúrulega bara mjög gott veganesti inn í flokksstjórnarfundinn sem við munum halda um helgina og vísbending um að kannski vilji fólk fara að sjá djarfari og víðsýnni ríkisstjórn sem þorir að takast á við áskoranir framtíðar.

Samfylkingin er tilbúin til þess að leiða saman umbótaöflin til að svo megi verða,“ segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, um niðurstöður nýrrar könnunar á fylgi flokkanna.

Samkvæmt könnuninni sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og fréttablaðið.is munar aðeins um einu prósentustigi á fylgi Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn stærstur með 19,6 prósent en Samfylkingin er með 18,5 prósent.

Samfylkingin bætir tæpum fimm prósentustigum við sig frá síðustu könnun sem gerð var í september en flokkurinn fékk rúm 12 prósent í kosningunum 2017.

Fylgi annarra flokka breytist minna en fjórir flokkar koma í hnapp á eftir Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni.

> Vísbending um að kannski vilji fólk fara að sjá djarfari og víðsýnni ríkisstjórn sem þorir að takast á við áskoranir framtíðar.
>
> Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar



Vinstri græn, Miðflokkurinn, Viðreisn og Píratar mælast með á bilinu 10,9 til 12,7 prósent. Framsóknarflokkurinn fengi rúm sjö prósent samkvæmt könnuninni og Flokkur fólksins fjögur prósent.

Ríkisstjórnarflokkarnir þrír mælast nú samtals með innan við 40 prósenta fylgi.

Tveir flokkar skera sig úr er svör eru greind eftir kyni. Vinstri græn njóta stuðnings 20,9 prósenta kvenna en 6,1 prósents karla. Hjá Miðflokknum snýst dæmið við, 15,6 prósent karla styðja flokkinn en 6,7 prósent kvenna. **– sar /** **sjá síðu 4**

Fræðsla Íslandsbanka

Svona eignast þú íbúð

17. október 17:30–18:30 Norðurturn



islandsbanki.is/vidburdir

## Veður




Austan 8-15 m/s í dag, en 15-23 SA-lands. Þurrt að kalla, en rigning með köflum A-til. Hiti 4 til 12 stig að deginum, mildast S-lands, en kólnar N- og A-til seinnipartinn.

SJÁ SÍÐU 16



**Mette Fredriksen forsætisráðherra Danmerkur.** NORDICPHOTOS/AFP

# Svipta ISIS-liða ríkisborgararétti

**DANMÖRK** Mette Fredriksen, forsætisráðherra Dana, lýsti því yfir á mánudag að íslamistar með tvöfalt ríkisfang yrðu sviptir því danska. Ástæðan er innrás Tyrkja í Kúrdahéröð Sýrlands og hættan á því að þúsundir ISIS-liða sleppi úr haldi.

„Þetta fólk sneri bakinu við Danmörku og notaði ofbeldi til þess að berjast gegn lýðræði og frelsi. Þau ógna öryggi okkar. Þau eru óæskileg í Danmörku," sagði Fredriksen.

Frumvarp þessa efnis kemur frá Sósíaldemókrataflokknum sem leiðir ríkisstjórnina, en það nýtur jafnframt stuðnings flestra flokka á danska þinginu. Talið er að það gæti orðið að lögum á nokkrum vikum.

Samkvæmt dómsmálaráðuneytinu er vitað um 36 Dani sem hafa haldið til Miðausturlanda til að berjast með hryðjuverkasamtökum. Tólf þeirra eru í varðhaldi. – khg

# Skilti samþykkt

**REYKJAVÍK** Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heildarúttekt á umferðarmerkingum var samþykkt í borgarstjórn í gær.

Tillagan snýr að því að Reykjavík verði leiðandi í aðlögun umferðarmerkinga og aðlagi þær sjálfkeyrandi bílum og tækninýjungum.

Felur þetta í sér heildarúttekt umferðarmerkinga samhliða endurskoðun reglugerðar ríkisins. – bdj

## Stórleikur á Kópavogsvelli



Kraftur var í leikmönnum meistaraflokks Breiðabliks á æfingu liðsins í gær þrátt fyrir leiðindaveður. Mikið liggur undir hjá Breiðabliki sem mætir franska stórliðinu PSG í sextán liða úrslitum Meistaradeildar kvenna í knattspyrnu á Kópavogsvelli klukkan 18.30 í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Erfðabreyttar bankarottur á leið til Íslands

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirtækið ArcticLAS ehf. fékk á dögunum leyfi frá Umhverfisstofnun til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum rottum.

Um hvítar brúnrottur er að ræða. Heimild er til þess að flytja inn og rækta sextíu erfðabreyttar rottur á ári en dýrin eru fengin úr alþjóðlegum rottubönkum.

**» Sextíu rottur koma úr alþjóðlegum rottubönkum.**

Ráðgert er að nýta tilraunarotturnar við rannsóknir á arfgengri heilablæðingu sem greinst hefur á Íslandi.

Rotturnar bera stökkbreytingu sem gerir það að verkum að dýrin gætu verið sjúkdómsmódel fyrir arfgenga heilablæðingu. Umrætt fyrirtæki er einnig í nánu samstarfi við Háskóla Íslands um rannsóknir á músum. – bþ

# Mjaltastúlkan gerð fyrir sýndarveruleika

**Í dag eru 360 ár liðin frá því hollenska skipið Melckmeyt, eða Mjaltastúlkan, sökk við Flatey í Breiðafirði. Sjávarfornleifafræðingar standa að sýndarveruleikasýningu þar sem hægt er að skoða skipið í 360 gráðum í nútíð og fortíð.**

**FORNLEIFAR** „Svona lagað hefur aldrei verið gert áður hér á landi. Með þessu getur almenningur áttað sig betur á hvernig skip Melckmeyt var, og það á mjög flottan máta," segir Kevin Martin, doktorsnemi í sjávarfornleifafræði við Háskóla Íslands.

Sýningin á Sjóminjasafninu um Melckmeyt var opnuð sumarið 2018 og þar geta gestir sett á sig sýndarveruleikagleraugu til að kafa niður að flakinu. Á morgun verða 360 ár frá því að Melckmeyt sökk við Flatey í Breiðafirði.

Kafararnir Erlendur Guðmundsson og Sævar Árnason fundu flak Melckmeyt í gömlu höfninni í Hafnarey við Flatey árið 1992. Í kjölfarið var sett upp sýning á Þjóðminjasafninu. Melckmeyt, sem sökk árið 1659, er elsta þekkta skipsflakið við landið. Einnig er það eina flakið sem tengist einokunarverslun Dana. Melckmeyt þýðir mjaltastúlka.

Kevin, ásamt sérfræðingum frá Hollandi, kafaði aftur niður að flakinu árið 2016 þar sem stærri hluti skipsins var grafinn upp. Héldu þeir áfram með verkið í fyrrahaust ásamt sérfræðingi frá Ástralíu. „Að finna svona flak er mjög sjaldgæft og það er það eina sinnar tegundar hérlendis," segir Kevin.

Sýndarveruleikasýningin er hönnuð af John McCarthy, doktorsnema í sjávarfornleifafræði við Háskólann í Flinders í Ástralíu, en hann sérhæfir sig í þrívíddarendurgerð á skipum af þessu tagi. Fór hann til Hollands til að skanna inn sjaldgæft skipsmódel frá 17. öld sem notað er við að endurgera skipið eins nákvæmlega og hægt er.

Í gegnum sýndarveruleikagleraugun verður þá bæði hægt að sjá flakið eins og það lítur út í dag á hafsbotni og einnig hvernig það leit út þegar það sökk.



Svona lítur skipið út á sýningunni. Á skut þess má sjá málverk Vermeers af mjaltastúlku, sem málað var ári áður en skipið sökk. MYND/JOHN MCCARTHY

> **Þú getur ímyndað þér þegar skipið kom til Flateyjar, þetta var eitthvað sem enginn hafði séð áður. Þrjú möstur, fallbyssur um borð, þetta hefur verið magnað.**
>
> Kevin Martin, doktorsnemi í fornleifafræði



Kevin segir samstarfið við Sjóminjasafnið og Ástralana gefandi í þessu skemmtilega verkefni. „Það er ansi svalt að sjá skipið þarna á hafsbotni, þetta gefur líka færi á að leyfa fólki að kynnast hvernig fornleifafræðingar vinna neðansjávar."

Hann segir að það megi líkja þessu við Vasa-skipið sem er til sýnis í Stokkhólmi. „Það er dálítið eins og það. Nema auðvitað í dag þá getum við ekki, og megum ekki, taka skipið til að setja það á sýningu," segir Kevin.

Melckmeyt var tignarlegt skip, svipað því sem margir þekkja úr kvikmyndunum um sjóræningjana í Karíbahafinu. „Þú getur ímyndað þér þegar skipið kom til Flateyjar, þetta var eitthvað sem enginn hafði séð áður. Þrjú möstur, fallbyssur um borð, þetta hefur verið magnað."

arib@frettabladid.is






FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kátína og gleði

Á Eldborgarsviði Hörpu munu ævintýri Skoppu og Skrítlu síðastliðin 15 ára lifna við og leikhústöfrarnir færa yngstu áhorfendurna um framandi lönd.












## Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!

Lykil- og korthafar skrá sig í kolefnisjöfnun á orkan.is

7 króna afsláttur af hverjum lítra fer í kolefnisjöfnun

Votlendissjóðurinn kolefnisjafnar þitt framlag



**Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is**

# Fylgi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar nánast jafnt

**Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eru stærstu flokkarnir samkvæmt nýrri könnun en mjög dregur saman með þeim. Fjórir flokkar koma í hnapp þar á eftir. Framsókn virðist ekki ætla að ná vopnum sínum. Fylgi ríkisstjórnarflokkanna þriggja mælist nú rúmum 13 prósentustigum undir kjörfylgi.**

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin sækir mjög í sig veðrið samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og fréttablaðið.is. Mælist flokkurinn nú með 18,5 prósenta fylgi, aðeins rúmu prósentustigi á eftir Sjálfstæðisflokknum sem er áfram stærsti flokkurinn með 19,6 prósent.

Samfylkingin bætir við sig 4,6 prósentustigum frá síðustu könnun Zenter sem gerð var í september. Sjálfstæðisflokkurinn tapar tæpum tveimur prósentustigum milli kannanna. Fylgi flokksins hefur verið á niðurleið frá kosningunum 2017 þegar hann fékk 25,3 prósent atkvæða.

Sem fyrr er mjótt á munum milli Vinstri grænna, Miðflokksins, Viðreisnar og Pírata. Vinstri græn mælast nú með 12,7 prósent sem er örlítið minna en í síðustu könnun. Miðflokkurinn og Viðreisn tapa um einu prósentustigi milli kannana. Miðflokkurinn mælist nú með 11,6 prósent en Viðreisn 11,3 prósent. Píratar eru með 10,9 prósent og tapa hálfu prósentustigi.

**» Aðeins um sex prósent karla styðja VG en um 21 prósent kvenna.**

Framsóknarflokkurinn bætir rúmu prósentustigi við sig og mælist nú með 7,3 prósent. Fylgi Flokks fólksins helst óbreytt, eða fjögur prósent, og þá segjast 2,9 prósent ætla að kjósa Sósíalistaflokkinn. Fimm prósent atkvæða þarf til að flokkur fái uppbótarþingmenn.

Ríkisstjórnarflokkarnir þrír mælast nú samtals með 39,6 prósenta fylgi. Í kosningunum 2017 fengu flokkarnir samtals 52,9 prósent atkvæða.

Athygli vekur að aðeins rúm 70 prósent aðspurðra svöruðu spurningunni um hvaða flokk fólk myndi kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag.

Tveir flokkar skera sig úr þegar svör eru greind eftir kyni. Vinstri græn njóta stuðnings 20,9 prósenta kvenna en einungis 6,1 prósents karla. Hjá Miðflokknum snýst dæmið við því 15,6 prósent karla styðja flokkinn en 6,7 prósent kvenna. Ekki mælist marktækur munur á stuðningi eftir kyni hjá öðrum flokkum.

Könnunin var gerð á tímabilinu 10.-14. október síðastliðinn en hún var send á könnunarhóp Zenter rannsókna. Í úrtaki voru 2.300 einstaklingar 18 ára og eldri en svarhlutfall var 53 prósent. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.

sighvatur@frettabladid.is



Samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna er komið undir 40 prósent samkvæmt könnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði nú?**




| | Kosningar 2017 | 26. júl | 9. sept | 14. okt |
|---|---|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkurinn | 25,3% | 20,5% | 21,5% | 19,6% |
| Samfylkingin | 12,1% | 14,4% | 13,9% | 18,5% |
| Vinstri græn | 16,9% | 12,9% | 12,9% | 12,7% |
| Miðflokkurinn | 10,9% | 13,4% | 12,5% | 11,6% |
| Viðreisn | 6,7% | 10,6% | 12,3% | 11,3% |
| Píratar | 9,2% | 12,3% | 11,4% | 10,9% |
| Framsóknarflokkurinn | 10,7% | 8,2% | 6,2% | 7,3% |
| Flokkur fólksins | 6,9% | 3,2% | 4,0% | 4,0% |
| Aðrir | 1,5% | 4,6% | 5,2% | 4,0% |

**18,5%**

**mælist fylgi Samfylkingarinnar nú sem er tæplega fimm prósentustigum meira en í síðasta mánuði.**




**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

**1** **Sækir kærastana til saka eftir að sonurinn lést** Móðir í Washington sagði þá hafa neytt hann til að sprauta silíkoni í getnaðarlim sinn og eistu.

**2** **Lítið barn brenndist í heimahúsi og var flutt á sjúkrahús** Barnið hafði teygt sig í bolla með heitu vatni og hellti óvart yfir sig.

**3** **Maðurinn sem sóttur var á Skógafoss látinn** Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni er um að ræða erlendan ferðamann frá Suður-Kóreu.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

## Fólk ruglað á Borgarlínunni

**SAMGÖNGUMÁL** Rétt rúmur helmingur þeirra sem tóku afstöðu í könnun Zenter rannsókna fyrir Fréttablaðið og fréttablaðið.is er hlynntur Borgarlínu. Um fjórðungur er andvígur og álíka margir eru hvorki hlynntir né andvígir.

„Ég fagna bara þessum afgerandi stuðningi en hann kemur mér hins vegar ekki á óvart,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

**58%**

**sögðu Borgarlínu vera sérakreinar fyrir almenningssamgöngur.**

Einnig var spurt um hvað Borgarlína væri. Rúm 58 prósent voru með á hreinu að Borgarlína væri sérakreinar fyrir almenningssamgöngur. Um 19 prósent sögðu Borgarlínu léttlestakerfi, tæp 11 prósent hraðlestakerfi og jafnmargir að um sporvagna væri að ræða. 19,5 prósent sögust ekki vita hvað Borgarlína er.

„Ég skil mjög vel að fólk sé svolítið ruglað í þessu. Þeir sem halda utan um verkefnið hafa ekki verið nógu samhentir í skýringunum,“ segir Hilmar Þór Björnsson arkitekt.

Sjá nánar á fréttablaðið.is. **– sar**




# Afþakka jólatré númer 50 frá Noregi

**GARÐABÆR** Samþykkt var í bæjarráði Garðabæjar í gær að afþakka jólatré frá vinabænum Asker í Noregi. Hefð var fyrir því síðastliðin 49 ár að Asker gæfi vinabæ sínum stórt og íburðarmikið jólatré sem staðið hefur á Garðatorgi.

„Við vorum búin að vera að velta þessu fyrir okkur lengi og þegar við vöktum máls á þessu við vini okkar í Asker voru þau búin að vera að velta þessu fyrir sér líka,“ segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar.

„Svo var tekin sameiginlega ákvörðun um að ekki yrðu gefin fleiri tré út frá meðal annars breyttum áherslum í loftslagsmálum,“ bætir Gunnar við. Enginn hafi mótmælt á bæjarráðsfundinum.

„Þarna sparast flutningskostnaður og kolefnissporið minnkar, svo er þetta auðvitað táknrænt í umhverfismálum. Við höfum verið að leggja aukna áherslu á umhverfismál hér í bænum og erum að stíga öll þau skref sem hægt er að stíga í því sambandi hægt og bítandi því við viljum vera umhverfisvæn, það er engin spurning,“ segir Gunnar.



Tréð sem Garðabær fékk að gjöf í fyrra var fellt í garði íbúa í Asker.

Bæjarstjórinn segir að þrátt fyrir að tréð hafi verið afþakkað verði að sjálfsögðu jólatré í bænum.

„Nú förum við bara á stúfana og finnum fallegt jólatré í Heiðmörk eða jafnvel í görðum bæjarbúa,“ segir hann. „Stundum hafa íbúar óskað eftir því að losna við grenitré úr garðinum sínum og það má vel vera að það dúkki eitthvað slíkt upp.“ **– bdj**




BERNHARD

**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA



Framkvæmdir við Hringbraut eru á áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Framkvæmdir á pari við áætlun

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkvæmdir við meðferðarkjarna Landspítalans við Hringbraut eru á pari við kostnaðaráætlun.

Í svari Nýs Landspítala ohf. við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að frá því sumarið 2018 hafi verið unnið að jarðvegsframkvæmdum við meðferðarkjarnann, sem verður stærsta byggingin á svæðinu.

Mánaðamótin ágúst-september var kostnaður vegna jarðvinnu hússins á bilinu 900 milljónir til 1.000 milljónir króna. Alls er jarðvinnan um tvö til þrjú prósent af heildarkostnaðaráætlun, án tækja.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði á þingi í fyrra að áætlað sé að nýjar byggingar Landspítala við Hringbraut kosti samtals rúma 54,5 milljarða króna. Áætluð verklok eru árið 2024.

**54,5**

**milljarðar króna eiga að fara í nýjar byggingar Landspítalans við Hringbraut.**

ÍAV, sem sinna framkvæmdum á svæðinu, eru á eftir áætlun með jarðvinnuna. Eru bergskeringar meiri en gert var ráð fyrir. Fram kemur í svari Nýs Landspítala ohf. að það komi ekki að sök þar sem þeir eru á undan áætlun í gatnagerð á nokkrum stöðum og eru byrjaðir fyrr en áætlun gerði ráð fyrir á uppúrtekt fyrir bílakjallara. – ab




Kvika gefur út sex mánaða víxla

Reykjavík, 16. október 2019

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 20 0319 og er heildarheimild flokksins 2.000 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta þann 15. október 2019 og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku, *www.kvika.is/vixlar*

KVIKA

kvika.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT


## Ströng skilyrði um innflutning vegna Brexit

**VIÐSKIPTI** Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar um innflutning á dýraafurðum frá Bretlandi ef Bretar yfirgefa Evrópusambandið án samnings, svokallað hart Brexit. Ströng skilyrði gilda um innflutning dýraafurða frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins.

Meðal skilyrðanna er að sendingunni skuli fylgja frumrit af heilbrigðisvottorði. Skrá þarf hverja sendingu í skráningarkerfi ESB með sólarhringsfyrirvara og þarf hún að sendast á samþykkta landamærastöð.

Allt stefnir í að Bretland gangi úr ESB án samnings um mánaðamótin. Fram kom í umfjöllun Fréttablaðsins um útgönguna fyrr í mánuðinum að innflytjendur séu að birgja sig upp og útflytjendur í Bretlandi búi sig undir glundroða. – ab

**» Skrá þarf hverja sendingu í skráningarkerfi ESB með sólarhringsfyrirvara.**

# Myndi ekki standa undir sér fjárhagslega

**Þjóðhagslega hagkvæmt að byggja upp millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Isavia segir það ekki sitt verkefni heldur ríkisins. Völlurinn stæði ekki undir sér á markaðsforsendum. Þyrfti því að skoða uppbygginguna sem byggðamál.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Uppbygging Akureyrarflugvallar er ekki á borði Isavia heldur alfarið í höndum stjórnvalda hverju sinni. Uppbygging hans sem millilandaflugvallar myndi aldrei standa undir sér á markaðslegum forsendum og þyrfti að hugsa sem byggðaaðgerð.

Þetta kom fram á fundi Markaðsstofu Norðurlands um flugmál í Hofi á Akureyri í gær. Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofunnar, segir það augljóst að þingmenn beri fulla ábyrgð á því hversu hægt hafi gengið að byggja Akureyrarflugvöll upp sem millilandaflugvöll. Byggja þurfi upp mannvirki til að geta tekið við fólki því núverandi flugstöð sé ekki hæf fyrir millilandaflug.

„Við höfum margoft bent á að það er þjóðhagslega hagkvæmt að efla millilandaflug um Akureyri þar sem fjárfesting í ferðaþjónustu á Norðurlandi er ekki nægilega vel nýtt í átta mánuði á ári. En það þarf hins vegar að byggja upp flugvöllinn og markaðssetja hann og þar verður ríkið að taka stærri skref,“ segir Arnheiður. „Ég tel það galið að menn fari ekki í þessa uppbyggingu því þetta skilar sér. Það er fjárveitingavaldið sem verður að gera betur í að tryggja fé til millilandaflugs á Akureyri.“

Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi og nefndarmaður í fjárlaganefnd, segir það rétt að hið opinbera hafi ekki staðið sig nógu vel í að byggja upp millilandaflugvöll á Akureyri.

„Nei, það er ljóst að minn málflutningur um langt skeið hefur verið með þeim hætti að ég hef talið að við þyrftum að gera miklu betur í uppbyggingu alþjóðaflugvallanna hér á landi. Allt púðrið hefur farið í Keflavíkurflugvöll og ég tel að stjórnvöld hafi ekki staðið í stykkinu á Akureyri og Egilsstöðum,“ segir Njáll. „Það styrkir hag allra landsmanna að byggja upp Akureyrarflugvöll með markvissum hætti og ýta betur undir dreifingu erlendra ferðamanna. Það styrkir landsbyggðina eins og reyndar allt landið.“

Til þess að millilandaflugvöllurinn myndi standa undir sér þyrftu 13 flugvélar að lenda á Akureyri á dag, allan ársins hring. Ljóst er að slíkt myndi aldrei gerast og því þyrfti að hugsa uppbygginguna sem byggðaaðgerð. Njáll Trausti segir það einmitt verkefni næstu ára.

„Við eigum stór vannýtt tækifæri í ferðaþjónustunni úti á landi og löngu kominn tími til að við nýtum þau tækifæri. Þetta gengur alltof hægt og við þurfum að leiðrétta kúrsinn frá árinu 2011 þegar stór hluti fjárveitinga til flugvallakerfisins hurfu þegar varaflugvallagjaldið var lagt af. Það var svo sannarlega slæmur verknaður sem var unninn þar,“ bætir Njáll Trausti við.

sveinn@frettabladid.is



Millilandaflugvöllur á Akueryri þyrfti 13 flugvélar á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Ég tel að stjórnvöld hafi ekki staðið sig í stykkinu á Akureyri og Egilsstöðum.**

Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Norðausturkjördæmis



**Ég tel það galið að menn fari ekki í þessa uppbyggingu því þetta skilar sér.**

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands



## Grundvallarmál um skyldur lögmanna

**DÓMSMÁL** Í nýlegum dómi Landsréttar var ekki fallist á með héraðsdómi að lögmaður áfrýjanda hefði brugðist lagalegum eða siðferðilegum skyldum sínum og ekki var heldur fallist á að það væru lagaskilyrði til þess að lækka gjafsóknarkostnað, þar með talið þóknun lögmannanna með vísan til þeirra forsendna. Lögmannafélagið tekur undir niðurstöðu Landsréttar í málinu en Berglind Svavarsdóttir, formaður Lögmannafélagsins, segist ekki geta svarað því hvort málinu sé þar með lokið. „Við höfum ekki sent Dómarafélaginu neinar formlegar athugasemdir að svo stöddu en málið hefur verið mikið rætt á meðal lögmanna,“ segir hún.

Málið er barnaverndarmál þar sem lögmennirnir Oddgeir Einarsson og Flosi Hrafn Sigurðsson gættu réttinda foreldranna sem nutu lögbundinnar gjafsóknar. Í úrskurðinum var sá kostnaður lækkaður og vísað til þess að málið hefði ekki átt að fara svona langt vegna hagsmuna barnsins og að gjafsóknarkostnaður væri greiddur úr ríkissjóði sem fjármagnaður væri með skattfé vinnandi fólks. Gefið var í skyn að þeir væru að skara eld að eigin köku. Oddgeir áfrýjaði málinu fyrir skjólstæðing sinn og var niðurstöðunni breytt að því er varðaði gjafsóknarkostnaðinn.

Berglind segist ekki muna eftir að hafa séð það áður í dómi að lögmönnum sé borið það svona harkalega á brýn að hafa gengið of langt í hagsmunagæslu. „Sama hvað dómaranum kann að finnast þá ber lögmönnum skylda til að gæta hagsmuna sinna umbjóðenda og beita öllum lögmætum úrræðum til þess, samkvæmt þeim lögum og siðareglum sem við vinnum eftir,“ segir hún og í grundvallaratriðum snúist málið um hverjar séu skyldur lögmanna. Jafnframt að nálgun héraðsdóms hafi gengið þvert gegn þessum reglum. – khg

**Við höfum ekki sent Dómarafélaginu neinar formlegar athugasemdir að svo stöddu en málið hefur verið mikið rætt á meðal lögmanna.**

Berglind Svavarsdóttir, formaður Lögmannafélags Íslands



# TILTEKTAR DAGAR

# 20-60% AFSLÁTTUR



TÖKUM TIL Á LAGER, RÝMUM TIL FYRIR JÓLASENDINGUNUM.
SÓFAR, STÓLAR, LJÓS, BORÐ O.S.FRV Á ÓTRÚLEGU VERÐI.

**TILTEKTARDÖGUM LÝKUR FÖSTUDAGINN 25. OKT.**



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS



Michel Barnier er orðinn þreyttur á Johnson. NORDICPHOTOS/GETTY

## Johnson verður að gefa eftir

**BRETLAND** Michel Barnier, aðalsamningamaður Evrópusambandsins, gaf Bretum til miðnættis í nótt til að sætta sig við kröfur Evrópusambandsins um tollalandamæri á Írlandshafi. Samningaumleitanir standa yfir en óvíst er hvort samningur liggi fyrir í vikunni.

Samkvæmt Benn-lögunum svokölluðu þarf Johnson að biðja Evrópusambandið um frekari útgöngufrest ef samningur verður ekki samþykktur fyrir laugardag. Johnson vill fyrir alla muni koma í veg fyrir það enda byggði hann framboð sitt á að klára útgönguna þann 31. október, sama hvað.

Fyrir helgi virtist vera að rofa til eftir að Johnson og Leo Varadkar, forsætisráðherra Írlands, funduðu í Liverpool. Ekki fékkst upp gefið hvað hefði breyst en stjórnmálaskýrendur ytra telja að Johnson hafi gefið verulega eftir í kröfum sem settar voru fram skömmu áður í „lokatilboðinu“. Talið er að Johnson hafi í grunninn fallist á tollalandamæri á Írlandshafi og þar með brugðist DUP, flokki sambandssinna á Norður-Írlandi.

Síðan þá hefur hins vegar dregið úr bjartsýninni og andrúmsloftið í herbúðum Evrópusambandsins ber vitni um að meiri tíma þurfi til þess að vinna að samningi. Ekki megi flýta ferlinu of mikið því mikið sé í húfi, sérstaklega til þess að halda friðinn á Norður-Írlandi. – khg

# Trump tístir sem aldrei fyrr

Í dag hefur Donald Trump verið forseti Bandaríkjanna í 1.000 daga. Hann hefur aldrei verið virkari á Twitter og er að slá eigin met. Auli, hálfviti og trúður eru á meðal algengustu orðanna í búri forsetans.



**BANDARÍKIN** Donald Trump, 45. forseti Bandaríkjanna, hefur nú verið í embætti í 1.000 daga. Eitt það sem hefur einkennt forsetatíðina er notkun hans á samfélagsmiðlinum Twitter. Þar tístir hann ótt og títt þannig að fjölmiðlar og kjósendur geta nánast fylgst með í rauntíma hvað leiðtoganum er efst í huga. Varla verður sagt að öll þau skilaboð séu djúphugsuð og ef til vill ekki í þeim anda sem menn hefðu vænst af manni í einu valdamesta embætti veraldar.

Vefurinn trumptwitterarchive.com heldur saman margvíslegum upplýsingum um tíst forsetans sem gjarnan er beint að óvinum. 234 tíst eru um „aula“, 183 tíst um „heimskingja“, 156 um „veiklynda“, 115 tíst um „óheiðarlega“, 92 um „óhæfa“, 91 um „leiðinlega“, 52 um „hálfvita“ og 45 tíst eru um „trúða“.

„Falsfréttir“ eru Trump mjög ofarlega í huga. Í gær hafði hann tíst 602 sinnum um það hugðarefni.

Forsetinn hefur í tístum sínum gjarnan ráðist að fjölmiðlum sem hann segir marga hverja flytja falsfréttir eða vinna gegn honum. Frá árinu 2015 hefur hann tíst tæplega 300 sinnum þar sem hann lítilsvirðir fjölmiðla á borð við CNN, New York Times, Washington Post, Time Magazine og Wall Street Journal.

Eins og alkunna er hefur Trump í tístum sínum beint sjónum sínum í æ ríkari mæli að loftslagsmálum sem hann segir ítrekað að sé kostnaðarsöm blekking, fals, byggjast á mýtum eða sé hreinlega kjaftæði. Þetta sé byggt á gölluðum vísindum og gögnum sem ekki hefur verið við. Þá hefur hann sagt að hlýnun loftslags sé búið til af Kínverjum og fyrir þá.

Þrátt fyrir að október sé einungis hálfnaður hafði Trump forseti tíst 510 sinnum þennan mánuðinn (um miðjan dag í gær) Með því virðist hann ætla að slá eigin met þennan mánuðinn. david@frettabladid.is

**Mánaðarlegur fjöldi tísta @realDonaldTrump**




**Nokkur af tístum forsetans**

» Ég laða að mestan mannfjölda, og líka langbestu niðurstöður skoðanakannana.

» Greindarvísitala mín er ein sú hæsta – og þið vitið það öll!

» Ég mun vera langbestur í baráttunni við hryðjuverk.

» Ég mun vera sá forseti sem skapar mesta atvinnu í sögu Bandaríkjanna.

» Ég er BESTUR í uppbyggingu, skoðið bara það sem ég hef byggt.

» Margir segja að ég sé besti rithöfundur 140 stafabila í öllum heiminum.

**Best fyrir...?**

**Morgunverðarfundur EAPN á Íslandi um fátækt og matarsóun**
**17. október á Grand hóteli frá kl. 8:30-10:30**

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt efnir EAPN til morgunverðarfundar um fátækt og matarsóun og verður m.a. leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

*Er nýting afgangsmatar sóknarfæri í valdeflingu þeirra sem búa við fátækt?*
*Getum við nýtt mat sem gengur af á annan hátt en að gefa hann sem ölmusu til fátækra?*
*Hvernig getur nýting á afgangsmat leitt til farsældar fyrir samfélagið í heild sinni?*

**Frummælendur:**
**Rakel Garðarsdóttir,** aðgerðarsinni og stofnandi samtakanna „Vakandi“.
**Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir,** markaðsstjóri Krónunnar.
**Kristín Ólafsdóttir,** fræðslustjóri hjá Hjálparstarfi Kirkjunnar.
**Hildur Oddsdóttir,** fulltrúi frá Pepp Ísland.
**Ásta Þórdís Skjalddal,** samhæfingarstjóri Pepp Ísland, opnar fundinn með ávarpi fundarstjóri er **Sigfús Kristjánsson.**

Borðumræður að afloknum erindum.
**Komdu og taktu þátt!**

Fundargjald er 3000 kr. (morgunverður innifalinn) en hægt er að fá undanþágu frá greiðslu með því að haka við möguleikann „sæki um styrk fyrir greiðslu“ á skráningarsíðunni. Skráningarupplýsingar er að finna á eapn.is og á Facebook síðum EAPN á Íslandi og Pepp Ísland, samtaka fólks í fátækt.

Fundurinn er haldinn í samstarfi við Velferðarvaktina.

EAPN

## Segir innrás Tyrkja beint gegn hryðjuverkamönnum Kúrda

**SÝRLAND** Mevlut Cavusoglu, utanríkisráðherra Tyrklands, sendi Fréttablaðinu grein sem birt var á frettabladid.is í gær. Þar rekur hann ástæður Tyrklandsstjórnar fyrir innrásinni í Kúrdahéröð Sýrlands.

„Tyrkland hóf aðgerðina til þess að tryggja þjóðaröryggi sitt með því að aflétta þeirri hættu sem stafaði af hryðjuverkamönnum með fram landamærasvæðum landsins. Aðgerð þessi mun frelsa Sýrlendinga sem þar búa úr ánauð hryðjuverkasamtaka og uppræta þá ógn sem vofir yfir friðhelgi yfirráðasvæðis Sýrlands og stjórnmálalegri heild landsins,“ segir Cavusoglu í greininni.

Hafnar hann því alfarið að innrásinni sé beint gegn Kúrdum sem slíkum og einnig að hún dragi tennurnar úr baráttunni gegn ISIS. Segir hann ranga mynd hafa verið dregna upp af innrásinni.

„Við höfum ítrekað lagt fram tillögu um að komið verði upp öruggu svæði, þ.m.t. á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Við höfum hvatt Bandaríkin til að hætta að veita hermdarverkamönnum efnislegan stuðning. En bandaríska skrifstofuveldið í öryggismálum gat ekki komið sér til að losa sig við þann hóp sem þekktur er með skammstöfuninni P.Y.D./Y.P.G., þ.e. Lýðræðissambandsflokkur Kúrda/Verndarsveitir alþýðunnar.“

Líkt og Recep Erdogan forseti segir Cavusoglu að P.Y.D/Y.P.G. hafi tengsl við Verkamannaflokk Kúrda, sem skilgreindur er sem hryðjuverkasamtök í Tyrklandi, og smygli sprengiefnum undir landamærin í gegnum jarðgöng. Kúrdar, Arabar og kristnir verði betur settir þegar Tyrkjaher frelsi þá undan oki samtakanna.

Þá segir Cavusoglu að Tyrkir veiti miklum fjölda flóttamanna athvarf, þar á meðal 300 þúsund Kúrdum. „Tyrkland er með hæstu útgjöld til mannúðarmála í heiminum og hýsir flesta flóttamenn á heimsvísu,“ segir hann. – khg

> Tyrkland er með hæstu útgjöld til mannúðarmála í heiminum og hýsir flesta flóttamenn á heimsvísu.

Mevlut Cavusoglu, utanríkisráðherra Tyrklands



» **Utanríkisráðherra Tyrklands birti grein á frettabladid.is í gær þar sem hann rakti ástæður Tyrkja fyrir innrásinni í Sýrland.**



Gifting í Heimsfriðarsöfnuði Sun Myung Moon í Newfoundland í Pennsylvaníufylki. Kirkjuleiðtogar hvetja sóknarbörnin til að mæta með AR-15 hríðskotabyssur á athafnir, með vafasama vísun í Biblíuna. Byssurnar eru óhlaðnar og skoðaðar við kirkjudyrnar.



Bóndinn Leonardo Urena fagnar sigri í graskerskeppninni í Half Moon Bay í Kaliforníu. Graskerið vó 987 kílógrömm og Urena fékk tæpar 2 milljónir króna í verðlaunafé. NORDICPHOTOS/GETTY




Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, fékk flensusprautu í Downingstræti 10, til þess að veikjast ekki í komandi átökum í þinginu og samningaumleitunum við Evrópusambandið.




Kvikmyndaleikstjórinn Tim Burton, sem meðal annars gerði Beetlejuice og Batman, áritar bækur á sýningu sinni Lost Vegas í Neon-safninu í Las Vegas.



Kínverskir hermenn sinna landamæravörslu í Ngari-héraði í Tíbet. Kínverjar deila við Indverja um nákvæmlega hvar landamærin liggja. Veðrirnir eru ekki öfundsverðir enda fara æfingar iðulega fram í 15 til 20 gráðu frosti.

20

*Þér er boðið í afmæli!*





Eyjólfur Árni Rafnsson


Katrín Jakobsdóttir


Ásdís Kristjánsdóttir


Halldór Benjamín Þorbergsson

## ÁVÖRP

**Eyjólfur Árni Rafnsson**, formaður Samtaka atvinnulífsins
**Katrín Jakobsdóttir**, forsætisráðherra

## 1999-2019: HVAÐ SVO?

**Ásdís Kristjánsdóttir**, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins
**Halldór Benjamín Þorbergsson**, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

## VATNASKIL Á VINNUMARKAÐI

Svipmynd af sögulegri sátt.

## FRÁ ÞJÓÐARSÁTT TIL LÍFSKJARASAMNINGS

Gestir ársfundarins fá eintak af nýrri bók Guðmundar Magnússonar þar sem rakin er viðburðarík saga vinnumarkaðar og efnahagslífs síðustu tveggja áratuga.

**Sjáumst á ársfundi atvinnulífsins 2019, fögnum og tölum saman!**

**Skráning á sa.is**

SA

# Búið spil



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Stríðið gegn fíkniefnum er löngu tapað. Það vita allir. Refsistefnan hefur litlu skilað öðru en fordómum og hræðslu gagnvart fíkniefnaneytandanum og undirheimum þar sem glæpahópar ráða ríkjum. Neysla hefur aukist og dauðsföllum fjölgar. Fíkniefnin flæða til landsins og skammturinn fæst nú á svipuðu verði og bíómiði.

Sá sem er ánetjaður vímuefnum er sjúklingur en ekki glæpamaður. Þetta ætti öllum að vera löngu orðið ljóst. Það er því óhætt að segja að refsigleðin virkar ekki og er því nýlegt frumvarp Halldóru Mogensen, þingflokksformanns Pírata, eðlilegt og rökrétt skref. Frumvarpið felur í sér að ekki verði lengur ólöglegt að kaupa eða hafa á sér smærri fíkniefnaskammta, svokallaða neysluskammta, en aftur á móti verður áfram bannað að flytja efni inn eða úr landi, selja þau eða framleiða. Markmiðið er að hætt verði að líta á þá sem lent hafa á glapstigum lífsins sem glæpamenn og óþokka og þeim veitt aðstoð fremur en refsing. Frumvarpið er skref í rétta átt, en hálfkák þó.

Portúgalar voru fyrstir til að afglæpavæða fíkniefni þegar þeir samþykktu lög þess efnis árið 2001, eftir heróínfaraldur sem gengið hafði yfir landið. Efasemdir voru um ágæti aðgerðanna en í dag er fjöldi vímuefnaneytenda í Portúgal hlutfallslega mjög lítill miðað við aðrar Evrópuþjóðir. Aðrar þjóðir hafa síðan fylgt í kjölfarið og mótað eigin fíkniefnastefnu með góðum árangri.

Hægt er að nálgast fíknivandann með ýmsum hætti og raunsæ leið er svokölluð skaðaminnkun. Hún veitir nálægð við fíkilinn og dregur úr hættu á HIV-smiti og öðrum heilsufarslegum ógnum sem fíknin leiðir oft af sér. Fleiri ákjósanlegar leiðir eru fyrir hendi en mikilvægt er að stjórnvöld móti sér stefnu í þessum málum. Fíkniefnin eru komin til að vera, því verður ekki breytt. Þar af leiðandi ætti hið opinbera að reyna að stýra farvegi þeirra og jafnvel að íhuga að hreinlega útvega fíklum efnin. Þá að minnsta kosti færast völdin úr höndum undirheimanna en það er þar sem ofbeldið og mannúðarleysið þrífst. Eiturlyfjadreifing hins opinbera gæti jafnframt útrýmt svarta markaðnum með lyfseðilsskyld lyf.

Róttækari aðgerða en hugmynda um neysluskammta er þörf. Æ fleiri festast í viðjum fíknarinnar og fíknin heldur áfram að fella hvert ungmennið á fætur öðru. Við þurfum að hætta að berja höfðinu við steininn og horfast í augu við vandann. Samhliða þarf að fjölga meðferðarúrræðum og bæta í forvarnir og fræðslu. Allt kapp ætti að setja á aðferðir til skaðaminnkunar.

Betur má ef duga skal og kallað er eftir stjórnmálamanni sem þorir að segja þessa hluti upphátt – og hrinda þeim í framkvæmd.

**Neysla hefur aukist og dauðsföllum fjölgar. Fíkniefnin flæða til landsins og skammturinn fæst nú á svipuðu verði og bíómiði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Íhaldsmaður á almannafé**
**Styrmir Gunnarsson eys lofi á Ragnar Arnalds í nýlegri minningargrein. Segist hann hafa heyrt að Ragnar væri „einn bezti fjármálaráðherra sem hér hefur setið“ og „íhaldsmaður á almannafé“. Það var ekki meira íhald í Ragnari en að þegar hann sat í stjórn Gunnars Thoroddsen, voru tekin tvö rándýr bresk kúlulán til að fjármagna ýmsar framkvæmdir. Voru þau kölluð barnalánið, enda var það barnanna að borga – árið 2016. Heildarupphæð lánanna tveggja var 30 milljónir punda. Vextirnir voru 14,5 prósent og þegar börnin borguðu loksins, var upphæðin 7,1 milljarður.**

**Næmur á vandamál**
**Ástandið furðulega á Reykjalundi virðist vera að róast. Enn veit þó enginn nákvæmlega hvað gerðist fyrir utan að stjórnendur til áratuga voru reknir fyrirvaralaust án ástæðu og starfsfólki leið illa í kjölfarið. Ástandið á þó að lagast með ráðningu nýs framkvæmdastjóra lækninga. Sá heitir Ólafur Þór Ævarsson. Hann er mjög næmur á að skynja vandamál, en hann er geðlæknirinn sem mat Gunnar Braga Sveinsson sem heilabilaðan eftir margra klukkustunda óminni eftir fundinn fræga á Klaustri.**

**kristinnhaukur@frettabladid.is**
**arib@frettabladid.is**

# Tollfrelsi EES og álið



Njáll Trausti Friðbertsson
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Í ár fagnar álframleiðsla á Íslandi 50 ára afmæli, en hálf öld er liðin frá því að álverið í Straumsvík hóf starfsemi. Framleitt magn var ekkert í líkingu við það sem framleitt er á Íslandi í dag, en með árunum jókst framleiðsla áls í Straumsvík og víðar á landinu og er framleiðslan á Íslandi í dag tæp 900 þúsund tonn á ári.

Mikilvægi álframleiðslu fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag er ótvírætt. Áliðnaðurinn skapar Íslandi ríkar gjaldeyristekjur og mikið af hátekju- og sérfræðistörfum. Hvort tveggja er mælikvarði á gæði þeirra starfa sem tiltekinn iðnaður skapar.

Á síðasta ári fluttu íslensku álverin út afurðir fyrir 220 milljarða króna. Stærsti markaður álveranna er Evrópa. Innflutningur inn á Evrópumarkað frá löndum utan markaðarins er tollskyldur upp á fjögur til sjö prósent, en sökum aðildar Íslands að EES-svæðinu er Ísland fyrir innan tollamúrana.

### Álframleiðsla nýtur góðs af EES-aðild

Í nýlegri skýrslu starfshóps um EES-samstarfið kemur fram að álframleiðsla á Íslandi njóti mjög góðs af aðild Íslands að EES. Í skýrslu starfshópsins kemur m.a. fram að „sameiginlegi EES-markaðurinn sé markaðssvæði íslenskra álvera. Þau eru þar innan tollamúra, en tollar á ál sem flutt er inn á evrópska efnahagssvæðið eru á bilinu 4-7%.“

Íslenskt efnahagslíf á mikið undir því að hér séu til staðar öflugar útflutningsgreinar og er stóriðjan ein þriggja undirstöðuatvinnugreina Íslendinga ásamt ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Stóriðjan telur fyrir um 15% útflutningstekna Íslendinga og kaupir um 80% af allri framleiddri orku hér á landi.

Ör tækniþróun undanfarin ár hefur gert það að verkum að stærð álvera skiptir meira máli upp á hagkvæmni þeirra en talið var á árum áður. Þess vegna er það stóriðjunni mikilvægt að vera áfram innan tollamúra EES-svæðisins, og án EES-samningsins væri staða álframleiðslunnar, sem hefur byggt upp traustan grunn íslensks efnahagslífs í hálfa öld, önnur og verri en við þekkjum hana í dag.

**Mikilvægi álframleiðslu fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag er ótvírætt.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** **Torg ehf.** **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Samráð um stjórnarskrá



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Þarf nokkuð að endurskoða stjórnarskrána? spurði mig maður um daginn, eftir að ný skoðanakönnun um afstöðu almennings til stjórnarskrárinnar birtist í fjölmiðlum. Skoðanakönnunin er liður í nýrri leið við almenningssamráð sem er mikilvægur hluti af vinnu formanna stjórnmálaflokkanna á þingi við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Könnunin er annars vegar sjálfstæð vísbending um viðhorf almennings til ýmissa hluta sem tengjast stjórnarskrá. Hins vegar undanfari svokallaðs rökræðufundar sem haldinn verður 9.-10. nóvember með þátttöku almennings hvaðanæva af landinu.

Í upphafi þessa kjörtímabils óskaði ég eftir því við formenn allra stjórnmálaflokka á Alþingi að við ynnum saman að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á tveimur kjörtímabilum. Verkinu var skipt upp í áfanga og miðað við að byggt yrði á þeirri umfangsmiklu vinnu sem unnin hefur verið síðustu ár og áratugi. Í því samhengi skiptir miklu að fá skýra mynd og skilning á viðhorfi almennings en nýjar aðferðir í almenningssamráði voru einnig hluti af þessari áætlun. Ég bind vonir við að þær muni ekki aðeins skila uppbyggilegum niðurstöðum inn í vinnuna við endurskoðun stjórnarskrárinnar heldur einnig geta reynst vera aðferðafræði sem má viðhafa víðar í opinberri stefnumótun.

Almenningssamráð snýst ekki eingöngu um að birta frumvörp á veraldarvefnum eða halda þjóðaratkvæðagreiðslur um einstök atriði sem má kalla hvorn sinn enda almannasamráðs. Á því litrófi eru hins vegar margar aðferðir og mikilvægt að Alþingi og stjórnvöld nýti sér þær, ekki síst við úrlausn mikilvægra mála, eins og til dæmis við stjórnarskrárbreytingar. Í skoðanakönnuninni kom í ljós að 37% svarenda væru ánægð með stjórnarskrána en 27% óánægð. 36% voru hvorki ánægð né óánægð. Það breytir því ekki að ríkur vilji er til að endurskoða stjórnarskrána. Þannig kemur í ljós að 90% svarenda telja mikla þörf á stjórnarskrárákvæði um auðlindir í þjóðareign, 84% telja mikla þörf á ákvæði um umhverfisvernd og 70% telja þörf á nýjum ákvæðum um þjóðaratkvæði og íslenska tungu. Þannig að ég svaraði manninum með afdráttarlausu já-i!

En könnunin sjálf er einungis fyrsta skref í umfangsmeiri rannsókn. Ætlunin er að virkja nýjar aðferðir við almenningssamráð með rökræðufundinum sem áður var nefndur. Þar mun fólk geta átt samræður við sérfræðinga og aðra um ýmis stjórnarskrártengd málefni og er ætlunin síðan að meta hvort þær samræður breyta skoðunum eða viðhorfum fólks í viðkomandi máli. Markmiðið er þannig að fá betri mynd af viðhorfi almennings og dýpri skilning á því hvað ræður því, til dæmis af hverju fólk sem er ánægt með stjórnarskrána sýnir einnig ríkan vilja til að endurskoða hana. Stjórnvöld víða um heim hafa nýtt þessa aðferðafræði með góðum árangri og þar er nærtækasta dæmið frá nágrönnum okkar í Írlandi sem héldu slíkan rökræðufund í aðdraganda breytinga á þungunarrofslöggjöf.

Almenningssamráðið er skipulagt í samstarfi við fræðifólk í Háskóla Íslands. Því til viðbótar hefur Háskólinn ákveðið að standa fyrir svokallaðri lýðvistun í samstarfi við Betra Ísland þar sem allir sem áhuga hafa geta komið sjónarmiðum á framfæri um ýmis stjórnarskrártengd málefni sem síðan verða nýtt á rökræðufundinum.

Samkvæmt gildandi stjórnarskrá verður stjórnarskrá ekki breytt nema þannig að Alþingi samþykki breytingarnar, boðað sé til kosninga, og nýtt Alþingi staðfesti breytingarnar. Þess vegna er svo mikilvægt að vinna að sem breiðastri samstöðu alþingismanna um breytingar á stjórnarskrá. Stjórnmálin skulda almenningi löngu tímabærar breytingar á þessu grundvallarplaggi og það er skylda okkar að leggja okkur öll fram við að ljúka þeirri vinnu með sóma.

# Frelsi til að ferðast



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar í Reykjavík og formaður borgarráðs

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu þurfa aukið frelsi til að velja sína leið í samgöngum. Sanngjarnast er að valið standi á milli raunhæfra valkosta. Í því skyni er samgöngusáttmálinn tímamótasamningur þar sem umferðarvandi þorra landsbúa er kominn á dagskrá með lausnum sem felast í uppbyggingu stofnvegakerfisins, bestun ljósastýringar, bættum almenningssamgöngum og heildstæðu hjólastígakerfi.

Sveitarstjórnir höfuðborgarsvæðisins hafa komið sér saman um sanngjarnt kerfi samgangna þar sem allir hafa raunhæft val um að ferðast með þeim hætti sem þeir kjósa. Með bættum almenningssamgöngum og betra kerfi göngu- og hjólastíga teljum við að hægt verði að auka hlut þeirra sem ekki ferðast á einkabíl úr 24% í 36%. Þetta skiptir verulegu máli þegar spár gera ráð fyrir að bílaumferð myndi aukast a.m.k. um 40% á næstu 15 árum, ef ekkert er að gert. Ef ekki er boðið upp á fjölbreyttara val í samgöngum, sem auðveldar fólki að komast til vinnu eða skóla, munu umferðartafirnar bara lengjast og umferðarmengunin aukast. Við viljum öll frekar eyða tíma okkar og peningum í annað en enn erfiðari morgunumferð eða stress eða hvort við náum tímanlega að sækja börnin á leikskólann síðdegis. Öll viljum við líka betri loftgæði og færri daga þar sem börn og þau sem eru viðkvæm í lungum eru hvött til að halda sig inni við þegar umferðin hefur mengað of mikið.

Til að bæta samgöngur fyrir alla þarf að besta ljósastýringu og liðka fyrir þungum umferðarstraumi og draga þar með úr töfum. Samgöngusáttmálinn gerir ráð fyrir 7,2 ma. kr. í bætta umferðarstýringu og öryggisaðgerðir. Það þarf að stuðla að hagkvæmum almenningssamgöngum sem mun einnig draga úr loftmengun, þrengslum, hávaða og slysum. Með sérakreinum strætisvagna og nýju leiðakerfi sem leyfir notendum að komast fljótar á áfangastað verða almenningssamgöngur raunhæfur valkostur fyrir enn fleiri íbúa. Með góðu hjólastígakerfi verða hjólreiðar samgöngukostur, allt árið um kring fyrir vaxandi hóp hjólreiðafólks,

Fram undan eru ærin verkefni sem hafa verið vel undirbúin með greiningum, skoðunum og umræðu. Undirbúningur við stofnvegaframkvæmdir, Borgarlínu og bestun á ljósastýringum er formlega hafinn í góðu samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar. Fjármagn hefur verið tryggt og áætlað að framkvæmdir hefjist árið 2020. Okkur er því ekkert að vanbúnaði – nú er bara að láta hlutina gerast svo allir komist á áfangastað, sama hvaða ferðamáta þeir kjósa.

NÝR OG BETRI EN ALLTAF JAFN VINSÆLASTUR




Mitsubishi Outlander PHEV hefur fyrir löngu unnið hug og hjörtu þjóðarinnar enda einn söluhæsti bíll landsins. Hann er rúmgóður og frábær í akstri og fjórhjóladrifið gerir hann enn öruggari. Outlander PHEV gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni og er því vænn við umhverfið og veskið. 2020 árgerðin er m.a. með ný og þægilegri sæti, nýtt útvarp og öflugra hljóðkerfi. Skiptu yfir í framtíðina og veldu Outlander PHEV 2020.

Skoðaðu úrvalið á
www.hekla.is/mitsubishisalur

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · BVA Egilsstöðum

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition



Simone Biles sýnir hér listir sínar á tvíslánni en hún fékk gullverðlaunin í Stuttgart eftir að hafa þurft að sætta sig við bronsverðlaunin á tvíslá á HM á síðasta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Biles í sérflokki í fimleikasögunni

**Fimleikastjarnan Simone Biles skrifaði nafn sitt enn og aftur í sögubækurnar um helgina þegar hún vann til fimm gullverðlauna á HM í fimleikum í Þýskalandi. Með því er hún orðin sú sigursælasta á HM frá upphafi, met sem ólíklegt er að einhver nái að slá.**

**FIMLEIKAR** Fimleikastjarnan Simone Biles skrifaði nafn sitt enn og aftur í sögubækurnar um helgina þegar hún vann til fimm gullverðlauna á HM í fimleikum sem fór fram í Þýskalandi. Biles sigraði því í fimm greinum af sex en þurfti að láta fimmta sæti duga á tvíslá. Með því er Biles búin að vinna til 25 verðlauna á HM í fimleikum, þar af 19 gullverðlauna og bætti hún um leið 23 ára gamalt met fimleikakappans Vitaly Scherbo sem vann til 23 verðlauna. Þessu náði Biles á sex mótum eftir að hafa tekið sér árs frí og því misst af HM 2017 í Montreal til að hvílast. Fyrr á mótinu bætti Biles metið yfir flest verðlaun í kvennaflokki með 21 verðlaunum sínum og er erfitt að sjá einhvern hagga við meti Biles á næstu árum.

Biles sem varð 22 ára fyrr á þessu ári var í sérflokki á Ólympíuleikunum í Ríó 2016 þar sem hún vann til fimm verðlauna. Biles hefur sjálf talað um það að Ólympíuleikarnir 2020 verði líklegast hennar síðustu.



Biles brosmild með gullverðlaunin fimm í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/GETTY

### HM-saga Biles

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2013 | 2 gull | 1 silfur | 1 brons |
| 2014 | 4 gull | 1 silfur | |
| 2015 | 4 gull | | 1 brons |
| 2018 | 4 gull | 1 silfur | 1 brons |
| 2019 | 5 gull | | |

Andrea Sif Pétursdóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins í hópfimleikum og fimleikakona ársins 2018 á Íslandi, fer fögrum orðum um Biles þegar Fréttablaðið heyrir í henni.

„Þetta er í raun hætt að koma manni á óvart, ég átti von á því að hún myndi vinna þetta allt saman í ár og hún stóðst allar þær væntingar. Þrátt fyrir að hafa lent í fimmta sæti á tvíslá sem á að vera hennar veikasta grein er hún í fimmta sæti í heiminum. Í úrslitunum gerði hún nýjan hlut sem enginn hefur séð áður. Það er erfitt að vera frábær í öllu en henni tekst það. Hún virðist oft ekki mennsk,“ segir Andrea hlæjandi, aðspurð hvort Biles sé hætt að koma henni á óvart.

„Hún sýndi nýtt stökk á tvíslá sem enginn annar hefur gert og sýndi önnur tvö ný stökk sem voru skráð eftir henni. Það var eitthvað sem hún hefur verið að æfa og undirbúa lengi og hún valdi HM til að frumsýna ný stökk á öllum áhöldunum. Vonandi sýnir hún svo eitthvað nýtt á Ólympíuleikunum næsta sumar.“

Auk þess að vera ein besta fimleikakona heims hefur Biles heillað með háttvísi sinni og virðingu fyrir keppinautunum.

„Ofan á allt saman er hún frábær persóna. Hún hrósaði öllum keppinautum sínum á HM og óskaði þeim til hamingju með góðan árangur eftir atrennur sínar þrátt fyrir að þær væru að mætast í einstaklingsíþrótt.“ kristinnpall@frettabladid.is

## Breiðablik mætir stjörnum prýddu liði PSG

**FÓTBOLTI** Breiðablik fær verðugt verkefni í dag þegar liðið leikur fyrri leik sinn við franska liðið PSG í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu á Kópavogsvelli. Meðal leikmanna í Parísarliðinu eru dönsku landsliðsframherjarnir Nadia Nadim og Signe Bruun. Formiga sem lék á sínu sjöunda heimsmeistaramóti í sumar með Brasilíu og varð elsti markaskorarinn í sögu mótsins leikur einnig með PSG.

Þá eru fimm franskir landsliðsmenn í leikmannahópi PSG auk fjölmargra annarra landsliðskvenna en félagið hefur staðið í skugganum af Lyon sem er stórveldi í frönskum kvennafótbolta. Annað sætið í frönsku efstu deildinni er besti árangur PSG.



Leikmenn Breiðabliks fagna marki í 32 liða úrslitunum. MYND/BLIKAR.IS

> Spennustigið er gott og leikmenn rólegir og yfirvegaðir þrátt fyrir umfang leiksins í kvöld.
>
> Berglind Björg Þorvaldsdóttir

„Þetta er klárlega stærsti leikur sem ég og aðrir leikmenn liðsins höfum spilað á ferlinum. Það er gríðarlega gaman að lengja tímabilið með svona stóru og spennandi verkefni,“ sagði Berglind Björg Þorvaldsdóttir, framherji Blika.

„Það er mikil spenna í okkar herbúðum en mér finnst spennustigið vera gott og leikmenn rólegir og yfirvegaðir þrátt fyrir umfang leiksins. Við gerum okkur grein fyrir að verkefnið verður erfitt en við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að ná í hagstæð úrslit,“ segir Berglind. – hó

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. október 2019 | 38. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
TUDOR
TAG Heuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT




Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is




# Að vera keyptur eða kaupa aðra

Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood, segir að sjávarútvegur sé í samþjöppun. Samþjöppun á meðal birgja og viðskiptavina kalli á að vera keyptur eða kaupa aðra. Iceland Seafood tók stakkaskiptum eftir kaup á tveimur fyrirtækjum í fyrra.

» 6

> Ég upplifi að margir hafi ranghugmyndir um með hvaða hætti er staðið að alþjóðlegri markaðssetningu og sölu á íslensku sjávarfangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

## Leggja kísilverinu á Bakka ekki til aukið fé í bili

Lífeyrissjóðirnir hyggjast ekki leggja PCC til aukið fjármagn á þessari stundu. Verksmiðjan þurfi fyrst að ná stöðugum og fullum afköstum í lengri tíma. Viðræður um tafabætur.

»4

## Orðspor Íslands gæti beðið hnekki

Ef Ísland fer á gráan lista FATF er mikilvægt að stjórnvöld bregðist rétt við að sögn sérfræðinga í vörnum gegn peningaþvætti. Orðspor landsins gæti beðið hnekki ef það er of lengi á listanum. Yrði erfiðara að stofna til nýrra viðskipta hjá erlendum bönkum.

»9

## Þungi hagstjórnar færist til ríkisfjármála

„Íslenska hagkerfið er undirbúið fyrir niðursveiflu og hið opinbera kemur til móts við hana með skattalækkunum og auknum opinberum framkvæmdum,“ segir Lilja D. Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra, í aðsendri grein.


NÝ VERSLUN OPTICAL STUDIO HEFUR OPNAÐ Á HAFNARTORGI




Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Arion banki hættir að styðja Startup Reykjavík

Arion banki hyggst hætta fjárstuðningi við Startup Reykjavík viðskiptahraðalinn, samkvæmt heimildum Markaðarins. Bankinn hefur stutt við verkefnið frá árinu 2012 í samstarfi við Icelandic Startups sem er rekið án hagnaðarsjónarmiða og aðstoðar frumkvöðla við að koma sprotafyrirtækjum á koppinn.

Startup Reykjavík er tíu vikna viðskiptahraðall og þátttakendur fá 2,4 milljónir króna frá Arion banka í skiptum fyrir sex prósenta hlut í sprotafyrirtækinu. Einar Gunnar Guðmundsson, forsvarsmaður frumkvöðlamála Arion banka, mun í kjölfarið láta af störfum.

Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs, sagði í samtali við Markaðinn að málið væri í skoðun innan bankans.

Frá árinu 2012 til ársbyrjunar 2019 nam heildarfjárfesting Arion banka í Startup Reykjavík 176 milljónum króna. Í sumar höfðu 78 fyrirtæki farið í gegnum hraðalinn.

Eignir Startup Reykjavík Invest, sem samanstóðu af 48 sprotum, námu 313 milljónum króna við



Einar Gunnar Guðmundsson, forsvarsmaður frumkvöðlamála.

árslok 2018. Bókfært virði byggir á viðskiptum annarra með hlutafé fyrirtækjanna. Að öðrum kosti eru fyrirtækin metin út frá líkum á árangri.

Mest munar um rúmlega fjögurra prósenta hlut í Authenteq, sem skapar rafræn skilríki, sem metinn er á 110 milljónir króna. Þá er tæplega fjögurra prósenta hlutur í Activity Stream, sem framleiðir næstu kynslóðar viðskiptahugbúnað, metinn á 41 milljón króna og rúmlega þriggja prósenta hlutur í Florealis, sem framleiðir jurtalyf og lækningavörur, metinn á 32 milljónir króna.

Á meðal annarra fyrirtækja í eignasafninu eru Klappir Grænar lausnir, sem skráð er á First North-hliðarmarkað Kauphallarinnar, Travelade og Wasabi Iceland. **– hvj**

# Dill opnað í Kjörgarði

Unnið er að því að opna veitingastaðinn Dill, sem er sá eini á Íslandi sem skartað hefur Michelin-stjörnu, á annarri hæð í Kjörgarði á Laugavegi 59. Veitingastaðurinn Nostra var þar áður til húsa en honum var lokað í maí. Á meðal hluthafa er Gunnar Karl Gíslason kokkur sem opnaði Dill árið 2009, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Veitingahúsinu var lokað tímabundið í ágúst. Á sama tíma var tveimur stöðum, sem reknir voru í sama húsi við Hverfisgötu 12 og lutu sama eignarhaldi, lokað fyrir fullt og allt.

Gunnar Karl sagði við fjölmiðla við það tilefni að þungur rekstur Mikkeller & Friends og Systur hefði sligað Dill. Staðirnir hefðu allir verið reknir á sömu kennitölu og á sama veitingaleyfi. Gatnaframkvæmdir á Hverfisgötu hefðu ekki bætt stöðuna.

Hann sagði að Dill hefði ekki farið í þrot, reksturinn hefði gengið mjög vel og aðsókn verið mikil frá upphafi. Ekki náðist í Gunnar Karl við vinnslu fréttarinnar. **– hvj**



Gunnar Karl Gíslason.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



**Árleg framleiðsla kísilversins PCC á Bakka við Húsavík á að nema 32 þúsund tonnum.**

# Leggja kísilveri PCC ekki til aukið fé í bili

**Lífeyrissjóðirnir hyggjast ekki leggja PCC til nýtt fjármagn á þessari stundu. Verksmiðjan þurfi fyrst að ná stöðugum og fullum afköstum í lengri tíma. Kísilverið þarf 40 milljóna dala innspýtingu. Viðræður í gangi um tafabætur.**

Íslenskir lífeyrissjóðir, sem eru á meðal hluthafa kísilversins PCC á Bakka við Húsavík, hyggjast ekki leggja fyrirtækinu til nýtt fjármagn í bili en áætlanir hafa gert ráð fyrir að kísilverið þurfi mögulega að fá innspýtingu að fjárhæð 40 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 5 milljarða króna, svo að tryggja megi rekstrargrundvöll þess.

PCC SE, sem á 86,5 prósent alls hlutafjár í kísilverinu, hafði leitað til sjóðanna um að koma að þeirri fjármögnun í samræmi við hlutfallslegan eignarhlut lífeyrissjóðanna ásamt þýska fyrirtækinu, en lagt hefur verið upp með að hún yrði þá annaðhvort í formi nýs hlutafjár eða hluthafaláns.

Boðað hefur verið til fundar hjá hluthöfum samlagshlutafélagsins Bakkastakks, sem er í eigu lífeyrissjóða og Íslandsbanka og fer með 13,5 prósenta hlut í PCC, í næstu viku en samkvæmt heimildum Markaðarins áforma lífeyrissjóðirnir að koma ekki með frekara fjármagn inn í rekstur kísilversins á þessari stundu. Vilja sjóðirnir að verksmiðjan nái fyrst stöðugum og fullum afköstum samfellt í nokkra mánuði, auk þess að sjá hvort viðsnúningur verði í kísilverði á næstunni, áður en þeir skuldbinda sig til að leggja fyrirtækinu til aukið fjármagn.

Miklar tafir og erfiðar aðstæður

**10**

**milljarðar króna er heildarfjárfesting lífeyrissjóða og Íslandsbanka í PCC.**

á hrávörumörkuðum, þar sem kísilverð hefur farið lækkandi samhliða tollastríði Bandaríkjanna og Kína, hafa einkennt starfsemi kísilversins í fyrra. Þá hafa vandræði í hreinsivirki verksmiðjunnar valdið því að slökkva hefur þurft á ljósbogaofnum en vonir standa til að hægt verði að byrja að starfrækja þá á fullum afköstum áður en árið er liðið.

Íslenskir lífeyrissjóðir, meðal annars Gildi, Stapi og Birta, hafa auk þess í gegnum félagið Bakkastakk fjárfest í breytanlegu skuldabréfi útgefnu af kísilverinu PCC að fjárhæð 62 milljónir dala. Samtals nemur fjárfesting félagsins í kísilverinu, bæði í forgangshlutafé og breytanlegu skuldabréfi, jafnvirði um tíu milljarða króna.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er áætlað að samkomulag til skamms tíma náist hjá hluthöfum sem feli það í sér að PCC SE komi með aukið fjármagn í reksturinn auk þess sem rætt hefur verið um að lífeyrissjóðirnir samþykki, í því skyni að bæta sjóðsstreymi kísilversins, að fresta tímabundið vaxtagreiðslum af breytanlega skuldabréfinu. Skuldabréfið, sem var bókfært á nærri 9,5 milljarða króna í árslok 2018 í reikningum Bakkastakks, er með breytirétti og ber 8,5 prósenta vexti. Miðað við það nema árlegar vaxtagreiðslur af bréfinu því um 800 milljónum króna.

Þá hafa einnig staðið yfir viðræður við þýska fyrirtækið SMS group GmbH, alverktaka byggingarframkvæmda PCC á Bakka, um tafabætur. Engar niðurstöður hafa enn fengist í þær viðræður en fallist SMS group á greiðslu slíkra bóta gæti það minnkað verulega það fjármagn sem hluthafar kísilversins þyrftu að öðrum kosti að leggja því til.

Það er Summa rekstrarfélag sem hefur á síðustu vikum og mánuðum unnið að því að leita leiða sem séu færar til að bæta fjárhagsstöðu kísilversins. Þá var í síðasta mánuði einnig leitað til Íslandsbanka til að kanna fleiri valkosti í tengslum við fjármögnun og eins mögulegar breytingar á fjármagnsskipan félagsins.

Framkvæmdir við verksmiðjuna hófust fyrst í júní árið 2015 og á árleg framleiðsla að nema um 32 þúsund tonnum. Eignir PCC BakkaSilicon námu um 360 milljónum dala í lok síðasta árs og var eigið fé félagsins um 40 milljónir dala.

**hordur@frettabladid.is**






brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Lykilatriði fyrir fjármagnsútflæði að heimamarkaðurinn sé í lagi

Það veldur manni áhyggjum að þátttakendum á verðbréfamarkaði hefur fækkað, sem birtist okkur í því að það hefur dregið úr virkni og seljanleiki er minni en áður, og það aftur veldur því að markaðurinn er ekki að sinna því grunnhlutverki sínu að vera framsýnn og gefa sem réttastar upplýsingar um verðmyndun félaga hverju sinni," segir Hannes Árdal, framkvæmdastjóri Íslenskra fjárfesta, í samtali við Markaðinn.

Hann bendir á að þegar leiðrétt sé fyrir Arion banka og Marel, langsamlega stærstu skráðu félögunum, hafi velta á hlutabréfamarkaði það sem af er ári dregist saman. „Hún er núna um fimm prósent sem hlutfall af markaðsvirði félaga í Kauphöllinni en var liðlega sjö prósent á sama tíma fyrir ári," útskýrir Hannes.

**Samkeppnin hefur minnkað og skoðanaskipti á markaði eru því bæði einsleitari og minni en áður.**

Hannes Árdal, framkvæmdastjóri Íslenskra fjárfesta



Til að sporna við þessari þróun sé meðal annars mikilvægt að fjölga virkum og sjálfstæðum fjárfestingasjóðum með því að heimila þeim, eins og er lagt til í hvítbók um framtíðarskipan fjármálakerfisins, að taka að sér ávöxtun séreignarsparnaðar sem til þessa hefur aðeins verið á forræði lífeyrissjóðanna. Þá nefnir Hannes að útgefendur þurfi að hlúa vel að viðskiptavökum sem séu mikilvægir fyrir verðmyndun auk þess sem það megi skoða að gera skyldusparnað í lífeyrissjóði frjálsari en nú er þannig að almenningur hafi meira um það að segja hvernig honum sé ráðstafað.

Hann segir að Íslenskir fjárfestar, sem halda á morgun, fimmtudag, upp á 25 ára afmæli verðbréfafyrirtækisins, hafi að undanförnu haldið á lofti þeim sjónarmiðum að það sé lykilatriði, eigi að viðhalda jafnvægi í fjármagnsflæði til og frá landinu, ekki hvað síst fyrir lífeyrissjóðina ætli þeir sér að halda áfram að fjárfesta í stórum stíl erlendis, að heimamarkaðurinn sé í lagi. „Forsenda þess að við fáum innflæði fjármagns á hlutabréfamarkaðinn á móti erlendum fjárfestingum lífeyrissjóðanna," að sögn Hannesar, „er að það sé virk verðmyndun og seljanleiki. Þetta eru þau atriði sem skipta erlenda sjóði hvað mestu máli þegar þeir líta til þess að fjárfesta á íslenska markaðinum," segir Hannes.

Lífeyrissjóðir og fagfjárfestar hafa verið að taka fjármuni úr virkri stýringu hjá hlutabréfasjóðum, auk þess sem sjóðunum hefur fækkað með sameiningum verðbréfafyrirtækja, og hafa því eignir þeirra sem hlutfall af markaðsvirði skráðra félaga dregist mikið saman á síðustu árum og eru núna um sex prósent. Til samanburðar námu eignir þeirra um 15 prósentum sem hlutfall af virði félaga í Kauphöllinni fyrir aðeins rúmlega þremur árum.

„Þetta þýðir með öðrum orðum," útskýrir Hannes, „að samkeppnin hefur í þeim skilningi minnkað og með þeim afleiðingum að skoðanaskipti á markaði eru bæði einsleitari og minni en áður."

Á sama tíma og verðbréfasjóðum hefur fækkað og þeir minnkað, ásamt því að lífeyrissjóðir horfa einkum út fyrir landsteinana í sínum fjárfestingum, hafa umsvif efnamikilla einkafjárfesta verið hverfandi. Hann segir að þetta snúist að miklu leyti um „eggið og hænuna. Einkafjárfestar sýna markaðinum ekki endilega áhuga ef það er lítill sem enginn seljanleiki og aðstæður til að selja í félögum eða færa sig milli eignaflokka eru erfiðar."

Spurður hvort það séu ekki vaxandi líkur á því, við þessar aðstæður á markaði, að einhver félög fari að huga að afskráningu segir Hannes að það sé „vissulega hætta á að þau sjái ekki hag sínum lengur borgið með því að vera skráð á markað ef ávinningurinn af því er ekki lengur augljós". **hordur@frettabladid.is**



**Birgir Þór Bieltvedt.**

## Hlutafé Jubileum aukið um 30 milljónir

Hlutafé Jubileum, sem á veitingastaðina Cafe Paris og Snaps, var nýverið aukið um 30 milljónir króna. Þetta staðfestir Birgir Þór Bieltvedt, sem á eignarhaldsfélagið ásamt eiginkonu sinni, Eygló Kjartansdóttur, í samtali við Markaðinn.

Birgir segir að veitingarekstur hafi verið erfiður síðustu misseri. Í stað þess að skuldsetja fyrirtækið væri ráðlegra að auka hlutafé. „Ég kappkosta að styrkja félögin og lækka skuldir. Þetta er liður í því," segir hann. Fjármunirnir muni fyrst og fremst nýtast Jubileum og Snaps en ekki Cafe Paris.

**Ég hef tröllatrú á að því að það séu góðir tímar fram undan á Íslandi. Það þarf bara að þrauka þangað til.**

Samhliða jókst hlutur Jubileum í Snaps í 85-90 prósent. Stofnendur staðarins, Sigurgísli Bjarnason og Stefán Melsted, eiga það sem eftir stendur auk kaupréttar að hlutafé.

„Ég hef tröllatrú á að því að það séu góðir tímar fram undan á Íslandi. Það þarf bara að þrauka þangað til og aðlaga reksturinn breyttum forsendum," segir hann.

Að sögn Birgis hefur rekstur Cafe Paris gengið vel að undanförnu. Sumarið hafi verið sérstaklega gott. Framkvæmdir hafi staðið yfir í grennd við Snaps sem sett hafi strik í reikninginn en nú sjái fyrir endann á þeim. Veitingastaðurinn sé í góðum rekstri þrátt fyrir framkvæmdirnar og fækkun ferðamanna.

Eigið fé Jubileum var neikvætt um 13 milljónir króna árið 2018 sem einkum má rekja til mikils taps hjá Cafe Paris. Jubileum tapaði 335 milljónum árið 2018 og 80 milljónum árið áður. – **hvj**

# Orðspor landsins gæti skaðast

**Ef Ísland fer á gráan lista FATF er mikilvægt að stjórnvöld bregðist rétt við að sögn sérfræðinga í vörnum gegn peningaþvætti. Erfiðara að stofna til nýrra viðskipta erlendis. Orðsporið gæti beðið hnekki.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Viðskiptavild og orðspor Íslands geta beðið hnekki ef stjórnvöld bregðast ekki með skjótum hætti við því að Ísland lendi á gráum lista FATF. Vera Íslands á listanum getur torveldað einstaklingum og fyrirtækjum að stofna til nýrra viðskipta hjá erlendum fjármálastofnunum að sögn sérfræðinga í vörnum gegn peningaþvætti.

„Það getur orðið erfiðara fyrir ný fyrirtæki að stofna til viðskipta erlendis. Til að mynda geta erlendir bankar þurft að gera sérstaklega grein fyrir af hverju þeir samþykkja íslensk fyrirtæki í viðskipti þegar þau koma frá landi sem er á gráa listanum. Auk þess geta fyrirtæki sem eiga nú þegar í viðskiptum erlendis þurft að færa betri rök fyrir fjármagnsflutningum," segir Guðmundur Kristjánsson, stofnandi fjártæknifyrirtækisins Lucinity, í samtali við Markaðinn. Hann stofnaði Lucinity á síðasta ári eftir að hafa starfað sem yfirmaður samskiptaeftirlits og gervigreindar hjá fjármálarisanum Citigroup.

Í síðustu viku var greint frá því að sérfræðingahópur FATF, sem er alþjóðlegur hópur ríkja um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, teldi að enn stæðu út af sex atriði sem gætu leitt til þess að umbætur Íslands varðandi aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka verði ekki taldar fullnægjandi. Verði það niðurstaðan fer Ísland á lista yfir svokölluð áhættusöm þriðju lönd þar sem aðgerðaáætlun er í farvegi.

### Höftin veittu falskt öryggi

Guðmundur segir að til skemmri tíma litið verði áhrifin af veru Íslands á listanum lítil. Ef það dregst hins vegar á langinn að komast af listanum getur það valdið tortryggni í viðskiptum og jafnvel haft áhrif á lánshæfi fyrirtækja og stofnana.

„Þetta getur orðið hið versta mál fyrir viðskiptavild landsins ef ekki er brugðist skjótlega við," segir Guðmundur sem tekur fram að stjórnvöld hafi brugðist vel við þeim athugasemdum sem FATF hefur gert. Samt sem áður séu enn stór atriði sem standi út af.

„Eftir fjármálahrunið vorum við í þeirri sérstöku stöðu að allar millifærslur til landsins voru grandskoðaðar. Það hefur ef til vill veitt okkur falskt öryggi sem gekk þó augljóslega ekki til lengdar. Þegar fjármagnshöftum var aflétt og fé tók skyndilega að flæða inn til landsins komu upp nýjar áskoranir og þá er mikilvægt að haldið sé rétt á spöðunum."




**Guðmundur og dr. Justin Bercich hafa víðtæka reynslu af vörnum gegn peningaþvætti.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Stjórnvöld funda beggja vegna Atlantshafsins

Stjórnvöld vinna nú hörðum höndum að því að koma málinu í betri farveg. Samkvæmt minnisblaði utanríkisráðuneytisins um samskipti ráðherra og sendiherra Íslands í Bandaríkjunum með þarlendum ráðamönnum kemur fram að sendiherrann hafi átt fund 7. október síðastliðinn með nokkrum embættismönnum bandaríska utanríkisráðuneytisins vegna málsins. Fundurinn var haldinn sama dag og tilkynnt var um athugasemdir FATF.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að samkvæmt heimildum blaðsins hafi fulltrúar stjórnvalda fund í höfuðstöðvum FATF-samtakanna í París í þarsíðustu viku. Vænta má niðurstöðu á fundi fulltrúa allra aðildarríkja FATF sem hófst í gær og lýkur á föstudag.

**Þetta getur orðið hið versta mál fyrir viðskiptavild landsins ef ekki er brugðist skjótlega við.**

Guðmundur Kristjánsson, stofnandi Lucinity

Ástralinn dr. Justin Bercich er yfir gagnavísindum hjá Lucinity en hann starfaði áður sem gagnavísindamaður hjá breska fjármálaeftirlitinu (UK FCA).

„Skammtímaáhrifin verða óveruleg, en ef við horfum eitt, tvö eða þrjú ár fram á veginn þá getur aðgerðaleysi skaðað orðspor Íslands og jafnvel haft áhrif á mikilvæga hluti eins og milliríkjaviðskipti. Aðgerðir til að uppfylla kröfur FATF geta tekið tíma og þess vegna þarf að búa svo um hnútana að á næsta ári verði þessi mál komin í gott horf," segir dr. Bercich. „Orðspor Íslands mun ekki bíða hnekki ef stjórnvöld bregðast rétt við og með skjótum hætti. Þannig geta þau sýnt umheiminum að landið taki þessi mál alvarlega."

### Getum skarað fram úr

Hugbúnaðarlausnin Lucinity vinnur úr upplýsingum um allar aðgerðir viðskiptavina fjármálafyrirtækis og nýtir sér gervigreind til að finna grunsamleg hegðunarmynstur. Í dag er lítil samhæfing milli banka sem gerir þeim erfitt fyrir að sjá heildarmyndina í kerfisbundnu peningaþvætti. Lucinity gerir bönkunum kleift að læra hver af öðrum og þannig finna brot sem annars hefði ekki komist upp um.

„Það er tvennt sem þarf að huga að. Í fyrsta lagi þarf að komast af listanum og í öðru lagi þarf að byggja aftur upp traust. Íslenska fjármálakerfið er frekar einsleitt og með miðlæga grunna. Það felast því mikil tækifæri í því að byggja upp sameiginlegar og samþættar varnir gegn peningaþvætti. Ef viljinn er fyrir hendi getur Ísland skarað fram úr á þessu sviði og skapað hagræði í kaupbætti. Þá eru ótalin áhrif vegna tengsla peningaþvættis við aðra skipulagða glæpastarfsemi," segir dr. Bercich.

Guðmundur nefnir að árlegt umfang peningaþvættis á heimsvísu sé metið nálægt 2.400 milljörðum Bandaríkjadala og því séu miklir fjármunir í húfi. Erlend glæpasamtök haldi úti heilu rannsóknar- og þróunardeildunum til að finna betri leiðir til peningaþvættis og staðsetja veikasta hlekkinn í keðjunni.

„Ef þú ert veikasti hlekkurinn þá leitar fjármagnið til þín og það er nákvæmlega það sem gerðist hjá Danske Bank í Eystrasaltslöndunum sem var þá veikasti hlekkurinn í Evrópu."

# október TILBOÐ

## á H1rafmagns-borðum



**H1 rafmagnsborð**
Flottir og sterkir rafmagnsfætur með minnisstýringu. Á H1 fæturna er hægt að setja 120-160 cm langar plötur. Fæturnir eru til á lager í gráu, svörtu og hvítu.

MYNDFORM GRAFÍK

| | |
|---|---|
| 120x80cm | **48.900kr.** |
| 140x80cm | **51.900kr.** |
| 160x80cm | **54.900kr.** |

Borðplötur til á lager í eik, beyki og hvítu. Fætur til í gráu, hvítu og svörtu.

# P90

## með bólstruðu baki

Hægt að stilla bakstuðning. Samhæfð stilling setu og baks. Færanleg seta. Armar fylgja með.

- Sethæð 43-51 cm
- Breidd setu 48 cm
- Dýpt setu 48 cm
- Hentar fólki upp í 192 cm hæð
- 3 ára ábyrgð miðað við 8 tíma setu á dag og að hámarki 110 kg



**Sparaðu 40%**

VERÐ ÁÐUR
**94.900 kr.**

VERÐ NÚ
**54.900 kr.**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

RÍKISKAUP

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Rekstur Iceland Seafood International, sem stefnir á Aðallista í Kauphöllinni í kjölfar hlutafjárútboðs sem hófst í dag, hefur tekið stakkaskiptum á skömmum tíma. Til að bregða ljósi á umbreytinguna í rekstrinum segir forstjórinn Bjarni Ármannsson að virðisaukandi starfsemi fyrirtækisins hafi vaxið hratt frá árinu 2013. Árið 2013 hafi hlutfallið verið 29 prósent af veltu en hafi vaxið í 61 prósent. Virðisaukandi starfsemin hafi áður lagt til 26 prósent af hagnaði Iceland Seafood en hlutfallið sé nú 91 prósent af hagnaði.

Á tveimur árum hafa tekjur fyrirtækisins aukist um 79 prósent í tæplega 450 milljónir evra, jafnvirði 62 milljarða króna, ef tekjuspá ársins 2019 gengur eftir. Vöxtinn má að langmestu leyti rekja til kaupa á tveimur fyrirtækjum í fyrra. Þróun tekna var svo til flöt á árunum 2013 til 2017.

**Keypti tvö fyrirtæki**

Iceland Seafood keypti 67 prósenta hlut í Oceanpath á Írlandi en lykilstjórnendur þess fyrirtækis eiga það sem eftir stendur. Þá keypti fyrirtækið að fullu rekstur Icelandic Ibérica á Spáni og styrkti þar með verulega stöðu sína í Suður-Evrópu. Markaðssvæði Iceland Seafood er fyrst og fremst Evrópa og Bjarni nefnir að fyrirtækið sé með sterka stöðu á sínu sviði í Suður-Evrópu.

Bjarni var áður á meðal hluthafa Icelandic Ibérica, hann eignaðist um 11 prósenta hlut í Iceland Seafood við samruna Iceland Seafood og Icelandic Ibérica og varð fyrir vikið stærsti hluthafinn. Þrjú útgerðarfyrirtæki, sem jafnframt eru birgjar Iceland Seafood, eiga ríflega 10 prósenta hlut hvert í félaginu. Þau eru FISK-Seafood, Jakob Valgeir og Nesfiskur.

Hann segir að verkefnið fram undan sé að ná fram aukinni hagræðingu í rekstrinum í kjölfar fyrirtækjakaupanna í fyrra. „Við erum ekki upptekin af tekjuvexti heldur viljum við ná meiri verðmætum úr þeim viðskiptum sem við búum að í dag. Öllum nýjum viðskiptavinum er þó fagnað en áherslan verður á að auka arðsemi félagsins.“

**Horfa til aukins hagnaðar**

Stjórnendur Iceland Seafood horfa til þess að auka hagnað fyrirtækisins fyrir skatta í 20 milljónir evra á næstu þremur til fimm árum. Til samanburðar var sá hagnaður rúmlega þrjár milljónir evra árið 2016, tæplega 11 milljónir í fyrra og verður um 11,0 til 11,8 milljónir evra í ár ef útgefin afkomuspá félagsins rætist. Bjarni segir að með aukinni samlegð og fjárfestingu í sjálfvirkni megi ná þeim árangri.

„Markmiðið er að sameining Icelandic Ibérica við starfsemi Iceland Seafood á Spáni muni leiða til 3 til 3,5 milljóna evra árlegs rekstrarhagræðis á næstu tveimur árum. Það hagræði felst einkum í tilfærslu á framleiðslueiningum, minni flutningskostnaði og fækkun í yfirstjórn. Auk þess munum við fjárfesta í ríkari mæli í rekstrinum. Með hóflegum fjárfestingum munum við auka skilvirkni samstæðunnar. Það er ekkert eitt atriði sem eitt og sér mun ná fram þessum aukna hagnaði en við vinnum náið með stjórnendum á hverjum stað til að auka hagkvæmni,“ segir hann.

Sem dæmi nefnir Bjarni að nýverið hafi verið fjárfest í flökunarlínu frá Marel fyrir starfsemina á Írlandi í því skyni að flaka lax. Áður en fjárfest var í tækjabúnaðinum hafi fyrirtækið keypt 1.500 tonn af flökuðum laxi á ári. Stefnt sé að því að fjárfestingin skili sér á einu og hálfu ári.

„Við rekum sjö verksmiðjur, tvær á Írlandi, tvær í Bretlandi, tvær á Spáni og eina í Argentínu,“ segir Bjarni.



„Við viljum því nýta gott aðgengi að fjármálamarkaðnum til að vaxa enn frekar,“ segir Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood. „Fjármálamarkaðurinn

# Iceland Seafood hefur tekið stakkaskiptum

**Forstjóri félagsins segir að vilji standi til að nýta gott aðgengi að fjármálamarkaðnum til að vaxa enn frekar. Víða séu tækifæri til að auka skilvirkni. Brexit skapi truflun og óhagræði. Munu greiða hluta af hagnaði í arð.**

*Er stefnt að auknum fjárfestingum í rekstri þeirra?*

„Það eru víða tækifæri til að auka skilvirkni og ná fram umtalsverðum sparnaði. Í Argentínu erum við að auka hagkvæmni og stærð rekstrarins með því að fjárfesta í aukinni vinnslugetu og frystigeymslum. Í ljósi efnahagsumhverfis í Argentínu þurfa fjárfestingar þar í landi að hafa tiltölulega stuttan endurgreiðslutíma.“

**Ögrandi umhverfi**

*Það mun eflaust reyna mikið á stjórnendur fyrirtækjanna á næstu misserum við að tvinna saman reksturinn og auka hagræðið?*

„Já, það mun gera það. Verkefnið er á margan hátt krefjandi. Umhverfið er jafnframt ögrandi. Til dæmis verða stjórnendur í Bretlandi að bregðast við fyrirhugaðri útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu (Brexit). Samkvæmt nýjustu fréttum mun hún bresta á í lok mánaðarins, þótt það gæti breyst. Það hefur farið mikill tími og þróttur í að undirbúa það.“

*Hvaða áhrif hefur Brexit á reksturinn?*

„Brexit veldur truflun og óhagræði. Í Bretlandi erum við fyrst og fremst að selja frystivörur, það er því ekki um viðkvæmar ferskvörur að ræða. Hrávörurnar koma ekki frá Evrópusambandinu heldur Barentshafinu í gegnum Noreg og Rússland og frá Asíu í gegnum Kína, Víetnam og Indland.

Við höfum brugðist við með því að auka birgðir. Ef það kemur stopp í aðfangakeðjuna getum við áfram afhent fisk, þótt það sé að sjálfsögðu bara í takmarkaðan tíma. Við höfum einnig lagt okkur fram við að laga okkur að breyttu umhverfi.“

Í hlutafjárútboði Iceland Seafood, sem lýkur á föstudag, er 9,6 prósenta hlutur í fyrirtækinu boðinn til sölu. Miðað við neðri mörk í útboðinu er stefnt að því að afla að lágmarki 2,1 milljarðs króna í nýju hlutafé. Miðað við það er markaðsvirði fyrirtækisins um 22 milljarðar króna.

> **Við erum ekki upptekin af tekjuvexti heldur viljum við ná meiri verðmætum úr þeim viðskiptum sem við búum að í dag.**

**2018 ár umskipta**

*Hvers vegna er horft til skráningar á Aðallista Kauphallarinnar?*

„Þetta er eðlilegt skref í rekstri Iceland Seafood. Félagið hefur verið skráð á First North-hliðarmarkaðinn frá árinu 2016. Á þeim tíma hefur fyrirtækið í ríkari mæli lagt áherslu á virðisaukandi starfsemi nær mörkuðum sem kemur berlega fram í fjárfestingum fyrirtækisins í sterkum framleiðslueiningum staðsettum á mörkuðum sem eru dyggilega studdar af sterkum innkaupa- og sölueiningum, bæði á Íslandi og alþjóðlega.

Árið 2018 var ár umskipta hjá Iceland Seafood þegar það keypti meirihluta í Oceanpath, sem er stærsta fyrirtækið á Írlandi í sölu á fersku sjávarfangi til smásala, og Icelandic Ibérica á Spáni. Við þann samruna er Iceland Seafood orðið stærsta félagið í sölu og vinnslu á íslenskum þorski á Spánarmarkaði og gaman að nefna það í framhaldi að Spánn er aftur orðinn stærsti markaður Íslendinga fyrir þorskafurðir.

Markmiðið með skráningunni er að styrkja félagið og undirbúa það undir enn frekari vöxt,“ segir Bjarni.

Eftir hlutafjárútboðið verður eiginfjárhlutfall Iceland Seafood um 40 prósent en árið 2016 var hlutfallið um 20 prósent. „Þetta verður mikil og jákvæð breyting,“ segir hann.

**Munu greiða arð**

Að því búnu er stefnt að því að eiginfjárhlutfallið verði ávallt yfir 35 prósentum og að 20 til 40 prósent af hagnaði verði greidd í arð árlega. Bjarni segir að það sé nýmæli, Iceland Seafood hafi ekki áður greitt arð með reglubundnum hætti.

*Hvað breyttist hjá Iceland Seafood við þennan samruna?*

„Styrkur félagsins í Suður-Evrópu jókst til muna því þau félög sem hafa barist hvað harðast innbyrðis, sum sé Iceland Seafood og Icelandic

# Fólk

Tíska

MIÐVIKUDAGUR 16. OKTÓBER 2019



Eva er í varmavesti frá studiob3 og skóm frá Puro. Þuríður er í dúnúlpu frá Rundholz og skóm frá Lofina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bóel rýmir fyrir nýjum vörum

Dagana 16. til 21. október verður 10-40% afsláttur af völdum vörum hjá versluninni Bóel á Skólavörðustíg. Nú er tækifæri til að kíkja við í Bóel og krækja sér í flotta hönnunarflík eða skó úr fyrstu haustsendingunni. →2

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.



**Framhald af forsíðu ➪**

Við eigum von á síðustu sendingum fyrir jól nú í lok október og ætlum að búa til gott rými fyrir nýju vöruna áður við förum endanlega að jóla yfir okkur," segir Þuríður Ottesen, eigandi Bóel.

„Við eigum núna mjög skemmtilegar flíkur sem smellpassa í vinnuna og margar mjög listrænar og spes. Við fengum geggjaða sendingu nýlega frá studiob3 sem hreinlega er að verða uppseld en það eru nokkrir gullmolar eftir. Svo ætlum við að bjóða 40% af flestu frá YAYA sem er beisik línan okkar. Fyrir tveimur vikum fengum við sendingu frá þýska skómerkinu Trippen og höfum fengið mikið lof fyrir að koma með þessa skó á ný."

Þuríður segir konur koma inn í verslunina í yfir 20 ára Trippen skóm sem eru alltaf smart, öðruvísi og töff. „Þessir skór eru listmunirnir mínir sagði einn af viðskiptavinum okkar sem á þó nokkur pör á ýmsum aldri." Bóel býður 10% kynningarafslátt af Trippen skóm og 20% afslátt af skóm frá LOFINA og PURO.

## Fágaður tímalaus fatnaður

Þuríður segir að töff en fágaður, tímalaus, fatnaður sem fellur ekki úr tísku einkenni hönnunina í Bóel nú í haust. „Flíkin sem maður hittir inni í skáp og gleðst yfir að hafa í safninu sínu. Þegar maður á góðan grunn í þeim stíl sem Bóel hefur upp á að bjóða þá er nóg að koma einu sinni til tvisvar á ári og bæta pínu í safnið. Aðalhönnuðurinn okkar, RUNDHOLZ, er svo flinkur þegar kemur að konulíkamanum, ein flík getur verið glæsileg óháð stærð konunnar og flíkin verður persónuleg fyrir þann sem ber hana."

„Rundholz, pínu meira spari, eitthvað kræsilegt fyrir jólahlaðborðið og jólin," segir Þuríður þegar hún er spurð hvað sé væntanlegt í næstu sendingum. „Við fáum einnig sparilega kjóla frá YAYA og svo eina mjög spennandi skósendingu frá LOFINA. Ekki má svo gleyma að í Bóel fást hreinustu fáanlegar húðvörur ANTIPODES frá Nýja-Sjálandi, á lista yfir fimm hreinustu húðvörur veraldar. Þær eru lífrænt vottaðar og vísindalega rannsakaðar með tilliti til virkni. Ef keypt er ein vara frá ANTIPODES fæst hreinsimjólk eða krem í kaupbæti. Hægt er að kíkja á boel.is og fræðast um ANTIPODES og fullt fleira en síðan er alveg upplagt að detta inn og ekki láta það trufla að það standi uppselt en við erum að klára netbúðina."




Antipodes lífrænt vottaðar snyrtivörur; þú færð hreinsimjólk fría ef þú kaupir einn hlut frá Antipodes. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bóel Skólavörðustíg 22
101 Reykjavík
Sími: 8431809
Facebook: Bóel
Instagram: boelisland
www.boel.is



**Þeir gerast varla flottari Puro háhælaðir skór, 20% afsláttur.**



**Trippen skór í Bóel, 10% kynningarafsláttur.**



**Mandarina Duck töskur, 10% afsláttur.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Þú getur hjálpað

## Rétt viðbrögð ráða úrslitum!

MIÐVIKUDAGUR 16. OKTÓBER 2019



# Nýjum bæklingi Hjartaheilla dreift um land allt




**Þú getur hjálpað!**

**903 7100**

Hringdu fyrir 3.500 kr. framlag

Frjáls framlög: Bankareikningur 0513 26 1600 kt. 511083 0369

HjartaHeill

SJÓVÁ

Sjóvá er stoltur styrktaraðili forvarnaátaks Hjartaheilla.

# Þakklæti til þjóðarinnar

**Hjartaheill eru landssamtök um heilbrigði hjartans, bætta heilsu og lífsgæði í íslensku samfélagi, með áherslu á framfarir í forvörnum, fræðslu og meðferð hjartasjúkdóma. Í samtökunum er fagfólk, hjartasjúklingar, aðstandendur og áhugafólk.**

Það er mikill mannauður sem samtökin hafa safnað sér í gegnum tíðina, sjálfboðaliðar, sem vinna án endurgjalds fyrir samtökin.

Hjartaheill hafa treyst á sjálfboðaliða í sínum röðum frá stofnun samtakanna. Við höfum í því sambandi verið heppin að hafa fengið í raðir okkar virka þátttakendur sem hafa mótað umhverfi sitt og samfélagið okkar. Þeim ber að þakka.

Nú förum við af stað með átak til að vekja fólk til umhugsunar um hversu mikilvægt það er að bregðast við hjartastoppi.

Mikilvægt er að bregðast strax við. Við höfum sent inn á hvert heimili í landinu upplýsingabækling og leggjum áherslu á það að sem flestir kynni sér efnið. Við höfum styrkt verkefni sem ber nafnið BÖRNIN BJARGA, og stuðlar að innleiðingu markvissrar kennslu í endurlífgun í grunnskólum landsins.

Að sýna almennt þakklæti er afar mikilvægt í mannlegum samskiptum og felur í sér jákvæðan hug til þeirra sem þakklætið beinist að. Almennt þarf ekki mikið til. Nóg er að segja orðin: „Takk fyrir,“. Það er að minnsta kosti ágæt byrjun.

Þakklæti er innri upplifun og ytri tjáning. Innra þakklæti lýtur að því sem við erum, eigum, höfum og því sem við verðum ekki fyrir, t.d. áföllum og að við fáum að halda heilsu.



Sveinn Guðmundsson.

Þakklæti felst í því að kunna að bera kennsl á það sem virðist sjálfsagt og læra að meta það mikils.

Fyrir hönd samtaka okkar vil ég nota tækifærið og þakka fyrir fram öllum þeim sem taka þátt í þessu verkefni, hvort heldur með fjárstyrk eða vinnu og hafa lagt fram sinn skerf við að móta sögu okkar frá liðnum tíma og gert allt það sem við höfum framkvæmt mögulegt.

*Með hjartans kveðju,*
*Sveinn Guðmundsson*
*formaður Hjartaheilla.*

HJARTASTOPP

Munum landssöfnun Hjartaheilla!

HjartaHeill




**BÖRNIN BJARGA.** Æfingadúkkan sem safnað verður fyrir til að þjálfa börn í grunnskólum landsins.

# Börnin læra að bjarga lífi fólks

**Á næstu dögum kemur bæklingurinn Hjartastopp inn á öll heimili landsins. Bæklingurinn inniheldur áríðandi upplýsingar um viðbrögð við hjartastoppi, ásamt hvatningu um stuðning við forvarnarstarf Hjartaheilla.**

BÖRNIN BJARGA nefnist átak Hjartaheilla. Því er ætlað að safna fé til kaupa á æfingadúkkum fyrir skóla landsins. Með dúkkunum verður hægt að ná góðum árangri í að stórefla kennslu í endurlífgun og auka lífslíkur þeirra sem fara í hjartastopp. Geymið bæklinginn.

Átakið BÖRNIN BJARGA stuðlar að innleiðingu markvissrar kennslu í endurlífgun í grunnskólum landsins þar sem áherslan er lögð á öruggt hjartahnoð við hjartastoppi. Átakið er unnið af Endurlífgunarráði í samráði við Landlæknisembættið og stutt af frjálsum félagasamtökum og Sjóvá.

Forsenda þess að átakið BÖRNIN BJARGA nái góðum árangri, er að æfingadúkkur séu tiltækar í sem flestum skólum um allt land, svo kennsla í endurlífgun geti farið fram með raunhæfum hætti.

HJARTAHEILL standa fyrir fjáröflun til kaupa á æfingadúkkum. Með góðum árangri verður hægt að stórefla kennslu í endurlífgun og auka lífslíkur þeirra sem fara í hjartastopp.

Hjartaheill eru landssamtök um heilbrigði hjartans, bætta heilsu og lífsgæði í íslensku samfélagi, með áherslu á framfarir í forvörnum, fræðslu og meðferð hjartasjúkdóma. Í samtökunum er fagfólk, hjartasjúklingar, aðstandendur og annað áhugafólk.




**Bæklingnum verður dreift á öll heimili landsins. Geymið bæklinginn.**

**Hægt verður að stórefla kennslu í endurlífgun og auka lífslíkur þeirra sem fara í hjartastopp.**

Nánari upplýsingar á hjartaheill.is og facebook.com/hjartaheill
Þegar hringt er í síma 903 7100 er hægt að leggja verkefninu lið með 3.500 króna fjárframlagi. Einnig er hægt að leggja inn á reikninginn 0513 26 1600, kt. 511083 0369.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103, | Veffang: frettabladid.is

# Hringja, hnoða og stuða

**Dr. Felix Valsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir hjá Landspítala, segir tvennt bjarga sjúklingum sem fara í hjartastopp; hjartahnoð og hjartastuðtæki. Hér gefur hann góð ráð um endurlífgun, fyrstu viðbrögð við hjartastoppi og auðvelda notkun hjartastuðtækja.**



Dr. Felix Valsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir, segir hjartastuðtæki vera ótrúlega auðveld í notkun.

Einkenni hjartastopps eru fyrst og fremst skyndilegt meðvitundarleysi og að öndun stöðvast eða verður mjög óeðlileg,“ segir dr. Felix Valsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir á Landspítala.

„Þegar hjartastopp verður eru sérfræðingar sjaldnast á staðnum. Fyrstu viðbrögð eru þó tiltölulega einföld og hafi þeir, sem þar eru staddir, réttar upplýsingar geta þeir veitt dýrmæta fyrstu hjálp og jafnvel bjargað mannslífi,“ segir Felix.

Mikilvægt sé að kalla strax á hjálp, hringja í 112 ef unnt er og gefa skýr skilaboð um hjartastopp og staðsetningu.

„Strax á eftir því er nauðsynlegt að byrja hjartahnoð því með hnoðinu fer blóðið á hreyfingu um líkamann, þar með talið til heila og hjarta. Með hjartahnoði setur maður báðar hendur á miðhluta bringubeins og þrýstir mjög fast, helst svo að bringubeinið gangi inn, sirka fimm til sex sentimetra, og hnoðar svo 100 til 120 sinnum á mínútu,“ útskýrir Felix.

Eftir hver 30 hnoð eru gefnir tveir blástrar munn við munn.

„Ef sá sem hnoðar treystir sér ekki til að blása af einhverjum ástæðum er samt mjög mikilvægt að halda stöðugt áfram að hnoða,“ segir Felix.

### Námskeið og hjartastuðtæki

Námskeið í endurlífgun eru víðs vegar í boði, oft á vegum vinnuveitenda.

„Með því að sækja slík námskeið getum við bjargað fleiri mannslífum og það hefur margoft sýnt sig að þeir sem hafa sótt námskeiðin vita hvað gera skal, jafnvel þó nokkuð langt sé um liðið,“ upplýsir Felix.

Sömuleiðis þurfi sem flestir að kynna sér notkun sjálfvirkra og hálfsjálfvirkra hjartastuðtækja sem nú eru komin mjög víða.

„Mikilvægt er að fólk kynni sér hvar hjartastuðtækin er að finna, því það getur skipt sköpum um björgun,“ segir Felix.

### Tækin tala við okkur

Hjartastuðtæki eru ótrúlega auðveld í notkun.

„Þegar þau hafa verið opnuð og sett í gang byrja þau yfirleitt að tala og leiða fólk með öryggi í gegnum ferlið,“ útskýrir Felix.

Venjulega eru tveir límpúðar með tækinu sem settir eru á sjúklinginn og alltaf á bera húð.

„Á límpúðunum sést með myndum hvar á að setja þá og tækið gefur fyrirmæli um þetta. Jafnframt því sem farið er að leiðbeiningum þarf stöðugt að halda áfram að hnoða. Ef tveir eru saman er best að annar hnoði á meðan hinn sinnir tækinu,“ útskýrir Felix.

Tækið ákveði hvort það telji að sjúklingurinn sé í „stuðanlegum takti“.

„Ef tækið metur að svo sé biður það nærstadda að færa sig fjær og snerta ekki sjúklinginn á meðan rafstuð er gefið og gefur svo rafstuð. Sum tæki biðja um að ýtt sé á takka til að virkja stuðið. Það er þá rauður blikkandi takki og tækið segir hátt og skýrt: „Ýtið á takkann“. Flest stuðtæki hér á landi tala íslensku nema þau sem eru í flugvélum eða á öðrum stöðum sem telja má alþjóðleg; þar er tungumálið yfirleitt enska,“ útskýrir Felix.

Hjartastuðtækin veita einnig leiðbeiningar um hnoð og blástur og leiða viðkomandi í gegnum ferlið.

„Oft eru merki þar sem þessi tæki eru til staðar, með grænu hjarta og brotinni ör í gegnum það,“ segir Felix.

### Þekkjum staðsetningu hjartastuðtækjanna

Það getur skipt miklu um endurlífgun að geta leiðbeint þeim sem koma fyrstir á staðinn um hvar næsta hjartastuðtæki sé staðsett.

„Það er aðallega tvennt sem bjargar sjúklingum sem fara í hjartastopp,“ segir Felix. „Það er að fá hjartahnoð og að það sé gert fljótt og rétt. Alls ekki hika við að byrja að hnoða og gera það af þrótti og ekki vera hræddur því það eru í raun engar líkur á að maður geti gert skaða sem neinu nemur. Mögulega geta rifbein brotnað en það er bara minni háttar mál í stóra samhenginu. Hitt atriðið er að fá rafstuðtæki sem allra fyrst.“

### Fyrstu viðbrögð mikilvæg

Þetta eru fyrstu viðbrögð og þau geta skipt sköpum. Síðan koma yfirleitt sérhæfðir sjúkraflutningamenn eða heilbrigðisstarfsfólk á staðinn.

„Ef sjúklingurinn hefur náðst í gang er hann fluttur á sjúkrahús og þá hefst næsta stig meðferðar, sem getur verið hjartaþræðing ef grunur leikur á að orsökin sé kransæðastífla. Oft er tekin sneiðmynd af höfði til að ganga úr skugga um að ekki sé blæðing í heilanum. Síðan hefst gjörgæslumeðferð sjúklingsins, sérstaklega ef um er að ræða meðvitundarleysi. Það er alltaf ótti við skemmdir á heila því hann þolir bara mjög stuttan tíma án blóðflæðis,“ segir Felix en hlutverk hjartahnoðsins er ekki síst að halda blóðflæði til heilans því hnoðið heldur pumpunni gangandi að verulegu leyti.

„Ef tekst að koma hjartanu í takt með rafstuði tekur það sjálft við dælingunni sem er auðvitað það æskilegasta,“ segir Felix.

### Kæling hjálpar

Við hjartastopp hefur oft orðið einhver skerðing því sjúklingar geta verið meðvitundarlausir í einhvern tíma.

„Það hafa verið reyndar ýmsar aðferðir til að minnka skaða. Ein aðferðin er kæling, að kæla sjúklinginn allan. Það sést mjög greinilega þegar heilinn er kældur að þá minnkar orkunotkun heilans sem getur numið allt að 10 prósentum fyrir hverja gráðu sem kælt er. Þannig er maður að hvíla heilann á meðan hann er að jafna sig,“ segir Felix sem vill árétta eftirfarandi atriði:

- Hringið strax í 112 ef hjálpar er þörf
- Ekki hika við að beita hjartahnoði af krafti og festu
- Sækið endurlífgunarnámskeið ef þið hafið möguleika á því
- Kynnið ykkur hvar hjartastuðtæki eru staðsett nálægt ykkur
- Munið alltaf að fyrstu viðbrögð geta bjargað mannslífi


## Hjartaheill

**Hlutverk Hjartaheilla er:**

- að sameina hjartasjúklinga, aðstandendur þeirra og áhugafólk um heilbrigt hjarta
- að stuðla að betri heilsu og bættum lífsgæðum í íslensku samfélagi, með áherslu á framfarir í forvörnum, fræðslu og meðferð hjartasjúkdóma
- að standa vörð um hagsmuni og réttindi hjartasjúklinga
- að starfa faglega
- að framfylgja markmiðum samtakanna



**Framtíðarsýn Hjartaheilla:**

- Hjartaheill verði öflug hagsmunasamtök á sviði heilbrigðismála á Íslandi með stóran og virkan hóp félagsmanna.
- Hjartaheill verði leiðandi við að bæta lífsgæði landsmanna með eflingu forvarna og fræðslu um hjartasjúkdóma.



# Þekking sem bjargar mannslífum

## Sjóvá styrkir átakið Börnin bjarga, sem snýst um að kenna grunnskólabörnum skyndihjálp. Almenn þekking á skyndihjálp getur bjargað mannslífum og börn miðla fræðslunni áfram af krafti.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Sjóvá er aðal styrktaraðili átaksins Börnin bjarga, sem samtökin Hjartaheill standa fyrir. Átakið snýst um að innleiða markvissa endurlífgunarkennslu meðal grunnskólabarna, með áherslu á hjartahnoð, og kenna öllum börnum í 6. bekk á Íslandi skyndihjálp. Þjóðir sem hafa tekið upp slíka kennslu náðu á skömmum tíma að þrefalda þátttöku vitna í endurlífgun og tvöfalda lifun eftir hjartastopp utan spítala, svo ávinningurinn er mikill.

„Ástæðan fyrir því að við hjá Sjóvá viljum styðja við öflugt fræðslu- og forvarnastarf á þessu sviði eru sú að við vitum hversu miklu það getur skilað. Því teljum við það hluta af samfélagslegri ábyrgð okkar að styðja dyggilega við átak sem miðlar fræðslu um skyndihjálp með svo öflugum hætti," segir Eyrún Baldvinsdóttir, forstöðumaður líftrygginga hjá Sjóvá. „Það að fólk geti brugðist hratt og rétt við aðstæðum þegar manneskja fer í hjartastopp getur bókstaflega skilið milli lífs og dauða og því viljum við styðja við öfluga skyndihjálparfræðslu, líkt og þá sem Hjartaheill standa nú fyrir."

### Áhrif kennslunnar margfaldast

„Ég hef sjálf kennt börnum á þessum aldri skyndihjálp og séð hversu mikið þau geta lært og hversu áhugasöm þau eru," segir Eyrún. „Ég hef líka séð hversu mikil margföldunaráhrif það hefur út í samfélagið að kenna börnum skyndihjálp; þau miðla fræðslunni áfram til foreldra sinna og systkina og fjölskyldan getur þannig kynnt sér saman hvernig hægt er að bregðast við ef upp koma aðstæður þar sem þarf að beita skyndihjálp.

Það er því mjög vel til fundið að beina fræðslunni að öllum börnum í 6. bekk, það kemur til með að hafa mikil og góð áhrif út í samfélagið," segir Eyrún.

### Fræðsla veitir öryggi

„Það vilja auðvitað allir geta brugðist hratt og rétt við þegar manneskja fer í hjartastopp og með því að miðla þessari fræðslu getum við stuðlað að því að sem allra flestir öðlist öryggi til að bregðast við í slíkum aðstæðum," segir Eyrún. „Skyndihjálp er í eðli sínu ekki flókin en eins og eðlilegt er verður fólki mjög brugðið þegar það sér manneskju fara í hjartastopp.

Því meiri fræðslu sem þú hefur fengið, því betur ertu í stakk búin(n) til að bregðast við," segir Eyrún. „Það er líka mikilvægt að minna sig á að þú getur ekki gert neitt rangt, það sem öllu máli skiptir er að hringja strax í 112 og hefja síðan hnoð í samræmi við leiðbeiningar Neyðarlínunnar og það sem þú hefur lært."



Ágústa Kristín Andersen, Eyrún Baldvinsdóttir og Ágústa Guðný Atladóttir segja mikilvægt að styðja skyndihjálparfræðslu. Hjá Sjóvá færðu vandaða ráðgjöf varðandi líf- og sjúkdómatryggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Því meiri fræðslu sem þú hefur fengið, því betur ertu í stakk búin(n) til að bregðast við.**

Það tekur bara 15 mínútur að sækja um líf- og sjúkdómatryggingar á sjova.is. Þú skráir þig einfaldlega inn með rafrænum skilríkjum og undirritar umsóknina með þeim í lokin. Ef þú vilt bíða með umsóknina er hægt að hætta hvar sem er í ferlinu og koma aftur síðar. Það er síðan alltaf hægt að spjalla við ráðgjafa á netspjallinu ef einhverjar spurningar vakna.

### Algeng ástæða bótagreiðslu

„Okkar tölur endurspegla hversu algengir hjartasjúkdómar eru," segir Eyrún. „Flestir sem fá greitt úr sjúkdómatryggingum fá greitt vegna krabbameins, en næst algengast er að bætur séu greiddar vegna hjartasjúkdóma.

Þó að það sé algengast að fólk greinist með hjartasjúkdóma þegar það er farið að fullorðnast þá sjáum við líka alltaf einhver dæmi um einstaklinga sem veikjast fyrr, jafnvel rétt komnir yfir þrítugt," segir Eyrún. „Það sýnir okkur enn og aftur hversu mikilvægt það er fyrir ungt fólk sem og aðra að hafa góðar líf- og sjúkdómatryggingar, því þó að þú vonist til þess að þurfa aldrei að nota þær, rétt eins og skyndihjálpina, þá geta þær skipt sköpum ef alvarleg veikindi koma upp."

### Sjúkdómatrygging einfalt mál sem fækkar áhyggjum

„Sjúkdómatryggingin virkar þannig að ef þú greinist með einn af þeim alvarlegu sjúkdómum sem eru skilgreindir í tryggingunni þá færðu greiddar bætur," segir Eyrún. „Þessar bætur geta nýst til að vega upp á móti tekjutapi eða auknum kostnaði vegna veikinda. Þær geta því fækkað áhyggjum þess sem veikist og gefið viðkomandi færi á að einbeita sér að batanum.

Í dag er einfalt mál að kaupa líf- og sjúkdómatryggingar rafrænt hjá okkur á sjova.is og þú getur séð áætlað iðgjald með skjótum hætti. Þessar tryggingar eru nefnilega ódýrari en margir halda, sérstaklega fyrir yngri aldurshópa," segir Eyrún. „Ef fólk er óvisst um hvaða tryggingar henta þörfum þess erum við líka alltaf boðin og búin að veita ráðgjöf, enda mikilvægt að líf- og sjúkdómatryggingar taki mið af aðstæðum hvers og eins."

Við þökkum fyrir stuðninginn

Dalvíkurbyggð · Báran stéttarfélag, stofnað 25. júní 2002 · Vík Icelandair Hotels · arna · Blue Lagoon Iceland · Domino's · Flúða Sveppir · Alþýðusamband Íslands · Laxá fiskafóður · Bandalag háskólamanna · belladonna · GA Smíðajárn · Geysir · Cóa · Hreyfing · Happdrætti Háskóla Íslands · hagar · HealthCo · Húsasmiðjan · init · Húsgagnahöllin · Reynir Jóhannsson · inter

# Við getum öll bjargað lífi

Alþjóða endurlífgunardagurinn „Restart a Heart Day“ er haldinn um allan heim 16. október ár hvert. Tilgangurinn er að vekja athygli á mikilvægi þess að allir læri grunnendurlífgun.

Í yfirlýsingu sem Evrópuþingið sendi frá sér 2012 var kallað eftir verkefnum sem stuðlað gætu að aukinni lifun eftir skyndilegt hjartastopp. Meðal þeirra verkefna var að auka þjálfun og kunnáttu almennings í grunnendurlífgun, fjölga sjálfvirkum hjartastuðtækjum á opinberum stöðum og vekja almenning til vitundar um málefnið.

„Við getum öll bjargað lífi“ var yfirskrift alþjóðlega endurlífgunardagsins 16. október árið 2018. Það er til mikils að vinna, því hjartastopp utan spítala deyðir þrjár milljónir manna í heiminum á ári, þar af 700.000 manns í Evrópu. Talið er að á Íslandi fari um 150 til 200 manns í hjartastopp á ári, en hjartastopp er þriðja algengasta dánarorsökin á Vesturlöndum.

Allt að sjö af hverjum tíu hjartastoppum eiga sér stað í heimahúsi, þar sem einhver nákominn er til staðar í meira en helmingi tilfella. Lífslíkur þessa fólks hafa verið undir 10% en rétt meðhöndlun á fyrstu þremur til fjórum mínútunum eftir hjartastopp getur bætt þær um allt að 50%.

Sleglatif einkennist af hraðri og óreglulegri afskautun í hjartanu. Hjartað missir samhæfingu sína og hættir að dæla blóði. Kjörmeðferð við hjartastoppi af völdum sleglatifs er hjartahnoð og hjartarafstuð eins fljótt og hægt er. Með því að hefja hjartahnoð strax er blóðflæði, og þá um leið súrefnisflæði, haldið við í líkamanum. Einstaklingar geta því lifað af hjartastopp ef nærstaddir bregðast strax við á réttan hátt á meðan sleglatif er enn til staðar. Því skiptir öllu máli að bregðast hratt við og að alsjálfvirk hjartastuðtæki séu sem víðast.

## Fyrstu mínúturnar eru alltaf mjög mikilvægar til bjargar

Það er nefnilega ekki nóg að eingungis heilbrigðisstarfsfólk kunni að bregðast við. Það eru allra fyrstu mínúturnar eftir hjartastopp sem skipta meginmáli. Liðið geta margar mínútur þar til sjúkrabíll og heilbrigðisstarfsfólk mætir á staðinn og þá getur það verið orðið of seint. Því skiptir í raun engu hvort þú ert ritari, smiður eða hjartaskurðlæknir, þegar einstaklingur fer í hjartastopp geta allir viðstaddir bjargað honum kunni þeir að bregðast rétt við og bregðist strax við. Endurlífgun má nefnilega veita í þremur einföldum skrefum (sjá mynd).



Þegar einstaklingur fer í hjartastopp geta allir viðstaddir bjargað honum kunni þeir að bregðast rétt við og fljótt við.



Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir.



Valgerður Hermannsdóttir.

## Fræðsla og kennsla skilar sér alltaf á góðan hátt

Endurlífgunarráð Íslands hefur verið með átak á hverju ári, mismunandi frá ári til árs. Hinn 16. október 2016 var helgaður verkefninu „börnin bjarga“ eða „Kids safe lifes“. Börn hika nefnilega ekki við að hefja hjartahnoð ef á þarf að halda og hafi þeim verið kennd handtökin. Enn fremur eru þau mjög áhugasöm, vekja athygli á málinu við fjölskyldu og vini og kenna jafnvel aðstandendum og breiða þannig út boðskapinn um mikilvægi málefnisins úti í samfélaginu. Margföldunaráhrif endurlífgunarkennslu til barna eru því gríðarleg.

Á Íslandi hefur mikil vinna farið fram við að koma endurlífgunarkennslu inn í grunnskóla. Þróunarmiðstöð heilsugæslu á landsvísu ákvað að taka verkefnið „börnin bjarga“ upp á arma sína árið 2018 og gera kennsluna hluta af skyldufræðslu skólahjúkrunarfræðinga um allt land. Verkefnið hefur verið unnið í samvinnu við ýmsa aðila, svo sem Rauða krossinn, Neyðarlínuna og Endurlífgunarráð Íslands, auk þess sem Thorvaldsensfélagið styrkti verkefnið. Til stendur að kenna öllum nemendum 6. til 10. bekkjar endurlífgun á hverju ári, með sérstakri áherslu á hjartahnoð.

## Námskeið á heimasíðu Rauða krossins

Hægt er að finna námskeið í grunnendurlífgun á heimasíðu Rauða krossins. Þar má líka sjá kennslumyndband um notkun sjálfvirkra hjartastuðtækja fyrir fullorðna og einnig fyrir börn. Alsjálfvirk hjartastuðtæki eru einföld í notkun og hefur þeim fjölgað hratt á almenningsstöðum undanfarin ár.

> Allt að sjö af hverjum tíu hjartastoppum eiga sér stað í heimahúsi, þar sem einhver nákominn er til staðar í meira en helmingi tilfella. Rétt meðhöndlun á fyrstu þremur til fjórum mínútunum getur bætt lífslíkur um allt að 50%.

Nemum í heilbrigðisfræðum og heilbrigðisstarfsfólki er skylt að læra grunnendurlífgun. Ætlast er til að allir sem á einhvern hátt koma að aðhlynningu sjúklinga fari á slík námskeið. Áhersla er lögð á verklegar æfingar og eru námskeiðin skipulögð með tilliti til þess hvers konar deild starfsmaður vinnur á og hvers konar heilbrigðisstarfsmann um er að ræða.

Endurlífgunarráð Íslands hefur umsjón með öllum námskeiðum í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna og barna á landinu. Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri, ásamt Sjúkraflutningaskólanum, skipuleggja námskeiðin í samvinnu við Endurlífgunarráð.

## Skoða – hringja – hnoða

Líklegt er að Ísland eigi hæsta hlutfall almennings sem lært hefur endurlífgun.

Endurlífgunarráð og þeir sem lært hafa endurlífgun vilja vekja athygli og umræðu á þessum málum og hvetja alla til að læra réttu viðbrögðin. Því alltaf er hægt að gera betur.

Lærum öll endurlífgun, svo við séum í stakk búin þegar á þarf að halda, í þremur einföldum skrefum – skoða – hringja – hnoða.

*Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir og Valgerður Hermannsdóttir*

Við þökkum fyrir stuðninginn

# Við þökkum fyrir stuðninginn

**Reykjavík**
Admon ehf
Analytica ehf
Arkiteo ehf
Arkís arkitektar ehf
Álfabjarg, garða- og lóða-
þjónustan
ÁTVR Vínbúðir
Bakarameistarinn ehf
Barnalæknaþjónustan ehf
Bati - sjúkraþjálfun ehf
Ber ehf
BG heildverslun ehf
BG pípulagnir ehf
bill.is
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Borgir ehf, fasteignasala
Bókhald og skattskil slf
Bókhaldsþjónustan Vík
Breiðan ehf
Brim hf
BSR ehf
BSRB
Búngaló ehf
Carpe Diem Tours ehf
Curron hf
Curvy.is - tískuverslun
Danfoss hf
Dubliners
E.T. hf
Efling stéttarfélag
Fasteignasalan Híbýli ehf
Félag flugumsjónarmanna á
Íslandi
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félag pípulagningameistara
Fiskbúðin Sundlaugavegi
Fínka ehf, málningarverktakar
Fjárhald ehf
Fóðurvagninn ehf
Funkis ehf
Fylgifiskar ehf
G & K Seafood ehf
Garðlist ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gjögur hf
Gnýr ehf
Gullkúnst Helgu skartgripa-
verslun
Gunnar Örn - málningarþjónusta
H og S byggingaverktakar ehf
Hagkaup
Hamborgarabúlla Tómasar
Hampiðjan hf
Hannyrðaverslunin Sporið
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar ehf
Hársnyrtistofa Dóra
Hið íslenska bókmenntafélag
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hjá Ingvarsson ehf
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók.is-hljóðvinnslan
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Óðinsvé
Hótel Örkin, sjómannaheimili
Hreyfill
HS pípulagnir ehf
Húsaklæðning ehf-www.husco.is
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
Hverafold bakarí
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf
IcePhone ehf
Isavia
Ísey Skyrbar
Íslandsbanki - útibú 515
Íslandsbanki hf
Íslenski barinn ehf
Íslenskir aðalverktakar hf
Íslenskur aðall ehf
Járn og gler hf
JHM Sport ehf
Jóhann Hauksson, trésmíði ehf
Jói útherji
Jónar Transport hf
K.F.O. ehf
Kári Arnórsson ehf, byggingar-
verktaki
Keiluhöllin Egilshöll
KOM almannatengsl
Kólus ehf
Lagahvoll slf
Landslag ehf
Landsnet hf-www.landsnet.is
Landssamband lögreglumanna
Lásaþjónustan
Logoflex ehf
Lyfsalinn ehf
Læknasetrið ehf
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl
Lögskil ehf
Marport ehf
Matborðið ehf
Málarameistarar ehf
Málningarvörur ehf
Módern húsgagnaverslun
MS Armann skipamiðlun ehf
Nasdaq Iceland
Nauthóll bistro
NORDIK lögfræðiþjónusta
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Nýtt Skil slf
Oddsmýri ehf
Olíudreifing ehf
Ottó B. Arnar ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
ÓV jarðvegur ehf
Pétur Stefánsson ehf
Pingpong.is
Pixel ehf
Premis ehf
PricewaterhouseCoopers ehf
Pökkun og flutningar ehf
Rafiðnaðarsamband Íslands
Rafneisti ehf
Rafstjórn ehf
Rafsvið sf
Rafval sf
Reykjavík Helicopters ehf
RG Lögmenn ehf
Rikki Chan ehf
Rima Apótek
Samiðn, samband iðnfélaga
Samsýn ehf
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Sjúkraþjálfun Styrkur ehf
Sprinkler pípulagnir ehf
Stansverk ehf
Stálbyggingar ehf
Stjörnuegg hf
Storkurinn ehf
Stóra bílasalan ehf
Subway
Svampur ehf
Tannheilsa tannlæknastofa
Tannréttingastofan ehf
Taramy.is - Erf ehf
TCM Innheimta ehf
Technik þjónusta og sala ehf
Terra Export ehf
TREX-Hópferðamiðstöðin
Trésmiðja Magnúsar F. Jóns-
sonar ehf
TS Trésmiðir ehf
Tækniverk - Hár og heilsa
Úðafoss sf, efnalaug
Útgerðarfélagið Frigg ehf
Úti og inni sf
VA arkitektar ehf
Vagnasmiðjan ehf
Varahlutaverslunin Kistufell ehf
Verslun Jóns og Óskars Lauga-
vegi, Kringlunni og Smáralind
Víkurós ehf, bílamálun og rétt-
ingar
VOOT Beita
VSÓ Ráðgjöf ehf
Wurth á Íslandi ehf
Þrif og þvottur ehf

**Seltjarnarnes**
Borgarblöð ehf
Seltjarnarneskirkja

**Vogar**
Kálfatjarnarsókn
Sólark-Arkitektar-sola@solark.is,
s: 861 2707
Toggi ehf
V.P. vélaverkstæði ehf

**Kópavogur**
Annata ehf
AP varahlutir ehf
ÁF Hús ehf
Áliðjan ehf
Bazaar Reykjavík ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bliki bílamálun og réttingar ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Delíla og Samson sf
Endurskoðun og uppgjör ehf
Fararsnið, sælkeragöngur um
Ítalíu
GG Sport
GG verk ehf
GK heildverslun ehf
Guðjón Gíslason, dúklagninga-
meistari
Hafið-fiskverslun ehf
Hamraborg ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hótel Kríunes
Hreinir Garðar ehf
Húsfélagaþjónustan ehf
Inmarsat Solutions ehf
Inter Medica ehf
Kínahofið veitingahús
Kraftvélar ehf
Lindakirkja
Löggiltir endurskoðendur
Mannrækt og menntun ehf
Marvís ehf
Rafbreidd ehf, heimilistækja-
viðgerðir
Rafholt ehf
Skerping ehf
Suðurverk hf
Söluturninn Smári
Ungmennafélagið Breiðablik
Úrval útsýn - Sumarferðir
Vatn ehf
Verslanir Útilíf
Víkingbátar ehf

**Garðabær**
AH Pípulagnir ehf
Apótek Garðabæjar
B.B.Þ. Verktakar ehf
Garðabær
Hafnasandur hf
Hitakerfi ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Stjörnu-Oddi hf
Vélsmiðja Þorgeirs ehf
Öryggisgirðingar ehf

Hafnarfjörður
Bókhaldsstofan ehf
Dverghamrar ehf
Efnalaugin Glæsir
Enjo
Fjarðargarðar ehf
GT Verktakar ehf
Gunnars mæjónes ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hagtak hf
H-Berg ehf
Heimir og Jens ehf
HH Trésmiðja ehf
Hjólasprettur ehf
Hvalur hf
Íshestar ehf
Ísrör ehf
Kona Tískuverslun
Krossborg ehf
Nonni Gull
Opal Sjávarfang ehf
Skólhúsin Firði
Snittvélin ehf
Stálnaust ehf
Stoðtækni ehf
Suðulist ehf
Sæli ehf
Úthafsskip ehf
Verkþing ehf
Vetis ehf
Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf
Vélsmiðjan Altak ehf
Viðir og Alda ehf
VSB verkfræðistofa ehf
Þvottahúsið Faghreinsun

**Reykjanesbær**
B & B Guesthouse
Bústoð ehf
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf
Happy Campers ehf
Húsagerðin hf, trésmiðja
Ístek ehf
K Sport
Kostur matvöruverslun
M² Fasteignasala & Leigumiðlun
Maggi & Daði málarar ehf
Maron ehf
Rafeindir og Tæki ehf
Rafiðn ehf
Rörlagningamaðurinn ehf
SB Trésmíði ehf
Skólar ehf
Tjarnagrill
Ungó, söluturn
UPS Authorized Service Cont-
ractor á Íslandi
Vökvatengi ehf

**Grindavík**
Lagnaþjónusta Þorsteins ehf
Lionsklúbbur Grindavíkur
Papas pizza, s: 426 9955
Veitingastofan Vör ehf
Víkurhraun ehf

**Sandgerði**
Fiskmarkaður Suðurnesja hf

**Garður**
Lighthouse-innhotel
SI raflagnir ehf

**Mosfellsbær**
Byggingafélagið Bakki ehf
Byggingarverktaki Ari Oddsson
ehf
Evíta gjafavörur
Fagverk verktakar sf
Guðmundur S Borgarsson ehf
Jón Auðunn Kristinsson - Pípu-
lagningameistari
Kvenfélag Kjósarhrepps
Lionsklúbburinn Úa Mosfellsbæ
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Nýja bílasmiðjan hf
Onus ehf
Smíðastofa Sigurðar R. Ólafs ehf

**Akranes**
Akraneskaupstaður
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðar-
sonar
Galito veitingastaður
Valfell fasteignasala
Verslunin Bjarg ehf
Vélaleiga Halldórs Sigurðs-
sonar ehf
Vogir og Lagnir ehf
Ylur pípulagnir slf

**Hvalfjarðarsveit**
Hvalfjarðarsveit

**Borgarnes**
B. Björnsson ehf
Blómasetrið - Kaffikyrrð
Borgarbyggð
Búvangur ehf
Matstofan ehf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið
Borgarness sf
Vatnsverk Guðjón og Árni ehf

**Reykholt**
Garðyrkjustöðin Sólbyrgi

**Stykkishólmur**
Ásklif ehf
Helgafellssveit
Narfeyri ehf
Stjórnendafélag Vesturlands
Sæferðir ehf
Útgerðarfélagið Engey ehf

**Grundarfjörður**
Grundarfjarðarbær
Þjónustustofan ehf

**Ólafsvík**
Ingibjörg ehf
Steinunn ehf
TS Vélaleiga ehf
Við Hafið Gistiheimili

**Snæfellsbær**
Hótel Búðir

**Hellissandur**
Bifreiðaverkstæði Ægis
Kristinn J. Friðþjófsson ehf
Skarðsvík ehf

**Reykhólahreppur**
Steinver sf
Þörungaverksmiðjan hf

**Ísafjörður**
Arctic Fish ehf
GG málningarþjónusta ehf
Harðfiskverkun Finnboga, s:
456 3250
Húsið Ísafirði
Menntaskólinn á Ísafirði
Smali ehf

**Bolungarvík**
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Fiskmarkaður Vestfjarða hf
Vélsmiðjan-Mjölnir ehf

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur

**Flateyri**
Gisting og kajakaleiga Græn-
höfða

**Suðureyri**
Hásteinn ehf

**Patreksfjörður**
Bifreiðaverkstæðið Stormur ehf.
Bókhaldsstofan Stapar ehf
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð
Villi Á ehf

**Þingeyri**
Véla- og bílaþjónusta Kristjáns
ehf

**Hólmavík**
Sparisjóður Strandamanna

**Drangsnes**
Fiskvinnslan Drangur ehf

**Árneshreppur**
Árneskirkjugarður

**Hvammstangi**
Bílagerði
Hótel Hvammstangi

**Blönduós**
Blönduóskirkja
Húnavatnshreppur
N1 píparinn ehf
Pöntunar og viðgerðarþjónusta
Villa ehf
Skagabyggð
Stéttarfélagið Samstaða
Ungmennasamband Austur-Hún-
vetninga USAH
Vilko ehf

**Skagaströnd**
Vélaverkstæði Skagastrandar
Vík ehf

**Sauðárkrókur**
FISK-Seafood ehf
Fjölbrautaskóli Norðurlands
vestra
Friðrik Jónsson ehf
Hlíðarkaup
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Lykill sf
Ó.K. Gámaþjónusta-sorphirða ehf
Steinull hf
Verslunarmannafélag Skaga-
fjarðar

**Varmahlíð**
Byggðasafn Skagfirðinga

**Akureyri**
Akureyrarkirkja
Akureyri Backpackers ehf
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði
Bílaprýði
Bílasala Akureyrar ehf
Byggingarfélagið Hyrna ehf
Enor ehf
Fasteignasalan Byggð
Félag verslunar- og skrifstofu-
fólks
Fótaaðgerðastofa Eddu
Framtal sf
Hlíð hf
HSH verktakar ehf
Keahótel ehf
Kjarnafæði hf
Kraftar og afl ehf
Lagnalind ehf
Lögmannshlíð lögfræðiþjónusta
ehf
Norðlenska ehf
Norðurorka hf
Pedromyndir ehf
Pípulagningaþjónusta Bjarna F
Jónassonar ehf
Pólarhestar ehf
Rafmenn ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
S.Guðmundsson ehf, múrverktaki
Samherji ehf
Sjálfsbjörg endurhæfingastöð
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skútaberg ehf
Tannlæknastofa Árna Páls
Timbra ehf, byggingarverktaki
Trésmíðaverkstæði Trausta ehf
Veitingastaðurinn Krua Siam
Vélaleiga HB ehf
Þverá

**Grenivík**
Darri ehf - Eyjabiti
Jónsabúð ehf

**Grímsey**
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarna-
sonar ehf

**Dalvík**
Klaufi ehf
Steypustöðin Dalvík ehf

**Ólafsfjörður**
Árni Helgason ehf, vélaverkstæði

**Húsavík**
Farfuglaheimilið Árbót - Berg
Framsýn, stéttarfélag
GPG Seafood ehf
Heimabakarí Húsavík
Höll ehf, vinnuvélar og verktakar
Kvenfélag Húsavíkur
Stórey ehf

**Laugar**
Framhaldsskólinn á Laugum

**Mývatn**
Hestaleigan Safarí hestar
Kvenfélag Mývatnssveitar
Vogar ferðaþjónusta

**Þórshöfn**
Geir ehf
Ígrip ehf
Svalbarðshreppur
Þórshafnarprestakall

**Vopnafjörður**
Hofssókn, Vopnafirði

**Egilsstaðir**
Fellabakstur ehf
Fljótsdalshérað
Hótel Eyvindará
Miðás ehf
MSV, Stál og Vélar ehf
Rafey ehf
Skógar ehf
Tréiðjan Einir ehf
Vaðall - Gistiheimili á hreindýra-
slóðum

**Reyðarfjörður**
Hárstofa Sigríðar ehf

**Eskifjörður**
Egersund Ísland ehf
Eskja hf
Fjarðaþrif ehf
Hótel Eskifjörður ehf
Kaffihúsið Eskifirði
Rafkul ehf
Tandraberg ehf
Tandrabretti ehf

**Neskaupstaður**
Tannlæknastofan Hafnarbraut 1

**Fáskrúðsfjörður**
Litli Tindur ehf
Skrúðsverk ehf

**Stöðvarfjörður**
Slöttur ehf

**Breiðdalsvík**
Hótel Bláfell

**Djúpavogur**
Smástál ehf

**Höfn í Hornafirði**
Ferðaþjónustan Árnanes
Funi ehf, sorphreinsun
H. Christensen ehf
Króm og hvítt ehf
Málningarþjónusta Horna ehf
Skinney-Þinganes hf
Suðursveit ehf
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Ögmund ehf

**Selfoss**
Baldvin og Þorvaldur ehf
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bjarnabúð
Blásteinn byggingafélag sf
Búhnykkur sf
Eðalbyggingar ehf
Framsóknarfélag Árnessýslu
Guðjón Þórir Sigfússon
Guðmundur Tyrfingsson ehf
Gufuhlíð ehf
JÁ pípulagnir ehf
Jáverk ehf
Kjarna-bókhald ehf
Kökugerð H P ehf
Málningarþjónustan ehf
Mömmumatur Selfossi
Pípulagningaþjónusta Ottós slf
Pylsuvagninn Selfossi við
brúarendann
Rafmagnsverkstæði Jens og
Róberts ehf
Reykhóll ehf
Reykhúsið Útey
Stálkrókur ehf
Sveitarfélagið Árborg
Tannlæknastofa Þorsteins og
Jóns Steindórs
Vélaþjónusta Ingvars
Vinnuvélar Svínavatni

**Hveragerði**
Ficus ehf
Hótel Örk
IP-lagnir slf
Norbygg ehf

**Þorlákshöfn**
Bergverk ehf

**Ölfus**
Gljúfurbústaðir ehf
Trésmiðja Sæmundar ehf

**Laugarvatn**
Ásvélar ehf

**Flúðir**
Fögrusteinar ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
Íslenskt grænmeti ehf
Riding Tours South Iceland ehf

**Hella**
Freyðing ehf
Raffoss ehf

Hvolsvöllur
Eyrarbúið ehf
Krappi ehf, byggingaverktakar
Kvenfélagið Hallgerður
Rangárþing eystra
Skógasafn Skógum

**Vík**
Mýrdælingur ehf
Reynisfjara ehf

**Kirkjubæjarklaustur**
Ungmennafélagið Ármann

**Vestmannaeyjar**
Bifreiðaverkstæði Muggs
Bíla- og vélaverkstæðið Net-
hamar ehf
Bókasafn Vestmannaeyja
Teiknistofa Páls Zóphónías-
sonar ehf

# Hélt bara að ég væri slappur

**Guðmundur Helgi Magnússon verslunarmaður var á réttum stað og tíma þegar hann lenti í hjartastoppi við líkamsrækt í Valsheimilinu. Hann er þakklátur bæði bjargvættum sínum og heilbrigðiskerfinu og segir einkenni hjartaáfalla oft lúmsk.**


Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is






Guðmundur Helgi segir mikilvægt að fylgjast vel með hjartanu. Hann fer reglulega í eftirlit þar sem hann fær góða þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Ég er að æfa niðri í Valsheimili og er að hita upp áður en ég fer að lyfta og er að hlaupa uppi á svölunum eins og maður gerir gjarnan þegar maður er að æfa þar og er að hita sig upp,“ útskýrir Guðmundur. „Ég var að æfa með nokkrum og kom þarna svolítið á undan hinum og var bara einn að hlaupa og á meðan var meistaraflokkur kvenna í handbolta að æfa niðri í salnum. Ég hljóp þarna og fékk svo bara fyrir hjartað. Eins og ég upplifði það þá fann ég bara rosalegan sting og svo man ég ekkert meir.“

## Skjót viðbrögð

„Ég fékk þá raunverulega bara hjartastopp og dett þarna um koll á svölunum,“ segir Guðmundur en það sem á eftir fylgdi heyrði hann frá öðrum. „Það er hún Anna Úrsúla sem sér mig detta þarna, hún stekkur upp, klifrar yfir grindverkið og upp á svalirnar. Hún heldur fyrst að ég hafi bara hrasað af því að ég fékk gat á hausinn en svo finnur hún að ég er í hjartastoppi þannig að hún kallar á hinar stelpurnar og segir þeim að ná í stuðtæki sem var í húsinu og einhverjar hringja á sjúkrabíl.“

„Þær koma stuðtækinu á mig og koma mér í gang aftur með stuðtækinu áður en sjúkrabíllinn kemur, sem er nú að vísu bara hinum megin við götuna, svo 5-6 mínútum seinna og þá voru þær búnar að koma mér í gang aftur.

Ég ranka við mér í sjúkrabílnum en hjartað var farið að slá þarna á staðnum. Þeir byrja á að fara með mig niður á Borgarspítalann á slysadeildina og þar komast þeir að því að ættarsagan mín er þannig að pabbi hafi fengið svona og bróðir minn,“ útskýrir Guðmundur.

„Læknirinn sem tók við mér hringir á Landspítalann og spyr hvað hann eigi að gera,“ segir hann, en læknirinn sem svaraði var Þorbjörn Guðjónsson. „Þorbjörn segir honum að senda mig undir eins, hann sé á staðnum og ætli að taka mig í þræðingu strax. Þeir fara þá með mig beint upp á Landspítala og þar er ég þræddur tveimur tímum eftir að þetta gerðist. Þá kom í ljós að tvær af þremur kransæðum voru stíflaðar.“

## Hélt að hann væri slappur

Guðmundur segir að sig hafi ekki grunað hvað var í vændum. „Ég hafði ekki æft mig í smá tíma því mér fannst ég hafa verið slappur og með kvef, en ég fékk ekkert fyrir hjartað, fékk ekki verk fram í höndina eða einhvern streng eða eitthvað svoleiðis sem sumir minnast á.

Mér fannst ég búinn að vera slappur og ég upplifði þetta bara sem kvef. En svona eftir á að hyggja hefur þetta væntanlega verið það að hjartað hafi ekki dælt nóg og ekki nóg blóðrás. Þegar ég fer að lýsa þessu fyrir lækninum þá segir hann að þetta sé raunverulega fyrirboðinn en að hann sé bara mismunandi eftir einstaklingum.“

Faðir hans og bróðir höfðu fengið hjartaáfall en lýsingarnar frá þeim og þær sem hann hafði almennt heyrt um, komu ekki heim og saman við einkennin sem Guðmundur upplifði, og var það ekki fyrr en eftir á sem hann gerði sér grein fyrir að slappleikinn hafði verið undanfari.

„Af því að pabbi minn hafði fengið svona og bróðir minn þá sá ég alltaf fyrir mér að ég fengi einhvern svona streng eða tak upp í öxl eða upp í kjálkann eins og menn lýsa oft en raunverulega fékk ég það ekki fyrr en eftir hjartastoppið, dagana eftir að ég var búinn að fara í þræðingu þá fékk ég svona tak upp í kjálka eins og menn lýsa,“ segir Guðmundur. „Þá skildi ég þessa lýsingu.“

## Brattur í bataferlinu

„Miðað við þennan tímaramma þá hefur hjartað í mér sennilega stoppað í svona 4-5 mínútur,“ segir Guðmundur en þrátt fyrir alvarleikann gekk batinn vonum framar. „Ég hef nánast algjörlega náð mér. Ég missti lyktarskynið og minnið var ekki gott svona fyrsta árið en það er allt að koma til baka. Það er raunverulega bara lyktarskynið sem er ekki komið fullkomlega til baka. Það er svona það eina sem ég hef fundið eftir á.“

Ferlið tók þó sinn tíma. „En þetta tók marga mánuði, eða 2-3 ár að ná sér á strik. Ég fór í endurhæfingu, fyrst á Landspítalanum, svo var ég niðri í Sjálfsbjörg í nokkra mánuði. Ég vann ekkert fyrstu tvo mánuðina, svo fór ég að vinna svona smátt og smátt. Eftir 6-7 mánuði þá var ég kominn í fulla vinnu aftur. Ég var úthaldsminni svona fyrsta árið myndi ég segja.“

Hann er undir reglulegu eftirliti hjá Þorbirni hjartalækni. „Ég fer alltaf til Þorbjörns, að vísu nú orðið einu sinni á ári. Hann fylgist með hvort allt sé í orden, það er tekin blóðprufa og hjartalínurit, stundum ómskoðun.“

Guðmundur segir það mikilvægt að vera undir eftirliti og láta fylgjast með sér. „Það er náttúrulega það sem ég hefði átt að gera. Ég hefði þurft að láta fylgjast betur með mér, sérstaklega þar sem ættarsagan er svona skýr,“ svarar Guðmundur þegar hann er spurður að því hvort hann hafi ráðleggingar. „Stundum er sagt við mann að ef maður er í góðu formi þá gerist þetta síður en ég hef alltaf verið í tiltölulega góðu formi, enda segir Þorbjörn læknir við mig að það sem ræður mestu um hvort þú fáir þetta er ættarsagan, erfðatengt eða reykingar, en ég hafði ekkert reykt í 40 ár þegar þetta gerðist.

En hins vegar benti hann á að ef maður er í góðu formi þá þolir maður þetta betur, og það er kannski það sem bjargaði mér, ég var í mjög góðu formi svo að ég þoldi betur þetta álag, það að hjartað stoppaði. Líkaminn var fljótari að jafna sig. Hann þoldi það betur. En það hefði mátt koma í veg fyrir þetta ef ég hefði farið í skoðun.

Fyrirboðarnir eru ekki eins hjá öllum, þeir geta verið mjög skrítnir, eins og með mig, ég hélt bara að ég væri eitthvað slappur, væri bara með kvef. Ég var úthaldslítill, hugsaði bara: þetta er eitthvert vorkvef, var bara þreyttur en fékk aldrei sting eða neitt svoleiðis, fyrr en akkúrat þegar hjartað stoppaði. Það er svona mín síðasta minning, að ég fékk alveg rosalegan sting fyrir hjartað, eins og þetta væri geðveikislegur brjóstsviði eða eitthvað, það er svona það síðasta sem ég man, og svo bara fell ég.“

> **„Mér fannst ég búinn að vera slappur og ég upplifði þetta bara sem kvef. En svona eftir á að hyggja hefur þetta væntanlega verið það að hjartað hafi ekki dælt nóg og ekki nóg blóðrás.**

Þegar Guðmundur lítur til baka segir hann kvefeinkennin að vissu leyti hafa verið frábrugðin þeim sem hann hafði áður upplifað. „Eftir á voru þau kannski sterkari, ég var slappari miðað við að ég hafi ekki verið með hálsbólgu eða nasakvef eða annað slíkt. Þau voru kannski aðeins ýktari.“

## Bjargað vegna athyglisbrests

Guðmundur er fullur þakklætis í garð lífgjafa sinna. „Þær eru mín lífsbjörg, ég er í miklu sambandi við þær. Þær voru snillingar að koma mér í gang aftur og bara að hafa séð þetta og brugðist við,“ segir hann. „Ég segi nú oft við Önnu Úrsúlu að hún sé með athyglisbrest og þess vegna hafi hún séð mig og það hafi bjargað mér, hún hafi verið að fylgjast með einhverju öðru en hún átti að vera að gera á æfingunni.“

Hann segir vökul augu og leiftursnögg viðbrögð Önnu hafi gert það að verkum að hann sé ekki aðeins á lífi, heldur hafi einnig náð eins góðum bata og raun ber vitni. „Hún stekkur upp strax og öll þessi skjótu viðbrögð gerðu það að verkum að ég hef náð heilsu aftur. Læknar segja að ef það hefðu liðið 2-3 mínútur í viðbót þá væri ég sjálfsagt mun verr staddur, og jafnvel að einhverjum hluta til öryrki. Hver einasta mínúta skiptir svo miklu máli þegar hjartað stoppar.“

Guðmundur er ekki síður þakklátur fyrir heilbrigðiskerfið. „Ég komst að því hvað heilbrigðiskerfið er raunverulega sterkt hérna, þó það sé oft gagnrýnt. Mér fannst ég fá frábæra þjónustu frá A til Ö í þessu áfalli. Það er oft talað um að það sé í lamasessi en það virðist virka þarna eða virkaði allavega vel fyrir mig.“

# Nokkrir fróðleiksmolar

- Hjartaþræðingar hófust fyrst á þriðja áratug síðustu aldar, en hér á landi var farið að framkvæma þær á Landspítalanum á þeim sjöunda. Um svipað leyti var sett á stofn hjartagjörgæsla á Landspítala og farið var að mynda kransæðar.
- Á tímabilinu 1971-1979 mátti rekja tæplega helming dauðsfalla Íslendinga til hjartasjúkdóma og „... var þá svo komið að læknar hérlendis sem erlendis höfðu tilhneigingu til þess að flokka þessa sjúkdóma undir eins konar faraldur eða jafnvel farsótt. Ekki var komin aðstaða til þess að framkvæma hjartaskurðaðgerðir hér heima og var algengast að sjúklingar væru sendir til Englands í slíkar aðgerðir.
- Fyrsta opna hjartaaðgerðin hér á landi var gerð 14. júní 1986 og það var Þórarinn Arnórsson sem framkvæmdi hana með góðum árangri. Þetta olli straumhvörfum í meðferð hjartasjúklinga. Aðgerðum fjölgaði hratt og þær voru orðnar 270 árið 1994.
- Stofnfundur Landssamtaka hjartasjúklinga (LHS) var haldinn í Domus Medica 8. október 1983. Mættu til fundarins 230 stofnfélagar og var það umfram bjartsýnustu vonir.
- Endurhæfing hjartasjúklinga á Reykjalundi hófst sumarið 1982. Sérhæft starfsfólk var í framhaldinu ráðið að Reykjalundi og þessi starfsemi jókst jafnt og þétt og sannaði fljótt ágæti sitt. Fyrstu sjö árin nutu þessarar þjónustu tæplega níu hundruð hjartasjúklingar.
- SÍBS varð stofnfélagi ásamt Hjartavernd og Landssamtökum hjartasjúklinga og lagði hvert þeirra 500.000 krónur til stöðvarinnar í upphafi. Ákveðið var að þetta yrði sjálfseignarstofnun sem fékk nafnið Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, sem fljótlega var stytt í HL-stöðin í daglegu tali.
- Í fyrsta sinn var efnt til viðburðar sem hlaut nafnið „Hjartagangan“ 31. ágúst 1991.
- Á afmælisárinu 2008 gekk hópur kvenna til liðs við Hjartaheill. Þær ganga undir nafninu Hjartadrottningarnar og eru hluti af Go-Red hreyfingunni.

HjartaHeill

# Hjálpin barst innan mínútna

**Oddur Ingason var úti að skokka með æfingafélögum sínum fyrir rúmu ári þegar hann fann allt í einu fyrir svima. Stuttu seinna dettur hann í götuna og veit næst af sér í sjúkrabíl. Röð atvika Oddi í hag varð til þess að honum var bjargað tímanlega og hann getur því sagt sögu sína.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Oddur hefur að eigin sögn alltaf verið mjög aktívur, hann er í fínu formi og hefur alltaf lagt áherslu á að hreyfa sig mikið og borða þokkalega hollan mat. Það átti því enginn von á að hann fengi hjartaáfall.

„Þetta gerðist 22. september 2018. Ég er úti að skokka með félögum mínum og finn allt í einu fyrir svima. En ég hafði aldrei fundið fyrir neinum einkennum áður. Ég segi æfingafélögunum að ég sé eitthvað illa upplagður og ætli þessa vegna að snúa við og ætli að hitta þá hjá sundlauginni í Kópavogi.“

Oddur sneri svo við og það næsta sem gerist er að hann dettur. „Ég fékk aðsvif og það leið yfir mig, ég man alveg hvar ég var þegar ég datt. Næst man ég eftir mér í sjúkrabílnum. Ég heyri að sjúkraflutningamaðurinn er að tala við hjartagáttina og þá átta ég mig á því að eitthvað alvarlegt hefur gerst.“

## Vegfarandi kom til bjargar

Oddur segir að röð atvika honum í hag hafi orðið til þess að ekki fór verr. Hann var á fjölförnum stað á Kársnesinu, veðrið var gott og það voru margir þar að hreyfa sig. Vegfarandi sem var að hjóla með konunni sinni í nágrenninu sá Odd detta. Hann fór strax að athuga með hann, áttaði sig á að Oddur andaði ekki og fann engan púls svo að hann byrjaði strax hjartahnoð.

„Þessi ágæti maður heitir Guðni. Hann brást hárrétt við sem skiptir öllu máli í þessari atburðarás. Hann kallar á annan mann og biður hann að hringja á 112. Það varð mér til happs að það var lögreglubíll í næstu götu sem pikkaði upp kallið og var kominn á staðinn á innan við fimm mínútum.“

Lögreglan tók við af Guðna og hélt áfram að hnoða og svo kom sjúkrabíllinn með hjartastuðtæki og kom hjartanu í gang aftur. Allt gerist þetta á nokkrum mínútum. Oddur segir að yfirlæknir hjartadeildar Landspítalans segi hann hafa verið einstaklega heppinn í þessum aðstæðum. „Ég kom til baka mjög sterkur, það urðu engar varanlegar skemmdir á mér, hjartabilun eða heilaskemmdir. Læknirinn sagði að til þess að komast á þann stað eftir svona áfall megi ekki líða meira en 4-6 mínútur þar til hjálpin berst. En ég er næstum alveg eins og ég var áður, ég tek reyndar hjartalyf og finn aðeins fyrir því en ég get gert nánast allt sem ég gerði áður, ég er farinn að æfa á fullu. Það er alveg ótrúlegt.“

## Hljóp 10 kílómetra

Oddur er nýkominn heim frá Frakklandi þar sem hann hljóp 10 kílómetra í Lyon-maraþoninu. Það er lengsta vegalengdin sem hann hefur hlaupið frá því hann fékk hjartaáfallið í fyrra. „Það var mikill sigur. Ég fann alveg tilfinningarótið í mér þegar ég lauk hlaupinu. Maður er enn að stíga upp úr þessu áfalli. Ég hef unnið mikið í mér en maður fer alveg á botninn eftir svona áfall. Ég fór til sálfræðings því ég var lengi vel hræddur eftir þetta. Ég þorði til dæmis ekki að fara að sofa því ég var viss um að ég myndi ekki vakna aftur. Svo fékk ég alls kyns skrítinn kvíða, sem er kannski ekki svo skrítið miðað við aðstæður,“ segir Oddur.

Í tilviki Odds var það of hátt kólesteról sem varð til þess að hann fékk hjartaáfall. Það eru margir í fjölskyldu Odds með of hátt kólesteról svo að hann var búinn að vera í reglulegu eftirliti í tæp 10 ár. „Ég fór árlega í tékk og lét mæla öll helstu gildi, blóðgildi, góða og slæma kólesterólið og lét líka einstöku sinnum ómskoða í mér hjartað. Ég var líka á lyfjum við kólesterólinu svo þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu.“

Þar sem Oddur var í góðu líkamlegu formi var hann fljótari að ná sér en margir aðrir. Hann hefur verið virkur í hreyfisamfélagi í Garðabæ og stofnaði hlaupahóp Stjörnunnar á sínum tíma, auk þess hefur hann hjólað mikið. Margir voru því mjög hissa þegar hann fékk hjartaáfall.

„Fólk hugsaði af hverju hann, get ég þá ekki fengið hjartaáfall? Fólk vildi þess vegna heyra sögu mína. En hjartasjúkdómar eru algengasta dánarorsök Íslendinga, 33% þeirra deyja úr hjartasjúkdómum. Margir eru með undirliggjandi ættgenga hjartasjúkdóma líkt og ég. Þú getur verið að æfa og verið í toppformi og samt dáið,“ segir Oddur og bætir við að það hafi komið sér á óvart að engin sérstök meðferðarúrræði væru í boði fyrir fólk eins og hann, sem er í góðu formi en fær samt hjartaáfall. „Það eru allir settir inn í sama rammann. Ég var ósáttur við það. Ég fór í einn tíma í Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga í Hátúni og hugsaði bara, ég get ekki verið hér.“

Oddur fór því að leita að einhverjum sem hefði svipaða sögu og hann og fann einn sem hefur verið honum innan handar. „Ég er alveg viss um að ég get hjálpað fólki í framtíðinni, með mína sögu. Þorbjörn hjartalæknir sagði við mig að hann hefði aldrei verið með svona hjartasjúkling eins og mig, í svona fínu standi og tilbúinn að keyra sig í gang aftur. En það er líka partur af minni heppni, þökk sé bjargvætti mínum, honum Guðna,“ segir Oddur.

> **Það varð mér til happs að það var lögreglubíll í næstu götu við mig sem pikkaði upp kallið.**




Oddur var úti að hlaupa þegar hann féll í götuna. Sem betur fer var hann á fjölförnum stað og snör viðbrögð vegfaranda björguðu honum FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Oddur hefur alltaf lagt áherslu á hreyfingu sem hjálpaði honum að ná bata.

HJARTASTOPP
1) Hringdu í 112!
2) Hnoðaðu!
3) Fáðu hjartastuðtæki!
HjartaHeill




Vissir þú?

## Sjónlag er eina stofan á landinu sem býður upp á alhliða þjónustu þegar kemur að sjónlagsaðgerðum.

**PANTAÐU TÍMA Í FORSKOÐUN**

s. 577 1001
sjonlag.is eða
heilsuvera.is

**LINSUSKIPTI**
Einfókus-, fjölfókus- eða sjónskekkjuaugasteinar.

**LASER – FEMTO LASIK**
Femto Lasik aðgerðirnar eru algjörlega hnífslausar.

**SKÝ Á AUGASTEINI**
Hjá okkur færðu nýjan endurbættan augastein á sanngjörnu verði og þarft ekki að bíða.

**LINSUÍGRÆÐSLA**
**ICL** linsuígræðsla hentar þeim sem hafa nærsýni, sjónskekkju og í sumum tilfellum fjarsýni en sérstaklega þeim sem geta ekki farið í laseraðgerð, t.d. vegna þunnra hornhimna eða mikils sjónlagsgalla.

**Kynntu þér málið og fáðu upplýsingar um alla þá kosti sem eru í boði.**

sjónlag

SJÁÐU BETUR

GLÆSIBÆ – ÁLFHEIMUM 74
5. HÆÐ - 104 REYKJAVÍK

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Nýr Jeep Wrangler Rubicon 3,6 L Bensín. Með öllum búnaði. Verð: 9.760.000,- Langt undir listaverði !

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.**
Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.
**Hjörleifur Björnsson**
**skrúðgarðyrkjufræðingur**
**s:662-6625**

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking selt tréglugga og hurðir á Íslandi
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar á 5-8 vikum




AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3
210 Garðabær
Sími: 480 0000
www.aflvelar.is
sala@aflvelar.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

### Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

**RÆSTINGAR.**
Vantar starfsmann í ræstingar í bakarí.
Vinnutími milli kl 13-17
**Uppl. í síma 893-7370**

Starfskraftur óskast á Þrist BA36. Sæbjúgnaveiðar. Uppl.s: 841-0863 Jón.




FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ



- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín

Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**89%**

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.




**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is






job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**





hér skilur sjávarútveg.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ibérica, gengu í eina sæng og geta nú einbeitt sér að því að þjónusta viðskiptavini og verða stærsti aðilinn í sölu á íslensku sjávarfangi á þeim markaði.

Jafnframt fengu eigendur Icelandic Ibérica fyrst og fremst greitt með hlutabréfum í Iceland Seafood. Fjárhagslegur styrkur jókst því til muna og þessir aðilar eru kjölfestan í eignarhaldinu í dag.

Á Írlandi er félagið að fara með öflugum hætti í ferskar og reyktar vörur. Við erum stærstir á markaðnum á því sviði. Með kaupum á meirihluta í fyrirtækinu Oceanpath var fjárfest í aðgangi að markaðnum og sterkri stöðu. Það býður upp á að auka skilvirkni með skynsamlegum fjárfestingum og að sækja enn frekar fram á grundvelli styrkleika og stærðar sem við búum þar yfir.

Þar í landi er stærsti viðskiptavinur okkar Musgrave Group, stærsti smásöluaðili á Írlandi, og því liggja tækifæri til sóknar í að sækja næst fram í sölu til hótela og veitingastaða.

Þessu er raunar öfugt farið hvað varðar samsetningu viðskiptavina á Spáni. Þar erum við fyrst og fremst að selja til 1.300 dreifingaraðila sem selja áfram til hótela og veitingastaða. Þar skapar stærsti viðskiptavinurinn einungis 1,3 prósent af veltunni. Á Spáni er mikill ferðamannastraumur, ferðamenn til landsins telja um 80 milljónir en íbúarnir eru 50 milljónir. Þar er jafnframt mikil hefð fyrir því að fara út að borða.“

**Geta ekki bara selt rjóma**

*Yfir 90 prósent af hagnaði Iceland Seafood má rekja til virðisaukandi starfsemi en einungis 61 prósent af veltunni. Hefur þú hug á að auka enn frekar virðisaukandi starfsemi fyrirtækisins?*

„Við erum í þeirri stöðu að þjónusta útgerðir annars vegar og viðskiptavini úti á mörkuðunum hins vegar. Við höfum ákveðnum skyldum að gegna í að bjóða upp á heildarlausnir fyrir viðskiptavini okkar. Fyrir útgerðir er ekki nóg að selja einungis þorskhnakka, það þarf einnig að selja miðstykkið, þunnildið og sporð fisksins. Þetta gengur því út á einhvers konar bestun fyrir báða aðila.

Það má líkja þessu við rekstur mjólkurbús, það er ekki hægt að selja einungis rjóma, það þarf einnig að koma undanrennu í verð. Við þurfum því að finna gott jafnvægi hvað þetta varðar. Við munum áfram miðla sjávarfangi en fjárfestingar fyrirtækisins verða einkum í virðisaukandi starfsemi sem skapa mun bróðurpartinn af hagnaðinum af starfseminni.“

*Hvað hefur komið mest á óvart frá því að þú hófst störf í sjávarútvegi?*

„Það er spurning hvort segja mætti að það komi á óvart en ég er fullur aðdáunar á aðlögunarhæfni íslensks sjávarútvegs.

Ég upplifi að margir hafi ranghugmyndir um með hvaða hætti er staðið að alþjóðlegri markaðssetningu og sölu á íslensku sjávarfangi. Þeir telja að verkefnið sé auðvelt viðureignar og það sem gert hafi verið undanfarna áratugi sé ekki af miklum gæðum. Það er alrangt.

Það hefur verið unnið öflugt starf sem er í eðli sínu flókið. Það er viðvarandi samkeppni og umhverfið tekur sífelldum breytingum. Eina stundina skiptir verð öllu máli og þá er gæðum ýtt til hliðar, á öðrum tímum skipta gæðin, afhendingaröryggið og að gengið sé vel um auðlindina, sköpum. Nú er vaxandi krafa um að hugað sé að umhverfissjónarmiðum eins og plastnotkun, kolefnisspori, súrnun hafsins og öðru slíku. Þetta er lifandi og skemmtilegt umhverfi.

> **Reksturinn verður auðveldari þegar spilunum er ekki haldið of þétt upp að brjóstinu heldur er upplýsingum deilt og unnið náið saman.**

Það getur verið flókið að átta sig á hvað skiptir hvern og einn viðskiptavin máli og hvernig best sé að mæta þeim kröfum, og hvernig samkeppnisumhverfið er að þróast.

Magn af villtum fiski í sjó mun ólíklega aukast og hefur raunar ekki gert það undanfarna áratugi. Verkefnið er því að hámarka verðgildi hans og nýta allan fiskinn, til dæmis með því að færa neyslu úr dýrafóðri til manneldis og nýta hluta fisksins í lyf eða í aðrar afurðir sem eru meira virðisaukandi en í dag.“

*Er tækifæri til að hækka verð á fiski?*

„Því verkefni lýkur aldrei að auka verðmæti afurða sem fara um okkar hendur en að sama skapi má ekki missa sjónar á því að horfa verður á verð á fiski í samhengi við önnur matvæli, eins og önnur dýraprótein, og val neytenda um aðra næringu. Það er afar spennandi að vinna með þau náttúrulegu auðævi sem finnast í fisknum í sjónum og keppa á stórum mörkuðum erlendis þar sem stundum er keppt við feykilega stór fyrirtæki á heimsvísu.“

*Eruð þið tiltölulega stórt fyrirtæki á heimsvísu í fiskvinnslu?*

„Nei, ekki á heimsvísu. Ísland er lítið land í sjávarútvegi, jafnvel þótt það sé einn af þeim geirum þar sem við höfum náð að marka okkur góða stöðu og skiptum því einhverju máli í stóru myndinni.

Iceland Seafood einblínir á tiltekna markaði í Evrópu. Við viljum stækka á þeim mörkuðum þar sem við erum fyrir með sterka stöðu.“

**Stundaði sjóinn**

*Í ljósi þess að þú ert frá Akranesi og þar hafa margir haft lifibrauð sitt af sjávarútvegi, först þú á sjó þegar þú varst yngri?*

„Já, ég var nokkur sumur á ísfisktogurum sem gerðir voru út frá Akranesi. Fór túra á Haraldi Böðvarssyni, Sturlaugi H. Böðvarssyni og Höfðavíkinni. Svo var ég líka á Eyrinni sem kallað er og vann við saltfisksvinnslu og þurrkun á fiski.

Mikið af minni fjölskyldu hefur tengst sjónum. Pabbi vann hjá Haraldi Böðvarssyni frá 16 ára aldri þar til hann fór á eftirlaun, mamma vann á sama stað í áraraðir og bróðir minn hefur verið vélstjóri á sjó í 30 ár þannig að komandi úr sjávarþorpi hefur mjög margt í uppeldinu og lífinu tengst sjónum.“

**Sjóveikur á útstíminu**

*Fór þokkalega í þig að vera á sjónum?*

„Ég var einungis á sjó á sumrin enda var það gert samhliða námi. Ég varð nú yfirleitt sjóveikur á útstíminu og hefði ekki horft með tilhlökkun á að vera á sjó yfir vetrartímann. Svo lagaðist þetta þegar trollið var komið í botninn og báturinn stöðugri. Mér fannst þetta mjög þroskandi og skemmtileg lífsreynsla sem ég hefði ekki viljað vera án.“

*Hvers vegna ákvaðst þú að taka við sem forstjóri Iceland Seafood? Ég hefði haldið að þú hefðir það ansi gott sem sjálfstætt starfandi fjárfestir. Þá er ég ekki að vísa til efnislegra gæða heldur að þú gast ráðið tíma þínum betur en margir.*

„Þetta kom til af því að Helgi Anton Eiríksson forstjóri óskaði eftir því að hætta. Í kjölfarið var ég beðinn um að taka við keflinu,“ segir Bjarni. Hann sat þá í stjórn Iceland Seafood í krafti þess að hann var næststærsti hluthafi fyrirtækisins eftir samrunann við Icelandic Ibérica.

„Það er alveg rétt, ég þurfti ekki að taka við starfinu peninganna vegna, svo það sé sagt hreint út, en þetta er spurning um í hvað maður vill setja tímann sinn. Þetta var ekki planið hjá mér – en æxlaðist svona – eins og margt annað sem hefur gerst í mínu lífi.

Ég hef unnið að uppbyggingu fyrirtækja með stjórnendum þeirra um margra ára skeið. Mér þykir ofboðslega spennandi að vinna að verðmætasköpun á íslensku sjávarfangi og skapa fullvinnslueiningar á alþjóðlegum mörkuðum.

Sjávarútvegur er í samþjöppun. Það er ljóst að rekstrareiningar munu stækka og að öllum líkindum fækka. Það er að hluta til vegna þess að smásöluaðilum fer fækkandi vegna samþjöppunar og vegna þess að hið sama er upp á teningnum hjá útgerðum. Það rekstrarumhverfi kallar á að vera keyptur eða kaupa aðra.

Íslendingum hefur tekist vel upp í tilviki fyrirtækja eins og Marels og Össurar að nýta fjármálamarkaðinn til vaxtar. Fjármálamarkaðurinn hér skilur sjávarútveg sem er alþjóðlega samkeppnisfær atvinnugrein. Það hjálpar okkur að vaxa og styrkja stöðu okkar alþjóðlega. Við viljum því nýta gott aðgengi að fjármálamarkaðnum til að vaxa enn frekar.

Það var reyndar nokkuð sérstakt að þegar starfstækifærið kom upp hafði ég löngu áður ákveðið að ganga á Everest um svipað leyti og ég var ekki reiðubúinn að fórna því. En ég var eindregið hvattur til að taka þetta að mér og að tíminn sem færi í að fara á Everest væri fljótur að líða, sem var raunin.“

**50 nætur í tjaldi í Nepal**

*Var það ekki þannig að þú réðst þig til starfa og först beint í frí?*

„Jú, það var einmitt þannig. Ég fór í launalaust leyfi í rúma tvo mánuði. Ég gisti 50-60 nætur í tjaldi í Nepal.“

*Þýðir þetta að þú munir leggja minni áherslu á eigin fjárfestingar á næstu misserum?*

„Já, það felur það í sér. Ég er fyrst og fremst að einbeita mér að rekstri Iceland Seafood.“

Sjávarsýn, fjárfestingarfélag Bjarna, á Gasfélagið sem er helsti innflytjandi á fljótandi gasi og gashylkjum til landsins og á meirihluta í Ísmar og Tandra sem framleiðir og dreifir hreinlætisvörum. Það á 40 prósenta hlut í S4S-samstæðunni sem rekur meðal annars Ellingsen, Steinar Waage og Nike-verslunina Air.is.

Bjarni er sömuleiðis hluthafi í flutningafyrirtækinu Cargow sem lét nýlega smíða fjögur 12.000 tonna flutningaskip. Næsta áratuginn munu skipin flytja að minnsta kosti tíu milljónir tonna af áli og aðföngum fyrir álver Alcoa í Noregi og á Íslandi.

*Hver var hugmyndafræðin við það að fjárfesta í Icelandic Ibérica í lok árs 2016?*

„Hjörleifur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og útgerðirnar FISK-Seafood, Jakob Valgeir og Nesfiskur, auk mín, keyptu félagið af Framtakssjóði Íslands. Hugmyndin var fyrst og fremst að efla sölustarfsemina í Suður-Evrópu til hagsbóta fyrir fyrrnefndar útgerðir og aðra birgja félagsins sem höfðu selt Icelandic Ibérica fisk. Það gekk afar vel.

Við bættum jafnframt argentínurækju við framboðið okkar og náðum góðum tökum á landvinnslu í Argentínu. Vorið 2018 veittum við því athygli að Mark Holyoake, sem hafði verið meirihlutaeigandi Iceland Seafood, seldi hluta af eign sinni í fyrirtækinu og var ekki lengur í meirihluta. Þá vaknaði sú hugmynd hvort það væri ekki rökrétt að sameina þessa keppinauta enda var meginhugmyndafræði Iceland Seafood að vaxa með kaupum á fyrirtækjum í fullvinnslu og nálægt mörkuðum.“

**Spilunum ekki haldið of þétt**

*Fram hefur komið í fjölmiðlum að ávöxtun ykkar hafi verið afar góð. Virði fyrirtækisins fjórfaldaðist á einu og hálfu ári?*

„Já, verkefnið gekk afar vel. Þrennt kom til: okkur tókst að draga úr kostnaði, fjárfestingin í Argentínu lukkaðist og náið samstarf á milli útgerða og fullvinnsluaðila skilaði sér í auknum verðmætum. Þessir aðilar töluðu meira saman, hvort sem það laut að vöruþróun, framleiðslustýringu eða birgðahaldi. Reksturinn verður auðveldari þegar spilunum er ekki haldið of þétt upp að brjóstinu heldur er upplýsingum deilt og unnið náið saman. Það var lykill að því hve vel gekk.

Það er mikilvægt fyrir útgerðir að skilja hvað er að gerast á mörkuðum og fyrir seljendur að þekkja betur rekstur útgerða. Það er best tryggt í gegnum eignarhald og að borin sé gagnkvæm virðing fyrir starfi hver annars.“

**Fyrir utan Ísland**

*Þú hefur setið fjölda funda með mögulegum fjárfestum í aðdraganda hlutafjárútboðs Iceland Seafood. Hvað eru fagfjárfestar að spyrja um á fundunum?*

„Það sem er áhugavert er að fjárfestar horfa til þess að flest önnur félög sem skráð eru í Kauphöllina snúast mikið um íslenska markaðinn og þá krafta sem hér eru að verki, hvort sem það er minni ferðamannastraumur, áhersla á kostnaðaraðhald eða annað sem er á döfinni í efnahagslífi í samdrætti eða litlum vexti.

Við erum annars konar fjárfestingarkostur. Við störfum fyrst og fremst fyrir utan Ísland. Af 620 starfsmönnum eru innan við 30 hérlendis og allar okkar fjárfestingar munu liggja utan Íslands. Þar liggja tækifærin okkar.

Að sama skapi, eftir því sem sjóndeildarhringurinn víkkar og tækifærin verða fleiri, eykst áhættan og óvissan.

Af þeim sökum er mikið spurt um þróun á alþjóðlegum vettvangi og útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Það eru óveðursský á lofti á einhverjum stöðum, eins og mögulegt tollastríð Evrópusambandsins við Bandaríkin og tollastríð þess síðarnefnda við Kína. Það er auk þess spurt um aðgang okkar að hráefni, sem við metum góðan, og mögulega hagsmunaárekstra því stórir hluthafar eru jafnframt birgjar. Það er tæpt á fjölmörgum atriðum.“

**Góður grunnur**

*Eru spurningar þeirra svipaðar og þær sem þú spurðir þig þegar þið fjárfestuð í Icelandic Ibérica sem síðar sameinaðist Iceland Seafood?*

„Bæði og. Ég hef verið mikill aðdáandi sjávarútvegs sem atvinnugreinar á Íslandi og aðdáandi fisks sem matar. Þegar ég starfaði hjá FBA og síðar Íslandsbanka/Glitni var lögð rík áhersla á alþjóðlegan sjávarútveg. Þegar ég lét af störfum hjá bankanum áttum við í viðskiptum við 10 af 20 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum í heimi. Í mínum huga hefur ávallt verið heillandi að tengjast starfsgreininni. Útgerðarfólk er líka skemmtilegt og lifandi fólk sem gaman og gefandi er að umgangast.

Ég hef trú á að verðmæti villts fisks sem próteingjafa muni vaxa. Þess vegna tel ég skynsamlegt að fjárfesta í greininni. Svo þarf stöðugt að laga reksturinn að breyttum neysluvenjum, kröfum neytenda, aukinni umhverfisvitund og tæknibreytingum. Í grunninn teljum við þetta gott viðskiptamódel til að byggja á.“



Frosti Ólafsson var ráðinn forstjóri ORF Líftækni fyrir tveimur árum en hann var áður framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs á árunum 2013 til 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# ORF hefur metnað til að margfaldast

**Frosti Ólafsson, forstjóri ORF Líftækni, segir fá íslensk neytendavörumerki komin jafnlangt á erlendum mörkuðum og Bioeffect. Söluverðmætið er á bilinu 7 til 8 milljarðar króna á alþjóðavísu. Fær fjölda fyrirspurna frá erlendum sjóðum og fyrirtækjum.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Þetta er nógu stór markaður til að við getum margfaldast að stærð og fyrirtækið hefur metnað til að halda áfram að vaxa af krafti," segir Frosti Ólafsson, forstjóri ORF Líftækni, sem er í miklum vaxtarfasa. Tekjur félagsins námu 1,6 milljörðum króna á síðasta ári og jukust um 30 prósent á milli ára. Þá nam hagnaðurinn 161 milljón króna og fjórfaldaðist yfir sama tímabil.

ORF Líftækni hefur þróað tækni til að framleiða sérvirk prótein í byggi, en aðferðin er afrakstur áratuga vísinda- og þróunarstarfs. Prótein þessi, oft kölluð vaxtarþættir, eru notuð sem innihaldsefni í Bioeffect-húðvörur fyrirtækisins, seld til læknisfræðilegra rannsókna og nýtt í önnur þróunarverkefni fyrirtækisins. Bioeffect er hins vegar langstærsta tekjustoðin.

„Margir gera sér ekki alveg grein fyrir því hversu langt vörumerkið er komið á erlendum mörkuðum. Smásöluverðmæti Bioeffect á alþjóðavísu er á bilinu 7-8 milljarðar króna í dag og við erum búin að koma vörunum í allar leiðandi smásölukeðjur á þeim mörkuðum sem við störfum á. Ég held að fá íslensk neytendavörumerki séu komin jafnlangt eða lengra á alþjóðlegum vettvangi," segir Frosti og nefnir í því samhengi 66°Norður og Bláa lónið sem önnur dæmi um velgengni.

Það er hörð samkeppni í framleiðslu og sölu á húðvörum. Aðgangshindranir eru litlar og því spretta upp ný fyrirtæki á hverjum degi. Spurður hvernig fyrirtækið hafi náð að marka sér sérstöðu í slíku umhverfi nefnir Frosti það mikla vísindastarf sem liggur að baki vörunni.

**Smásöluvirði Bioeffect á alþjóðavísu**
(milljónir Bandaríkjadala)




„Sérstaða vörunnar er gríðarlega mikil og í þeim skilningi stöndum við betur en margir á þessu sviði. Það er mjög mikið vísindastarf sem liggur að baki vörunni okkar og fyrstu 7-8 árin í starfsemi ORF Líftækni fóru eingöngu í rannsóknir og þróun. Að vera með vöru sem hefur vísindi og sögu á bak við sig gefur okkur forskot í sölu- og markaðsstarfi," segir Frosti. Tengingin við Ísland hafi auk þess styrkt ímynd vörunnar.

### Erfitt að keppa á Bandaríkjamarkaði

Söluvöxturinn á síðasta ári var mestur á Asíumarkaði þar sem hann nam 67 prósentum á milli ára en ORF hefur auk þess náð góðri fótfestu í Bandaríkjunum. Þar jókst salan um 35 prósent.

„Þarna sjáum við stærstu tækifærin. Okkur hefur gengið vel að hasla okkur völl í Asíu, bæði í Japan og Kína, og nú síðast í Kóreu. Á síðasta ári var slagkrafturinn mestur á þessu svæði. Við förum ekki inn á Bandaríkjamarkað fyrr en í árslok 2016 og höfum náð ágætis fótfestu þar.

En þetta er að mörgu leyti erfiðari markaður. Það eru enn meiri læti og samkeppni á snyrtivörumarkaðinum í Bandaríkjunum en annars staðar og í því samhengi lítum við á Bandaríkin sem verðuga áskorun. Ef við náum virkilega að brjótast í gegn á Bandaríkjamarkaði þá teljum við að það muni á endanum skila sér víðar. En ég myndi ekki mæla með því fyrir íslensk vörumerki að byrja á þeim markaði enda vorum við búin að selja Bioeffect í 6-7 ár þegar við hófum innreiðina í Bandaríkin."

*Er á dagskrá að skrá ORF Líftækni á markað til að ýta undir frekari vöxt á alþjóðavísu?*

„Það hefur að minnsta kosti ekki verið tekin nein ákvörðun um slíkt en umræðan um fjármögnun fyrirtækisins er tekin reglulega. Eftir því sem þú stækkar á snyrtivörumarkaði þarftu að fjárfesta þeim mun meira í sölu- og markaðsstarfi á alþjóðlegum grundvelli. Það setur okkur ákveðnar vaxtarskorður en við erum aftur á móti komin í þá forréttindastöðu að vera með sjálfbæran rekstur. Við þurfum sem sagt ekki að sækja fjármagn til okkar hluthafa til að standa undir vextinum," segir Frosti.

> **Það er okkar stefna í dag að byggja upp sem mest verðmæti í gegnum núverandi hluthafahóp. Og það hefur gengið býsna vel hingað til.**

„Skráning er ein leið til að afla fjármuna til að ýta undir frekari vöxt en það eru ýmsar aðrar leiðir sem standa til boða í því samhengi. Við getum sótt erlent fjármagn í gegnum sjóði eða jafnvel unnið með alþjóðlegu stórfyrirtæki að frekari uppbyggingu á vörumerkinu. Það líður varla sá mánuður að við fáum ekki fyrirspurnir frá erlendum sjóðum eða stórfyrirtækjum. Það er aftur á móti okkar stefna í dag, og verður það þangað til annað kemur í ljós, að byggja upp sem mest verðmæti í gegnum núverandi hluthafahóp. Og það hefur gengið býsna vel hingað til."

### Fleiri snertifletir

ORF opnaði í síðustu viku gestastofu í Grænu smiðju fyrirtækisins í Grindavík. Græna smiðjan er vistvænt 2.000 fermetra hátæknigróðurhús sem nýtir jarðvarma, íslenskan vikur og hreint, íslenskt vatn til þess að rækta byggplöntur. Gróðurhúsið getur hýst allt að 130 þúsund byggplöntur á sama tíma.

„Hugmyndin er í grunninn sú að ferðamenn séu í snertingu við vörumerkið á ólíkum stöðum í ferðalaginu. Við erum sýnileg á helstu verslunarstöðum landsins og salan um borð í flugvélum er mjög sterk, en okkur fannst ekki nóg að vera með vörurnar fyrir framan ferðamennina heldur vildum við líka gera þeim kleift að kynnast sögunni og vísindunum sem liggja að baki," segir Frosti.

### Hagnýting á ýmsum sviðum

Vaxtarþættir eru nýttir af öðrum snyrtivörufyrirtækjum en ORF var fyrst til að notast við vaxtarþætti sem eru framleiddir gegnum plöntukerfi. Það gefur fyrirtækinu forskot í gæðum og ímynd að sögn Frosta en ORF hefur ekki sótt um einkaleyfi á tækninni. „Það er tvíeggjað sverð að fara þá leið vegna þess að þú þarft að opinbera tæknina á bak við kerfið um leið og þú sækir um einkaleyfi. Við ákváðum að verja frekar tæknina í gegnum innanhússþekkingu og viðhalda þannig tæknilega forskotinu."

Þá segir Frosti að fyrirtækið sé að skoða ýmis önnur tækifæri í notkun á vaxtarþáttunum samhliða uppbyggingu á Bioeffect, meðal annars útvíkkun á húðvörulínunni til að hún geti nýst sem meðferðarúrræði. Vaxtarþættirnir geti auk þess nýst við ræktun á kjöti með stofnfrumum. Sú aðferð er í dag kostnaðarsöm en búist er við að með tímanum verði unnt að koma slíkum vörum á neytendamarkað. Þá er ORF að skoða svokölluð sætuprótein sem geta komið í stað sykurs og hefðbundinna sætuefna.

# Byggir upp nýtt teymi með nýrri sýn

## Svipmynd

**Katrín M. Guðjónsdóttir**

**Nám:**
MBA, Háskóli Íslands.
BA-próf í markaðsfræði og grafískri hönnun.

**Störf:**
Ég hef 15 ára reynslu í markaðsmálum, stefnumótun og vörumerkjastjórnun. Hef starfað sem markaðsstjóri olíufélaganna Skeljungs og N1, var markaðsstjóri Innness auk þess að starfa að markaðsmálum fyrir Símann. Sat í framkvæmdastjórn hjá fjártæknifyrirtækinu Alva. Er stjórnarformaður hjá Manino og sit í stjórn Ímarks.

**Fjölskylduhagir:**
Gift Pétri Arasyni M.Sc. rekstrarverkfræðingi, stofnanda og eiganda Manino. Saman eigum við þrjú börn; Sunnevu Rán, meistaranema í rekstrarverkfræði, Þórunni Sölku, bachelornema í markaðsfræði, og Pétur Ara menntaskólanema. Við eigum eitt barnabarn, Yrju Katrínu, sem er tveggja ára. Síðast en ekki síst þá eigum við hundinn Prelsa sem er sjö ára enskur cocker spaniel.



Katrín segist hafa væntingar um stóra sigra í nýja starfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Fjölmargar bækur hafa haft áhrif á mig en sú allra fyrsta var bókin um Línu Langsokk sem er sterk fyrirmynd fyrir margar konur.

Katrín M. Guðjónsdóttir er nýr sviðsstjóri markaðsmála hjá tæknifyrirtækinu Men&Mice. Katrín segir að síðastliðin ár hafi fyrirtækið lagt mikla áherslu á vöruþróun en nú sé stefnan sett á að byggja upp sterkja vörumerkjavitund erlendis.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég fæ kraft og næringu með því að vera úti í náttúrunni og leika mér. Ég stunda fjallgöngur, skíði, fjallahjólreiðar og fluguveiði. Ég get líka flokkað skemmtileg ferðalög, menningu og matarboð með góðum vinum sem áhugamál. Mér finnst mikilvægt að rækta garðinn minn og geri það t.d. með því að fara með ömmu minni á myndlistarsýningar.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég fer á fætur og drekk glas af fersku sítrónuvatni, þar næst geri ég graut sem ég hef þróað í mörg ár en hann inniheldur 50% af alls konar fræjum og 50% af hafragraut. Ég læt grautinn jafna sig, fer hring með hundinn, borða og fæ mér kaffi. Mér finnst best þegar ég hjóla í vinnuna og get fyllt á súrefnistankinn fyrir daginn en það gengur þó ekki alltaf upp vegna funda og þess háttar.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Fjölmargar bækur hafa haft áhrif á mig en sú allra fyrsta var bókin um Línu Langsokk sem er sterk fyrirmynd fyrir margar konur. Annars þá finnst mér sú bók sem ég les hverju sinni, vera sú bók sem hefur mestu áhrifin. Ég er að lesa tvær bækur sem stendur, önnur er bókin Becoming eftir Michelle Obama sem er mögnuð sjálfsævisaga með sterkum skilaboðum. Hin bókin heitir Educated eftir Tara Westover og fjallar um stúlku sem elst upp hjá foreldrum sem hafa enga trú á menntun. Hún þarf ung að velja leið sem markar hennar framtíð, um leið brýtur hún hefðir og treystir á sjálfan sig.

*Hverjar eru stærstu áskoranirnar í markaðssetningu hjá tæknifyrirtæki á borð við Men&Mice?*

Að sækja aukna markaðshlutdeild beggja vegna Atlantshafsins og auka vörumerkjavirði almennt í alþjóðlegu umhverfi. Samkeppnisaðilar okkar eru stórir en Men&Mice er að mörgu leyti með betri og þróaðri vöru. Helstu áskoranir á næstu mánuðum eru að vekja frekari athygli á vörunni á erlendri grundu. Heildarmarkaðurinn er að stækka og við ætlum okkur að taka stóran hlut af þeirri köku sem og hlutdeild af núverandi samkeppni.

*Hvaða tækifæri eru fram undan hjá Men&Mice?*

Ég er að byggja upp nýtt markaðsteymi alveg frá grunni. Ég tel mig vera með nýja sýn í þeim efnum og skipti teyminu í innra og ytra markaðssvið bæði til að tryggja fagleg gæði og líka út frá rekstrarlegu sjónarmiði. Þegar átt er við ytra markaðssvið þá er um að ræða sérhæfða ráðgjafa t.d. netmarkaðssetningu, vefstofu, auglýsingastofu og almannatengsl. Ég vel að gera þetta með ólíkum, minni og sérhæfðari ráðgjafarfyrirtækjum sem ég hef valið af kostgæfni.

Síðastliðin ár höfum við lagt mikla áherslu á vöruþróun en stefnum nú á að vera markaðsdrifið fyrirtæki. Næsta skref er að byggja upp sterka vörumerkjavitund erlendis.

*Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?*

Ég hlakka til að takast á við nýjar áskoranir í nýju starfi, raða saman rétta fólkinu, fara inn á markaðinn með miklar væntingar um stóra sigra. Einnig hlakka ég til að taka þátt í Landvættinum á næsta ári með góðum vinkonum.

*Hvar sérðu þig eftir 10 ár?*

Eftir tíu ár stýri ég alþjóðamarkaðssviði Men&Mice með fjölda starfsstöðva um allan heim. Við verðum búin að ná okkar markmiðum með stóra markaðshlutdeild á okkar sviði. Ég verð vonandi við hestaheilsu með allt mitt góða fólk í kring um mig.

# Þungi hagstjórnar færist frá peningamálum til ríkisfjármála



**Lilja D. Alfreðsdóttir**
mennta- og menningarmálaráðherra og situr í ráðherranefnd um efnahagsmál

> Stöðugleikaframlög og aðferðafræðin við uppgjör föllnu bankanna hafa átt ríkan þátt í því að þessi hagfellda staða er uppi í ríkisfjármálum.

Lágvaxtaumhverfi hagkerfa er staðreynd á alþjóðavísu. Staðan sem uppi er í alþjóðakerfinu er án fordæma í nútímahagsögunni, þar sem hátt atvinnustig hefur jafnan verið ávísun á aukna verðbólgu. Sú hefur þó ekki verið raunin síðustu árin. Til dæmis er atvinnuleysi í Bandaríkjunum nú um 3,5% en verðbólga aðeins 1,4%. Þar, líkt og víða annars staðar, bendir ýmislegt til að á næstunni verði hagstjórnin í auknum mæli í höndum hins opinbera, sem taki að sér að örva hagkerfið í niðursveiflu. Minni verðbólga í hagkerfum heimsins á sér einkum þrjár skýringar. Í fyrsta lagi hefur þeim hagkerfum sem settu sér verðbólgumarkmið í kringum árið 2000 tekist að stýra verðbólguvæntingum. Í öðru lagi hefur hið opna hagkerfi, þar sem vörur, þjónusta og fjármagn flyst á milli hagkerfa, aukið hagkvæmni í viðskiptum. Í þriðja lagi hafa tækniframfarir og sjálfvirknivæðing lækkað framleiðslukostnað.

### Hagvöxtur og atvinnulífið

Mikill hagvöxtur hefur einkennt íslenskt efnahagslíf síðustu misseri. Horfur hafa þó versnað tímabundið, meðal annars vegna minnkandi umsvifa í ferðaþjónustu og loðnubrests. Hægst hefur á hagvexti og spár gera ráð fyrir 0,2% samdrætti í ár. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar á fyrsta fjórðungi var hins vegar jákvætt um sem nemur 4,4%. Áfram er vöxtur í einkaneyslu og samneyslu, þrátt fyrir að hann sé hægari en áður. Spár gera ráð fyrir að fjárfesting minnki um 5%. Atvinnuleysi er enn lágt í alþjóðlegu samhengi eða um 3,5%. Brýnt er að efnahagsaðgerðir nú aðstoði þjóðarbúið við að ná viðspyrnu.

### Sjálfstæð peningastefna stendur vaktina og veitir svigrúm

Á þessu ári hefur verðbólga hjaðnað milli ársfjórðunga og nýjustu mælingar sýna 3,1% verðbólgu á þriðja fjórðungi. Verðstöðugleiki hefur aukist og verðbólga verið um 3% síðustu þrjú ár, en var að meðaltali um 8% á árunum 2006-2008. Langtímaverðbólguvæntingar hafa verið lægri undanfarin ár og nær verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Undanfarið hafa vextir verið lægri en þeir voru fyrir fjármálakreppuna, hvort sem litið er til meginvaxta Seðlabankans eða langtímavaxta á skuldabréfamarkaði. Þrátt fyrir spennu í þjóðarbúinu hefur verðbólga verið töluvert minni síðustu ár en við lok síðasta þensluskeiðs. Þessi staða hefur gefið Seðlabankanum svigrúm til að lækka vexti. Gengisþróun er í ríkari mæli grundvölluð á undirliggjandi efnahagsþáttum og því hefur verðbólguþróun verið stöðug.

### Bolmagn heimila og fyrirtækja

Skuldir heimila og fyrirtækja hafa minnkað mikið síðastliðinn áratug. Skuldir heimilanna námu í árslok 2018 um 75% af landsframleiðslu og höfðu lækkað um 45% frá árslokum 2008. Ástæður þessarar lækkunar eru meðal annars aðgerðir stjórnvalda í skuldamálum heimilanna, eins og Leiðréttingin og fleiri aðgerðir, auk þess sem ráðstöfunartekjur hafa aukist verulega. Kaupmáttur launa hefur aukist um 24% frá árinu 2007, þannig að hagur heimilanna hefur styrkst mikið. Skuldalækkun fyrirtækja er enn meiri, en í fyrra námu skuldir þeirra um 88% af landsframleiðslu en voru mestar 228% af landsframleiðslu árið 2008. Ánægjulegt er líka að sjá skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera í erlendri mynt hafa lækkað verulega og því eru áhrif gengislækkunar mun minni nú en fyrir áratug. Þessi hagfellda staða heimilanna og fyrirtækjanna gerir þeim betur kleift að mæta niðursveiflu hagkerfisins en ella.

### Fjárfestingar hins opinbera sveiflist á móti hagsveiflunni

Staða ríkissjóðs Íslands er sterk. Heildarskuldir hafa lækkað mjög hratt frá fjármálahruni, farið úr 90% af landsframleiðslu í 23%. Stöðugleikaframlög og aðferðafræðin við uppgjör föllnu bankanna hafa átt ríkan þátt í því að þessi hagfellda staða er uppi í ríkisfjármálum. Staðan gerir stjórnvöldum kleift að koma til móts við hagsveifluna og búa til svigrúm. Vegna þessa er stefnt að því að afgangur af heildarafkomu ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verði að lágmarki í jafnvægi árin 2020 og 2021, en afgangur verði um 0,3% árið 2022. Afkoman mætir því þörfum efnahagslífsins til samræmis við breyttar horfur án þess þó að víkið verði tímabundið frá fjármálareglum um afkomu og skuldir eins og lög um opinber fjármál heimila. Rétt er að nefna, að ríkissjóði hafa aldrei áður boðist jafngóð kjör á skuldabréfamörkuðum og nú.

Ljóst er að þróttur íslenska hagkerfisins er umtalsverður og hið opinbera mótar stefnu sína út frá breyttum forsendum til að koma til móts við hagsveifluna. Íslenska hagkerfið er undirbúið fyrir niðursveiflu og hið opinbera kemur til móts við hana með skattalækkunum og auknum opinberum framkvæmdum.

## Skotsilfur

### Hvað næst?



Það ætlar ekki af Arion banka að ganga. Dótturfélag hans, Valitor, hefur verið rekið með um 5 milljarða tapi síðustu 18 mánuði og í fyrradag var tilkynnt að aukið tap Valitors á þriðja fjórðungi hefði neikvæð áhrif á bankann sem nemur 900 milljónum. Fyrirtækið hefur lagst í mikla fjárfestingu samhliða alþjóðlegum umsvifum sem væntingar hafa verið um að myndu skila sér í auknum verðmætum. Í síðustu viku skipti Arion út meirihluta stjórnarmanna. Þykir sú breyting til marks um að farið sé að hitna undir stól **Viðars Þorkelssonar**, forstjóra félagsins til níu ára.

### Undir þrýstingi



Bandarísk stjórnvöld hafa farið í hart gegn Huawei og er fyrirtækjum þar í landi bannað að nota fjarskiptabúnað frá kínverska fjarskiptarisanum. Varaforseti Bandaríkjanna varaði íslensk stjórnvöld sérstaklega við að nota slíkan búnað í heimsókn sinni á Íslandi. Bæði Nova og Sýn nota búnað frá Huawei en helmingseigandi Nova, sem stýrt er af **Margréti Tryggvadóttur**, er bandaríska félagið PT Capital. Ætla má að bandarísk stjórnvöld séu óánægð með tengsl þess við Huawei og að þau séu að þrýsta á fyrirtækið.

### Gæti klikkað



**Ragnar Þór Ingólfsson**, formaður VR, reynir að fá lífeyrissjóði til að fjármagna húsnæðisfélagið Blæ sem á helst að vera góðgerðarstofnun. Til að lokka sjóðina að sagði hann að raunhækkun húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu frá 1997 væri rúmlega fjögur prósent. Lífeyrissjóðir eru ekki braskarar sem selja húsnæði til að leysa út verðhækkanir. Hækkunin, ef það er forsenda, yrði að vera í formi húsaleigu. Hún gæti rokið upp í góðæri. Formaðurinn þarf að beygja sig undir markaðslögmálin vilji hann koma á fót húsnæðisfélagi með annarra manna fé.

## Tollastríð Bandaríkjanna og Kína dregur úr hagvexti á heimsvísu




Hagvöxtur á heimsvísu í ár verður með minnsta móti frá fjármálahruni, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, um þrjú prósent. Tollastríð Bandaríkjanna og Kína leiði til stöðnunar í alþjóðlegum viðskiptum. Gopinath, aðalhagfræðingur sjóðsins, segir að seðlabankar grípi til vaxtalækkana til að vega upp á móti mistökum stjórnvalda. Það sé takmörkuð auðlind. Seðlabankar geti því mögulega lítið beitt sér þegar hagkerfin kólna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Orkusækinn iðnaður skapar þjóðhagslegan ávinning



**Ingólfur Bender**
aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Fyrr á þessu ári var haldið upp á að 50 ár eru liðin síðan álverið í Straumsvík hóf starfsemi. Landsvirkjun fagnaði 50 ára afmæli sínu 2015 en fyrirtækið var á sínum tíma stofnað í kringum byggingu Búrfellsvirkjunar, sem var fyrsta stórvirkjun Íslendinga, en skilyrði fyrir lánveitingu til virkjunarinnar var samningurinn um álverið í Straumsvík. Markaði þetta upphaf orkusækins iðnaðar hér á landi og uppbyggingu á tengdu raforkukerfi. Allar götur síðan hefur saga orkusækins iðnaðar og raforkukerfisins verið samofin og sú uppbygging verið til hagsbóta fyrir heimili og fyrirtæki í landinu.

Á þessu 50 ára tímabili hefur landsframleiðsla á mann, sem er einn mælikvarði á efnahagslega velmegun, farið úr því að vera til jafns við meðaltal Evrópu yfir í að vera nú tæplega 50% meiri. Á þessu 50 ára tímabili hefur því skilið verulega á milli efnahagslegrar velmegunar hér á landi og í flestum öðrum Evrópuríkjum.

Fjölmargir þættir skýra þessa miklu og jákvæðu breytingu í lífskjörum landsmanna. Stór hluti skýringarinnar er hins vegar sá að á þessum tíma tóku Íslendingar að nýta ríkulegar orkuauðlindir landsins í meiri mæli en verið hafði en fram að þeim tíma hafði gjaldeyrissköpun Íslendinga nær alfarið byggst á sjávarútvegi. Vöxtur orkusækins iðnaðar gerði Íslendingum kleift að byggja upp raforkuframleiðslu í stórum skrefum og með hagkvæmari hætti en ella hefði verið.

Á síðustu 50 árum má áætla að framlag stórnotenda raforku til verðmætasköpunar hér á landi hafi verið um 2.100 milljarðar króna. Um 80% þess framlags hafa fallið til á 21. öldinni. Þá er metið beint framlag greinarinnar til landsframleiðslu og óbeint framlag, þ.e. sá virðisauki sem greinin skapar í viðskiptum sínum við aðrar greinar. Til að setja þetta í samhengi þá var landsframleiðslan í heild hér á landi 2.812 milljarðar króna á árinu 2018.

Fjárfestingar tengdar stóriðju og tengdri raforkuframleiðslu hafa að sama skapi verið miklar á tímabilinu. Samanlagt yfir síðastliðin 50 ár nemur þessi fjárfesting um 1.600 milljörðum. Til að setja þetta í samhengi nam heildarfjárfesting í hagkerfinu, þ.e. heimila, fyrirtækja og hins opinbera, 628 milljörðum á síðasta ári.

Raforkukerfið hefur byggst upp samhliða uppbyggingu á starfsemi orkusækinna iðnfyrirtækja hér á landi. Má í því sambandi nefna að þessi iðnfyrirtæki nota rétt um 80% allrar raforku í landinu. Önnur atvinnustarfsemi og heimilin hafa notið góðs af þessari uppbyggingu í auknu orkuöryggi og lægra raforkuverði.

Óstöðugleiki íslenska hagkerfisins hefur meðal annars átt rætur sínar að rekja til einhæfni útflutningsatvinnuvega. Óstöðugt efnahagslegt umhverfi kemur niður á lífsgæðum, framleiðni og innlendri verðmætasköpun. Leiðin að auknum stöðugleika í efnahagslífi íslensku þjóðarinnar á síðustu áratugum fólst í að auka fjölbreytni í gjaldeyrissköpun og byggja upp greinar sem voru óháðar sveiflum í aflabrögðum eingöngu.

Síðustu tvo áratugi hafa gjaldeyristekjur þjóðarinnar vegna stóriðju margfaldast. Gjaldeyrissköpun orkusækinna iðnfyrirtækja er nú orðin meiri en heildargjaldeyristekjur af útflutningi sjávarafurða, eða um 260 milljarðar króna á árinu 2018. Vöxtur þessarar greinar hefur aukið stöðugleika hagkerfisins.

Við höfum verið að sækja okkar efnahagslegu velmegun í starfsemi raforkusækinna iðnfyrirtækja að stórum hluta síðustu 50 ár. Til þess að geta haldið áfram að sækja okkar efnahagslegu velmegun þangað þurfum við að tryggja samkeppnishæfni greinarinnar. Með aðgerðum sem efla samkeppnisstöðuna má tryggja að við byggjum þessa starfsemi áfram upp hér á landi til heilla fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu.

# Orð, efndir og afturhald

**SKOÐUN**



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Miðflokkurinn hefur sótt í sig veðrið. Með markvissum hætti hefur flokkurinn náð að endurheimta fylgið sem tapaðist í kringum Klausturmálið og gott betur. Fylgið er að miklu leyti sótt til Sjálfstæðisflokksins sem sjálfur er í sögulegri lægð. Þessi þróun ætti ekki að koma neinum á óvart.

Í stjórnmálaályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins á síðasta ári voru jafnréttismál og málefni hælisleitenda sett efst á listann. Það var með ráðum gert enda töldu sumir innan flokksins að hann glímdi við ímyndarvanda á þessum sviðum. Þetta var rangt mat á stöðunni.

Flokkurinn glímir vissulega við ímyndarvanda en sá vandi er fólginn í því að flokkurinn virðist getulaus gagnvart hinu opinbera kerfi sem er á sjálfstýringu. Almennir launþegar og atvinnurekendur horfa upp á báknið þyngjast á herðum sér og opinbera starfsmenn leiða launaþróun í landinu. Enginn ráðherra virðist vera tilbúinn að taka slagi, hvorki stóra né litla.

Miðflokkurinn hefur því reynt að fylla tómarúmið á hægri vængnum. Nýlega birti flokkurinn áherslur sínar fyrir þingveturinn og mátti þar finna margt gott, eins og lækkun skatta og það að ríkið þyrfti að fara betur með þá fjármuni sem það hefur til ráðstöfunar. Efst á listanum stóð „Báknið burt“. Hressandi tilbreyting frá sýndarstjórnmálum nútímans.

Eða hvað? Það er nauðsynlegt að taka þessu útspili með miklum fyrirvara enda hafa fæstir þingmenn flokksins haft sérstakan áhuga á að koma böndum á kerfið. Ekki nema kannski formaðurinn. Ætla má að flokkurinn sé einfaldlega með puttann á þjóðarpúlsinum og viti nákvæmlega hvernig eigi að stíla orðræðuna inn á óánægða hægrimenn. Óhjákvæmilega vakna spurningar um hvort orð og efndir geti farið saman. Þá er erfitt að sjá fyrir sér hvernig Miðflokkurinn getur komið í stað Sjálfstæðisflokksins sem borgaralegt afl af málflutningi sumra þingmanna flokksins að dæma.

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, var á meðal gesta í Silfrinu um síðustu helgi. Í umræðu um farveitur á borð við Uber lagðist hann gegn þeim og kallaði hann deilihagkerfið „fínt nafn yfir skattsvik“. Í sama þætti hélt hann því fram að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að hækka erfðafjárskattinn en ekki lækka hann. Það var leiðrétt af öðrum gesti í snatri. Stuttu síðar birti Þorsteinn skoðunarpistil til að halda uppi vörnum fyrir einkasölu ríkisins á áfengi.

Hætta er á því að þeir sem leita að skynsamlegri íhaldsstefnu í Miðflokknum finni mestmegnis illa grundaða afturhaldssemi.

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**89%**

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.







**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum18-49 ára.

# MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is
Instagram fréttablaðsins @frettabladid

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 16. október 2019


## Stjórnarmaðurinn

## Óvirkur markaður

**Eins og gengur** þegar pólitísk óvissa ríkir hefur Brexit haft ýmsar afleiðingar. Þannig hefur sterlingspundið verið veikt allt frá þjóðaratkvæðagreiðslunni 2016. Sama gildir um hlutabréfamarkaðinn sem hefur verið lægra verðlagður en markaðir í Evrópu og Bandaríkjunum samkvæmt nánast öllum mælikvörðum.

**Áhrifin** má sjá til skamms tíma, eins og af skarpri styrkingu pundsins og hækkun hlutabréfavísitölu í síðustu viku þegar ýmislegt benti til að samningar myndu nást um Brexit. Þau má einnig sjá til lengri tíma, líkt og af þeirri staðreynd að alþjóðlegir sjóðir hafa í auknum mæli tekið yfir skráð bresk félög. Ekki bara eru þau seld á lægri margföldurum en sambærileg félög annars staðar, heldur gerir veikt pund þau einnig að ódýrari yfirtökukosti en í eðlilegu árferði. Sérstaklega hefur þetta verið áberandi í tæknigeiranum, þar sem bandarískir sjóðir hafa tekið yfir hvert breska tæknifyrirtækið á fætur öðru. Auðvitað er þetta ekki annað en markaðshagkerfið í hnotskurn. Fjárfestar munu alltaf sjá tækifæri í eignum sem eru undirverðlagðar.

**Hér á landi** er ekkert Brexit en staðreyndin er þó sú að hlutabréfamarkaðurinn hefur allt of lengi verið afskiptur. Auðvelt er að færa rök fyrir því að allnokkur skráð félög séu undirverðlögð. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, bæði til skamms tíma vegna efnahagsaðstæðna en einnig til lengri tíma og þá mögulega af kerfisástæðum.

**Á Íslandi** hefur það löngum verið vandamál að ekki er nægjanleg velta með hlutabréf, en lágmarksviðskipti þurfa auðvitað að eiga sér stað og á eðlilegum forsendum til að verðmyndun sé virk. Á síðustu árum hafa einkafjárfestar verið að ryðja sér til rúms í auknum mæli, til dæmis í tryggingafélögunum, fjarskiptafyrirtækjunum, olíufélögunum og smásölunni. Markaðsvirði sumra þessara félaga er ekki slíkt að ekki mega hugsa sér að afskrá þau og vinna þannig úr undirliggjandi verðmætum.

**Hættan** við örsmáan hlutabréfamarkað er einfaldlega sú að verðmyndun verði ekki nægjanlega virk og að hlutabréfaverð endurspegli ekki undirliggjandi verðmæti. Við slíkar aðstæður þyrfti ekki að koma á óvart ef félög hyrfu af markaði eitt af öðru, og fjárfestingakostir sjóða og stofnana með.

# Varða Capital tapaði 450 milljónum

Fjárfestingarfélagið Varða Capital, sem er að stærstum hluta í eigu Jónasar Hagan Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar, tapaði um 450 milljónum króna á síðasta ári. Tapið jókst á milli ára en það nam 267 milljónum á árinu 2017.

Tapið má aðallega rekja til niðurfærslu á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum, meðal annars V.M. sem rekur verslanir á borð við Vera Moda og Jack&Jones.

Samkvæmt ársreikningi V.M. var félaginu lagt til nýtt hlutafé upp á 100 milljónir króna í byrjun árs en það var nýtt til að greiða niður vaxtaberandi skuldir. Samhliða var endursamið um afborganir lána. Tap V.M. nam um 128 milljónum á síðasta ári.

Varða Capital kemur að fjármögnun hótelsins við Hörpu og er aðaleigandi Nespresso á Íslandi. Eignir félagsins námu um 2,6 milljörðum króna í lok síðasta árs og eigið fé 966 milljónir. **– þfh**



Jónas Hagan Guðmundsson.

**13.10.2019**

**Ég hef haft umsjón með næstum 30 hótelum og ekkert þeirra hefur verið tilbúið á tilsettum tíma. Þetta er mjög algengt í þessum bransa.**



Richard Friedman, forstjóri Carpenter & Company, aðalfjárfestirinn í Marriott hótelinu við Hörpu





# Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar.

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

**PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is**

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

**Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar**

UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Atvinnuauglýsingar | job

## Umhverfis- og skipulagsstjóri

capacent

Starf umhverfis- og skipulagsstjóra hjá sveitarfélaginu Hornafirði er nú laust til umsóknar. Um er að ræða krefjandi starf fyrir öflugan stjórnanda sem mun leiða og veita faglega forystu umhverfis- og skipulagsmálum sveitarfélagsins. Viðkomandi hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi sviðsins og undirbýr og fylgir eftir þeim málum er varða umhverfis- og skipulagsnefnd sem starfsmaður nefndarinnar.

Upplýsingar og umsókn á
**capacent.is/s/14788**

## Norðurál leitar að sérfræðingum

intellecta

Norðurál óskar eftir að ráða öfluga starfskrafta.

- Sérfræðingur rafbúnaðar
- Sérfræðingur iðnstýringar
- Sérfræðingur vélbúnaðar

Nánari upplýsingar veita
Torfi Markússon
**(torfi@intellecta.is)**
og Ari Eyberg
**(ari@intellecta.is)** í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með
**21. október 2019.**
Umsókn óskast fyllt út á
**www.intellecta.is**

## Forstöðumaður mötuneytis

intellecta

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns í sameinuðu mötuneyti sveitarfélagsins. Mötuneytið er á hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli en einnig er framreiðsluaðstaða í grunn- og leikskólanum.
Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg
**(ari@intellecta.is)**
og Thelma Kristín Kvaran
**(thelma@intellecta.is)** í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með
**28. október 2019.**
Umsókn óskast fyllt út á
**www.intellecta.is**

## Workshop Manager

Interroll in Iceland is looking for a Workshop Manager for its branch office in Iceland..

For more information please contact:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
**geirlaug@hagvangur.is**
or Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir,
**yrsa@hagvangur.is**

Applications including CV and cover letter must be received by October 23rd 2019 at
**hagvangur.is.**

## Brennur þú fyrir betra samfélagi?

Viltu starfa með kröftugum hópi Eflingar við að bæta kjör hátt í 30.000 félagsmanna í stéttarfélaginu? Félags- og þróunarsvið Eflingar auglýsir eftir verkefnisstjóra fræðslumála og félagsfulltrúa.

- Verkefnisstjóri fræðslumála
- Félagsfulltrúi

Nánari upplýsingar veitir
Geirlaug Jóhannsdóttir,
**geirlaug@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með
**4. nóvember nk.**

## Sérfræðingur

Landssamtök lífeyrissjóða óska eftir sérfræðingi til starfa
Leitað er að öflugum einstaklingi með góða hæfni til að annast greiningu á ýmsum hagstærðum og víðtæka þekkingu og getu til að starfa skipulega og sjálfstætt. Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir góðum samskiptahæfileikum.

**Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir**

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með
**28. október nk.**

## Sjá nánar á job

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

## Fasteignir




**Vel skipulagt og mikið endurnýjað raðhús á einni hæð við Boðahlein 28**

- Stærð 60 fm
- Góður garður
- Sjávarútsýni
- Þjónusta frá Hrafnistu
- Húsið endurnýjað að innan



Verð: **41 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

**MIKLABORG** 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar




STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984
535-1000

## Tilkynningar

HVALFJARÐARSVEIT

## Auglýsing á breytingu deiliskipulags í landi Vatnaskógs.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 8.október 2019 að auglýsa breytingartillögu á deiliskipulagi fyrir Vatnaskóg í Hvalfjarðarsveit sbr. 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða breytingu sem felur í sér að svæði sem er skilgreint leiksvæði í gildandi deiliskipulagi verði breytt í byggingarsvæði fyrir matskála og eldhús.
Heildar byggingarmagn á reit B13 er 393 m².

Deiliskipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og einnig á heimasíðu sveitarfélagsins www.hvalfjardarsveit.is.
Kynningarfundur verður á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar föstudaginn 25.október frá kl. 10:00 – 12:00

Athugasemdum skal skilað fyrir 30. nóvember til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes, eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is merkt "Vatnaskógur".

*11. október 2019*
*Bogi Kristinsson Magnusen*
*Skipulags og umhverfisfulltrúi*
*Hvalfjarðarsveitar*



Ástkær unnusti minn,
faðir, tengdafaðir og stjúpi,
**Einar Bragi Bragason**
hljómlistarmaður og skólastjóri,
er lést föstudaginn 4. október
verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju
föstudaginn 18. október kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja
minnast hans er bent á styrktarfélagið Gleym mér ei.

**Hafdís Rut Rudolfsdóttir**
**Elmar Bragi Einarsson** **Katla Mist Brynjarsdóttir**
**Elísa Björt Einarsdóttir**
**Ágústa Ósk Aronsdóttir** **Anna Kristín Gylfadóttir**
**Heiðrún Svala Aronsdóttir** **Heiðar Bjarki Halldórsson**
**Hrefna Björk Aronsdóttir**



Ástkær faðir okkar,
bróðir, tengdafaðir og afi,
**Sveinn Þórir Gústafsson**
setjari,
lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum laugardaginn
21. september. Útförin hefur farið fram í
kyrrþey. Innilegar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða,
Landakots, Landspítalans bæði í Fossvogi og við
Hringbraut, Heimahjúkrun miðbæjar og allra þeirra sem
studdu hann í veikindum hans.

**Lilja Björk Sveinsdóttir** **Þórður Kristinsson**
**Sveinn Flórentínus Sveinsson** **Ning Siyaphat**
**Gústaf Pálmar Sveinsson** **Felix Gústafsson**
**Thelma Ósk Þórðardóttir** **Hafsteinn Svansson**
**Leonard Sveinsson** **Mikael Sveinsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Auður Guðvinsdóttir**
Njarðarvöllum 6,
Njarðvík,
verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju
fimmtudaginn 17. október kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim, sem
vildu minnast hennar, er bent á Kvenfélagið Gefn í Garði.
Banka- og reikningsnúmer 0157-15-550311 og kennitala
550775-0189.

**F. h. aðstandenda,**
**Þóra Harðardóttir**
**Gígja Harðardóttir**
**Halla Huld Harðardóttir**
**Hugrún Dögg Harðardóttir**
**Jörundur Guðni Harðarson**
**Anna Heiða Harðardóttir**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Pétur Steingrímsson**
Hásteinsvegi 11,
Stokkseyri,
lést sunnudaginn 23. september á
Ljósheimum, Selfossi.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.
Innilegar þakkir til starfsfólks Ljósheima og Kumbaravogs
fyrir góða umönnun.

**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Kristín Helga Pétursdóttir** **Heiðar Birnir Kristjánsson**
**Steinunn Ingibjörg Pétursdóttir**
**Þorbjörg Ósk Pétursdóttir**
**Steingrímur Pétursson** **Agnes Lind Jónsdóttir**
**Guðmundur Valur Pétursson** **Guðný Ósk Vilmundardóttir**
**Gísli G. Friðriksson** **Drífa Valborg Erhardsdóttir**
**Valdimar S. Þórisson** **Lára Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# Námskeið vekur athygli

**Verkefnið Stígum saman í áttina að öflugra samfélagi, sem Þjónustumiðstöð Breiðholts heldur utan um, hlaut Evrópumerkið/European Language Label á Íslandi árið 2019.**

Verkefnið Stígum saman miðar að því að bæta íslenskukunnáttu kvenna af erlendum uppruna á vinnustöðum hér á landi og bjóða upp á starfstengt námskeið til að efla þekkingu þeirra og færni í starfi, fræða þær um réttindi og skyldur og vinna að sjálfstyrkingu þeirra og frumkvæði.

Nicole Leigh Mosty, sem hefur búið hér á landi í tæp 20 ár, lýsir verkefninu nánar.

> **Við reynum að styrkja þátttakendur bæði á vinnustaðnum og úti í samfélaginu.**
>
> Nicole Leigh Mosty

„Við nýtum aðferðafræði við kennslu sem kallast Íslenskuþorp og er viðurkennd af Háskóla Íslands en höfundar að verkefninu Stígum saman erum við Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir. Við byrjuðum á að laga það sérstaklega að störfum á leikskólum þar sem við reynum að styrkja þátttakendur bæði á vinnustaðnum og úti í samfélaginu.“

Nicole segir þær Guðlaugu fara í þrjár heimsóknir á vinnustaðina meðan námskeiðið varir. „Þó að það standi bara í sex vikur skilar það góðum árangri. Þátttakendur fengu leiðsögn hjá okkur Guðbjörgu Stellu í því hvað fleira þeir gætu gert til að valdefla sig og við bentum þeim á námsefni,“ segir hún. „Verkefnið hefur sýnt fram á að nemendur töluðu meiri íslensku að því loknu, sýndu meira sjálfsöryggi og voru reiðubúnari til að takast á við meiri ábyrgð á sínum vinnustað.“ **gun@frettabladid.is**



**Ana Aleksic, fulltrúi nemenda, Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir og Nicole Leigh verkefnastjórar og Elísabet Karlsdóttir, forstöðumaður Gerðubergs, tóku á móti merkinu.**



Ástkær bróðir minn, mágur og frændi,
**Randver Víkingur Rafnsson**
Akursíðu 2, Akureyri,
lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
12. október.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 28. október kl. 13.30.
Jarðsett verður í Hólakirkjugarði, Eyjafjarðarsveit.

**Geirlaug Jóna Rafnsdóttir** **Hörður Hallgrímsson**
**Klara Árný Harðardóttir**
**Guðni Rafn Harðarson**
**Davíð Örn Harðarson**



Elsku pabbi okkar,
tengdapabbi, afi og langafi,
**Ragnar Geir Guðjónsson**
lést 2. október í Reykjavík.
Útför hans fer fram frá
Fríkirkjunni í Hafnarfirði
mánudaginn 21. október kl. 13.00.

**Silja Rut Ragnarsdóttir** **Bjarni Arason**
**Elva Björk Gunnarsdóttir**
**Aron Geir Ragnarsson**
**Thelma Ósk Bjarnadóttir** **Arnar Friðrik Albertsson**
**Kamilla Rós Bjarnadóttir** **Christopher Cannon**
**Soffía Ísabella Bjarnadóttir**
**Hinrik Bjarni Arnarson**
**Annelie Gunnarsdóttir**
**Jessica Gunnarsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför
**Gríms H. Leifssonar**
rafvirkjameistara.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk
Landspítalans Fossvogi fyrir einstaka
umönnun.

**Emil Grímsson** **Rikke Elkjær Knudsen**
**Leifur Grímsson** **Elsa Hrönn Reynisdóttir**
**Sigríður Sif Grímsdóttir** **Árni Arnórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
dóttir, systir, amma og langamma,
**Þorbjörg Kristjánsdóttir**
**(Bobba)**
lést 10. október á Landspítalanum
Hringbraut. Útför hennar fer fram frá
Háteigskirkju 21. október kl. 13.00.

**Erla Sigurðardóttir**
**Elínborg Sigurðardóttir** **Geir B. Geirsson**
**Erla Wigelund**
**Sigrún J. Kristjánsdóttir** **Jóhann Ásmundsson**
**Reynir Ími Árnason, Sæunn Erla Árnadóttir,**
**Karólína Björg Árnadóttir, Þorbjörg Eva Geirsdóttir,**
**Herborg Rut Geirsdóttir, Kristjana Erla Geirsdóttir**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Sigríður Jónsdóttir**
frá Fagurhólsmýri,
Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,
sem lést föstudaginn 27. september
verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn
18. október klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er
bent á Krabbameinsfélagið.

**Ágúst Sigurjónsson** **Sesselja Hrönn Jensdóttir**
**Helga Jónína Sigurjónsdóttir** **Hafsteinn Már Ársælsson**
**Guðný Sigurjónsdóttir** **Svavar M. Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, sonur og bróðir,
**Ingvar Ingvarsson**
frá Birkilundi, Biskupstungum,
sem lést fimmtudaginn 3. október
verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni
laugardaginn 19. október klukkan 13.00.

**Sigrún Lena Ingvarsdóttir**
**Helga Vala Ingvarsdóttir**
**Ingvar Ingvarsson**
**Reuben Jens Ingvarsson**
**Helga Pálsdóttir**
**systkini og aðrir aðstandendur.**

Frjáls framlög — SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK — enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

**907 1081 – 1.000 kr.**
**907 1083 – 3.000 kr.**
**907 1085 – 5.000 kr.**
**907 1090 – 10.000 kr.**



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Reykjavík 10 °C 8
Ísafjörður 5 °C 7
Akureyri 7 °C 3
Egilsstaðir 7 °C 2
Kirkjubæjarklaustur 7 °C 13
Hveravellir 4 °C 5

Austan 8-15 m/s í dag, en 15-23 SA-lands. Þurrt að kalla, en rigning með köflum A-til. Hiti 4 til 12 stig að deginum, mildast S-lands, en kólnar N- og A-til seinnipartinn.

## Fimmtudagur

Reykjavík 7 °C 5
Ísafjörður 2 °C 8
Akureyri 4 °C 2
Egilsstaðir 5 °C 8
Kirkjubæjarklaustur 7 °C 4
Hveravellir 0 °C 10

## Föstudagur

Reykjavík 6 °C 1
Ísafjörður 2 °C 3
Akureyri 1 °C 1
Egilsstaðir 2 °C 4
Kirkjubæjarklaustur 6 °C 1
Hveravellir 1 °C 2

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 vatnsflaumur
5 nálægt
6 í röð
8 þróun
10 tveir eins
11 málmur
12 hal
13 efnasamband
15 líkklæði
17 froða

**LÓÐRÉTT**
1 krydd
2 nám
3 kvk nafn
4 rispan
7 feluorð
9 annast
12 oftar
14 seinka
16 tvíhljóði

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 elgur, 5 nær, 6 áb, 8 gróska, 10 ii, 11 tin, 12 mann, 13 eter, 15 reifar, 17 frauð.
**LÓÐRÉTT:** 1 engifer, 2 læri, 3 gró, 4 rákin, 7 bannorð, 9 starfa, 12 meir, 14 tef, 16 au.

## Skák Gunnar Björnsson

Sudgen átti leik gegn Dutch í London árið 1964.

**1. … Dd1+!! 2. Kxd1 Bg4+ 3. Kc2** (3. Ke1 Hd1#). **3. … Bd1# 0-1.**

Æskan og ellin – skákmótið þar sem kynslóðirnar mætast, verður haldið á sunnudaginn kemur, þann 20. október, í Skákhöllinni í Faxafeni.

**Skak.is:** Öll nýjustu úrslitin.

**Svartur á leik**






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Rowling á glæpaslóðum

**BÆKUR**

**Gauksins gal**
★★★½☆
**Robert Galbraith**

**Þýðandi:** Uggi Jónsson
**Útgefandi:** JPV útgáfa
599 bls.

Metsöluhöfundurinn og skapari Harry Potter, J.K. Rowling, hefur skrifað fjórar sakamálasögur undir dulnefninu Robert Galbraith og líklegt er að bækurnar verði fleiri. Aðalpersóna bókanna er einkaspæjarinn Cormoran Strike og aðstoðarkona hans, Robin Ellacott. Fyrsta bókin í bókaflokknum, The Cuckoo's Calling kom út árið 2013 og fékk góða dóma. Nokkrum mánuðum eftir útgáfu upplýstist að Rowling væri höfundurinn og eins og geta má nærri tryggðu þær upplýsingar metsölu. Nú er þessi bók komin út í góðri þýðingu Ugga Jónssonar og nefnist Gauksins gal.

Spæjarinn Strike er einfættur, nýskilinn við glæsilega og ríka unnustu og býr á skrifstofu sinni. Til hans ræðst aðstoðarkona, hin pottþétta og skynsama Robin sem er nýtrúlofuð. Mál kemur á borð Strike, maður vill að hann rannsaki dauða systur sinnar, frægrar fyrirsætu. Talið er að hún hafi fyrirfarið sér en bróðirinn getur ekki fallist á það. Strike tekur að sér málið og hefur ítarlega rannsókn. Í ljós kemur að fjölskyldusaga fyrirsætunnar er í meira lagi skrautleg en hún var ættleidd. Leitinni að morðingja hennar lýkur á óvæntri uppljóstrun.

Bókin er löng, 600 síður, en þar sem Rowling er góður sögumaður þá kemur það ekki að sök. Þeir lesendur sem eru orðnir þreyttir á ofbeldisfullum glæpasögum fá hér einmitt bók sem þeir geta sökkt sér ofan í. Hér er komin glæpasaga sem er skemmtileg aflestrar, sneisafull af litríkum, en ekki alltaf geðfelldum persónum, og auk morðgátu geymir hún fallega sögu um þróun vináttusambands milli aðalpersónanna tveggja. Lesandinn fylgist með þeim verða ástfangnar hvor af annarri en sjálfar gera þær sér ekki grein fyrir því.

Þegar haft er í huga að Rowling er í hópi frægustu kvenna veraldar og er vellauðug þá er forvitnilegt að skoða hversu grimmilega hún gagnrýnir í þessari bók heim hinna forríku sem haga sér eins og dekurbörn og sökkva sér í dópneyslu.

Gauksins gal er glæpasaga af gamla skólanum (í bestu merkingu þess orðs). Það má finna að lengd bókarinnar en um leið er erfitt að sjá fyrir sér að glæpasagnaunnendum muni leiðast lesturinn. Gauksins gal er einfaldlega stórfín glæpasaga. Vonandi rata framhaldsbækurnar einnig til lesenda á íslenskri þýðingu.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og afar læsileg glæpasaga með áhugaverðum aðalpersónum og litríkum aukapersónum.

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**16. OKTÓBER**

**Hvað?** Kynning og leiðsögn
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Birna Bjarnadóttir kynnir Banff listamiðstöðina í Alberta í Kanada og Karlotta Blöndal, Ragnar Kjartansson og Unnar Örn ræða um verk sín og tenginu við hana. Einnig verður leiðsögn um sýninguna Vistabönd.

**Hvað?** Viltu leggja vísindunum lið?
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Norræna húsið
Málstofa um hlutverk almennings í vöktun og rannsóknum á lífríkinu. Hún fer fram á ensku og er öllum opin.



**Ragnar Kjartansson er meðal þeirra sem koma fram á málþingi í Veröld í dag.**

**Hvað?** Hamingja og andleg heilsa
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Heimspekikaffi í umsjón: Gunnars Hersveins, gestur er Helga Arnardóttir.

**Hvað?** Roy Hargrove Tribute
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Múlinn Jazzklúbbur, Björtuloftum, Hörpu

**Hvað?** Liljur og Maríusöngvar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Akureyrarkirkja
Odense Kammerkor frumflytur Liljur eftir Huga Guðmundsson og Ísland eftir Sigurdísi S. Tryggvadóttur. Auk þess syngur hann önnur verk, m.a. eftir Rachmaninov og Arvo Pärt. Sérstakur gestur er Kammerkórinn Hymnodia. Aðgangur er ókeypis.








Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

**En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!**

FRETTABLADID.IS

Frétta- og samfélagsumfjöllun




Virka daga kl. 6.50

Alþjóðamál, efnahagsmál, ferðamál, stjórnmál og önnur helstu mál líðandi stundar krufin til mergjar. Umsjón: Jóhann Hlíðar Harðarson, Björn Þór Sigbjörnsson og Vera Illugadóttir.




Virka daga kl. 12.55

Upplýst og gagnrýnin umræða um umhverfismál, menntamál, heilbrigðismál, atvinnulíf, vísindi, tækni og margt fleira. Umsjón: Leifur Hauksson og Ragnhildur Thorlacius.




Virka daga kl. 18

Fréttir og fréttaskýringar í útvarpi þar sem kafað er dýpra í málin, þau sett í stærra samhengi og skýringa leitað. Á Rás 1 og Rás 2. Umsjón: Arnar Páll Hauksson, Arnhildur Hálfdánardóttir og Sigrún Davíðsdóttir.




Laugardaga kl. 11

Farið er yfir helstu fréttir vikunnar með fréttaskýrendum og fólkinu í fréttunum. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Anna Kristín Jónsdóttir.

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2017-2018 Ísafjörður - Garður**
**14.10 Mósaík**
**14.55 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990**
**16.10 Sporið**
**16.45 Krónikan**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.26 Sögur úr Andabæ - Ókindin**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt.
**19.50 Menningin**
**20.05 Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón: Egill Helgason. Dagskrárgerð: Einar Rafnsson.
**21.00 Systur 1968** Sænsk þáttaröð í þremur hlutum um Karin, unga blaðakonu sem fær ekki draumastarfið sitt í Stokkhólmi og verður að láta sér nægja að þiggja starf hjá dagblaði í smábænum Ystad. Hún flyst þangað ásamt vinkonu sinni, listakonunni Lottie, og fljótlega valda þær hræringum í samfélaginu. Aðalhlutverk: Mikaela Knapp, Maja Rung og Anna Åström. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Í von um betri tíð** Heimildarmynd þar sem leikstjórinn Hanna Polak fylgir hinni tíu ára gömlu Yulu eftir í fjórtán ár. Yula elst upp á ruslahaugum í útjaðri Moskvu en á sér þann draum heitastan að lifa eðlilegu lífi. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.20 Krónikan**
**00.20 Kveikur** Vikulegur fréttaskýringaþáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringaþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku.
**00.55 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.20 Houston Open** Útsending frá Houston Open á PGA-mótaröðinni.
**12.20 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**13.10 PGA Special. Gary Player. Picture This** Skemmtilegur þáttur frá PGA.
**14.05 Houston Open**
**18.05 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.
**19.00 Golfing World**
**19.50 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**20.45 Italian Open** Útsending frá Italian Open á Evrópumótaröðinni.
**02.00 CJ Cup @ Nine Bridges** Bein útsending frá CJ Cup @ Nine Bridges á PGA-mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show with James Corden**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Single Parents**
**14.15 Ást**
**14.50 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show with James Corden**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 The Good Place**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Survivor**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 Stumptown**
**22.35 Beyond**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 NCIS**
**00.50 The Loudest Voice**
**01.45 The Passage**
**02.30 In the Dark**
**03.15 The Code**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal Eyja Margrét Brynjarsdóttir, heimspekingur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Stormsker**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Birtingur**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30 Where to Invade Next**
**13.30 Middle School: The Worst Years of My Life**
**15.05 Manglehorn**
**16.45 Where To Invade Next**
**18.45 Middle School: The Worst Years of My Life**
**20.20 Manglehorn**
**22.00 We're the Millers**
**23.50 Argo**
**01.50 Resident Evil: The Final Chapter**
**03.35 We're the Millers**

## STÖÐ 2

**07.00 Two and a Half Men**
**07.25 Gilmore Girls**
**08.10 Friends**
**08.35 Ellen**
**09.20 Bold and the Beautiful**
**09.40 Mom**
**10.00 The Last Man on Earth**
**10.25 PJ Karsjó**
**11.00 Bomban**
**11.50 The Good Doctor**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Lóa Pind: Bara geðveik**
**13.35 Grand Designs: Australia**
**14.25 The Great British Bake Off**
**15.25 Í eldhúsi Evu**
**16.00 Jamie's Quick and Easy Food**
**16.35 Born Different**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 First Dates**
**20.20 Ísskápastríð**
**20.55 Grey's Anatomy**
**21.40 The Good Doctor**
**22.25 Orange is the New Black**
**23.25 Room 104**
**23.55 Góðir landsmenn**
**00.25 Mr. Mercedes**
**01.20 Alex**
**02.05 Warrior**
**02.50 Fearless**
**03.35 Fearless**
**04.20 Fearless**

## STÖÐ 3

**19.15 Two and a Half Men**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Splitting Up Together**
**21.15 Roswell, New Mexico**
**22.00 Shetland**
**23.00 Underground**
**23.50 Réttur**
**00.40 Two and a Half Men**
**01.05 The Big Bang Theory**
**01.25 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.10 Noregur - Spánn**
**09.50 Danmörk - Sviss**
**11.30 Valur - Fram** Útsending frá leik Vals og Fram í Olís-deild kvenna.
**13.00 Ísland - Írland** Útsending frá leik í Undankeppni EM U21.
**14.40 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**15.05 Svíþjóð - Spánn**
**16.45 Ísland - Andorra** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**18.25 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**
**19.15 Valur - Haukar** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**21.15 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís-deildarinnar í umsjón Henrys Birgis Gunnarssonar.
**22.45 ÍBV - Afturelding** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**00.15 KR - Valur** Útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**19.05 KR - Valur** Bein útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



Lífið
STÓRSKEMMTILEGT
drullumall
FYRIR BÖRN FRÁ 3 ÁRA OG UPPÚR!
SÝNINGIN SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR
UM HEIMINN SNÝR AFTUR Í TJARNARBÍÓ!
SUN. | 20. OKT | KL. 13$^{00}$
SUN. | 27. OKT | KL. 13$^{00}$
SUN. | 03. NOV | KL. 13$^{00}$
- S.J. FRÉTTABLAÐIÐ
- DV
„ÞAÐ ER ALLT FALLEGT VIÐ ÞESSA SÝNINGU.
ALLAR STJÖRNURNAR Í HÚSINU!“
- G.S.E. DJÖFLAEYJAN
„LÍFIÐ ER YNDISLEG SÝNING!“
- S.B.H. MORGUNBLAÐIÐ
BARNASÝNING ÁRSINS 2015!
Í UPPSETNINGU LEIKHÚSSINS 10 FINGUR SEM SLÓ Í GEGN MEÐ LEIKRITIÐ SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN
LEIKARAR: SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR & SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON
LISTRÆNIR STJÓRNENDUR: CHARLOTTE BØVING & HELGA ARNALDS
MIÐASALA Á TIX.IS OG Í TJARNARBÍÓ
10 FINGUR
LEIKHÚS
TJARNARBÍÓ



Kristín Mjöll starfaði áður sem flugfreyja og hafði því gott aðgengi að góðum vörum sem fást bara erlendis.

# Fullkomin húð í haust

Listakonan **Kristín** hugsar vel um húðina og á góð ráð fyrir þá sem vilja halda húðinni fallegri í haust, hvort sem það er lausn við þurrki og þreytu eða einfaldlega fyrirbyggjandi fyrir vetrarkuldann.

Kristín Mjöll Bjarnadóttir Johnson listakona er mikil áhugamanneskja um fallega, heilbrigða og rétt nærða húð. Nú næða haustvindarnir og víst er að það á eftir að kólna enn frekar á næstunni. Margir kannast við að fá leiðinlega þurrkbletti og að húðin missi ljóma sinn á þessum tíma árs. Því fannst Fréttablaðinu kjörið að fá Kristínu til að deila með lesendum hverjar hennar uppáhaldshúðvörur eru. **steingerdur@frettabladid.is**

## Delikatny Fluid meikið frá Pharmaceris

Ég elska það, ég er með frekar þurra og viðkvæma húð en þetta meik gefur fallega og jafna þekju og endist lengi. Fæ ekki bólur eða þurrkubletti af því. Svo er það með góðri sólarvörn, það er alveg 20 SPF. Hef ekki keypt annað í nokkur ár, en þetta meik fæst í flestum apótekum.



## "Buffet" Copper Peptides 1% frá The Ordinary

Ég nota þetta serum á hverjum degi, helst kvölds og morgna, eftir að ég hef þvegið mér í framan. Ég ber yfirleitt Penzim-ið góða svo á eftir á þegar serumið er farið inn í húðina eða set Herbivore serumið eða Natural Moisturizing Factors + HA Surface Hydration frá The Ordinary fyrir háttinn. – Vörurnar frá The Ordinary er hægt að nálgast á mai.is







## Foundation Primer Radiance og Loose Setting Powder frá Laura Mercier

Farðagrunnurinn gefur fallegan ljóma undir meikið og farðinn helst betur á. Áferðin verður enn sléttari og mýkri. Púðrið er svo algjört „must have". Ég nota það sparlega og bara á þá staði sem ég vil ekki hafa of mikinn gljáa á, til dæmis á hökuna og ennið. Báðar vörurnar er hægt að nálgast í Sephora og á netinu.







## A-Passioni Retinol Cream frá Drunk elephant

Þetta er mjög sterkt retinol-krem og ég mæli með að fara varlega í það. Það gerir húðina jafna og slétta og eyðir fínum línum. Þegar ég nota það blanda ég því alltaf saman við annaðhvort Multi Fusion Vitamin Oil frá Murad eða Emerald Deep Moisture Glow Oil frá Herbivore. Þú gætir flagnað í húðinni daginn eftir svo ég mæli með að hafa dag á milli ef þú ert að fara eitthvað fínt. Fæst í Sephora og á internetinu.



## Ultra Facial Cleanser frá Kiehl's

Hreinsikrem sem þurrkar ekki húðina en skilur hana eftir tandurhreina og mjúka. Keypt á netinu.

## L'Occitane Immortelle Mousse Nettoyante Précieuse

Uppáhalds hreinsiefnið mitt. Milt, gott og ég elska ilminn.





## Dr. Jart+ Hydration Lover rubber mask

Suðurkóreskar snyrtivörur eru bestar. Mæli mikið með þeim. Þessi gúmmímaski kælir, nærir og frískar upp húðina. Tilvalið áður en ég er að fara út eða er þurr og þreytt í húðinni og hana vantar smá TLC. Hann fæst í Sephora eða á netinu.

## Mineralize Skin Finish frá MAC í litnum Soft And Gentle

Ég elska þennan highlighter, set hann á kinnbein, nefbrodd og stundum enni og við efrivör þegar ég mála mig. Náttúrulegur og fallegur ljómi sem kemur af honum, hef átt sömu dósina í tvö ár og það sér varla á henni.





# 10 nýjungar frá Ella's Kitchen




Fingra-
matur







Ávaxta- og
grænmetis-
skvísur










Grænmetis-
skvísa

Kvöldverða-
skvísa













Ella's kitchen organic

Zp
ELSKAÐU LÍFIÐ ♥

WWW.ZALTPROPERTIES.COM

SÓFAR
TAXFREE
Allir sófar á taxfree tilboði*



CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm
145.153 kr.
~~179.990 kr.~~


Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði, seldur sér.

CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm
92.734 kr. ~~114.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir á sófum, sófaborðum og púðum og jafngildir 19,35% afslætti.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN
Sími: 558 1100
Reykjavík Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1 — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —


Annað kvöld fara fram útgáfutónleikar Halldórs Eldjárn fyrir plötuna Poco Apollo í Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Tóngerir tunglferðir

**Halldór Eldjárn** gefur út sína fyrstu sólóplötu í vikunni þar sem hann tvinnar saman sín helstu áhugamál; tónlist, forritun og tunglferðir. Hann heldur útgáfutónleika í Iðnó annað kvöld.

Tónlistarmaðurinn Halldór Eldjárn hefur verið heillaður af geimnum og tunglinu síðan hann var lítill. Í vikunni gefur hann út sína fyrstu sólóplötu þar sem hann tvinnar saman sín helstu áhugamál; tónlist, forritun og tunglferðir. Fréttablaðið settist niður með Halldóri og ræddi við hann um ferlið, útgáfutónleika og hugmyndina á bak við plötuna, sem er heldur óvenjuleg.

„Þetta byrjar eiginlega allt á því að NASA ákveður árið 2015 að opna fyrir aðgang að öllum ljósmyndum sem voru teknar í tunglferðunum. Þannig að á einu bretti urðu aðgengilegar rúmlega 14 þúsund ljósmyndir frá tunglinu," segir Halldór. Myndirnar heilluðu og fylltu hann löngun til að semja út frá þeim tónverk. Og kannski er það ekki skrýtið; Bandaríkjamenn kenndu geimferðaáætlinar sínar við gríska guðinn Appollon. Hann var guð tónlistarinnar og má leiða líkur að því að andagift hans hafi hellst yfir Halldór þar sem hann skoðaði myndirnar.



STUNDUM VAR ÚTKOMAN ÚR MYNDUNUM BARA ALGJÖR NEGLA, EITTHVERT LAG SEM HÖFÐAÐI ROSALEGA TIL MÍN.

## Rúmlega 14 þúsund lög

„Ég er náttúrulega algjört geimferðanörd," útskýrir Halldór. „Þannig að úr varð að ég skrifaði lítið forrit sem getur greint innihald myndar og samið lítið tónverk út frá henni." Halldór er menntaður tölvunarfræðingur og hefur í gegnum tíðina prófað sig áfram með að blanda saman forritun og tónlist.

„Upphaflega er tónverkið Poco Apollo vefsíða sem er aðgengileg á netinu. Þar eru þér sýndar myndir í handahófskenndri röð úr þessu myndasafni NASA og svo er leikið lag undir sem er sérstaklega tileinkað hverri mynd fyrir sig. Þannig að lögin eru jafn mörg og myndirnar, 14.253 að mig minnir." Halldór reynir síðan að útskýra hvernig forritið virkar fyrir hálftækniheftum blaðamanni, sem skilur þó lykilatriðið: „Ef það er mikið inni á myndinni, tunglgrjót og svona, þá verður tónverkið rytmískt og meira í dúr en ef það er lítið á myndinni, kannski bara nánast allt svart og einn lítill hnöttur í miðjunni, verður það meira í moll, mun dekkra og hægara."

Platan er svo unnin út frá forritinu en Halldór fletti í gegnum um hundrað myndir af vefsíðunni og valdi fjórar til að semja stærri verk út frá. „Stundum var útkoman úr myndunum bara algjör negla, eitthvert lag sem höfðaði rosalega til mín. Annað fannst mér hreinlega leiðinlegt, en getur vel verið að einhverjum öðrum finnist það kannski skemmtilegt," segir hann. „En ég valdi þarna fjögur lög sem mér fannst flottust og svo verða sex lög á plötunni; tvö sem verða svona aukaútsetningar á einu þeirra."

## Heltekinn af tunglinu

En hvað er það sem vakti áhuga Halldórs á tunglinu? Eftir langa umhugsun kemst hann að því að líklega megi skrifa delluna á þá félaga Tom Hanks og Kevin Bacon. „Ég horfði ófáum sinnum á myndina Apollo 13 og held að þar hefjist minn geimáhugi. Houston, we have a problem og allt það. Svo er ég orðinn alveg heltekinn af tunglinu þegar ég er svona 14 ára og man eftir mér þar sem ég var að labba í skólann og starði bara á tunglið alla leiðina."

„Þá fór ég oft að upplifa mig öðruvísi. Í staðinn fyrir að ég væri einhver eining hér á jörðinni leið mér oft eins og ég væri hreinlega bara á tunglinu og sæi jörðina að utan," heldur Halldór áfram. „Og það er nú einmitt talað um að menn verði brjálaðir af þessu, þess vegna er það kallað lunatic á ensku. Það eru þeir sem hafa týnt sér í að stara á tunglið."

Halldór heldur útgáfutónleika á morgun í Iðnó þar sem platan verður spiluð í heild sinni. Þeir munu þá hefjast á skemmtilegri viðbót sem er ekki að finna á plötunni, hans eigin persónulegu tengingu við fyrstu tungllendinguna. Hann hefur samið lítið verk í kringum ávarp forseta Íslands frá því árið 1969 þar sem hann fjallaði um þennan ótrúlega áfanga, en það var afi Halldórs, Kristján Eldjárn, sem gegndi þá embættinu. „Þetta er ofboðslega falleg ræða, hann var náttúrulega snilldarræðumaður og talaði mjög fallega og góða íslensku. Mér fannst ég þurfa að semja eitthvað við hana þannig að ég tók ræðuna og samdi lítið lag undir sem verður intróið á tónleikunum."´

Miða á tónleika Halldórs er hægt að nálgast á tix.is. Plötuna Poco Apollo verður hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum frá og með næsta föstudegi.

**ottar@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




# VIÐ ÞEKKJUM VARAHLUTI OG ÞEIR ÞEKKJA OKKUR

**Hágæða varahlutir**



**Bremsuhlutir**



**Gæðaolíur**

KROON OIL

**Varta rafgeymar**

Mikið úrval




**Brenderup kerrur**



**7 verslanir um land allt** **Sími 535 9000**

Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
230 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf








Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Bjarna Karlssonar



## Hvað gerðist?

Fyrst fæðist maður inn í einhverja fjölskyldu og býr þar í tuttugu ár. Öll hin árin er maður síðan að spyrja sig hvað var í gangi þarna?

Eitt algengasta sársaukaefni hins almenna manns varðar léleg samskipti við ástvini. Þar getur margt komið til og stundum er djúpt á lausnum. Eitt er ég þó alltaf að sjá sem mig langar að benda á:

Annars vegar eigum við flest okkar gömlu ástvini sem upphaflega voru í kjarnafjölskyldunni. Hins vegar eigum við líka gömul hlutverk innan fjölskyldunnar sem við báðum ekki um en fengum einhvern veginn í fangið. Margt fólk verður með tímanum svo langþreytt á hlutverki sínu innan gömlu fjölskyldunnar að það fer að hata það. Það nennir ekki lengur að vera alltaf þessi hressa og hjálpfúsa týpa eða tæknitröllið eða sáttamiðlarinn eða svarti sauðurinn eða samkomuhaldarinn eða tertuskreytirinn eða hvar maður einu sinni lenti í hlutverkalottói fjölskyldukerfisins. Og þegar maður þolir ekki lengur gamla hlutverkið sitt er stutt í að manni líði eins og maður þoli ekki fólkið sitt. Þá þarf að tala saman og samþykkja eftirfarandi:

1. Við erum ekki lengur kjarnafjölskylda heldur stórfjölskylda og þurfum hvert á öðru að halda sem slík.
2. Við þurfum ekki að vera sammála um hvað gerðist.
3. Við þurfum ekki nauðsynlega að vera vinir. En þegar við komum saman að gefnum tilefnum eins og skírnum eða nafngjöfum, afmælum, ættarmótum, útskriftum, hjónavígslum og jarðarförum þá sýnum við hvert öðru virðingu. Punktur!

Með því að bera ábyrgð á sjálfum okkur og leyfa öðrum að bera ábyrgð á sér en varðveita virðinguna í samskiptum kynslóðanna hlúum við að tilfinningalegu langtímaminni stórfjölskyldunnar og verðum vitur og farsæl.








